

Bókatiðindi 2020

Getur þú
hugsað þér jól
án bóka?



Kæri bókaunnandi,

Víð lífum á fordæmalausum tímum, er setning sem við höfum oft heyrt á þessu ári og væri væntanlega valin setning ársins, ef slík útnefning væri gerð. Við höfum þurft að horfast í augu við nýjan veruleika sem hvergi var að finna í áætlunum okkar eða framtíðarsýn. Sagan geymir fjölmörg dæmi um ólíka heimsfaraldra en ekki frá okkar tímum eða svo langt sem minni okkar nær. Þá koma bækurnar okkur til bjargar. Margar frásagnir eru varðveittar í bókum um hremmingar forfeðra okkar og krefjandi glímur við fordæmalausar aðstæður eins og eldgos, plágur og farsóttir. Í öðrum bókum getum við svo fundið ýmiskonar skáldskap um framandi aðstæður sem fæst okkar reiknuðu með að gætu orðið að veruleika. Útópískar fantasíur sem skyndilega reynast hættulega nálægt þeim veruleika sem við höfum kynnst á þessu ári. Já, í bókum má finna allskonar svör, jafnvel við spurningum sem okkur hefur aldrei dottið í hug að spyrja um. En bækur veita okkur líka félagsskap, stytta okkur stundir og færa huga okkar nær því sem við efnislega getum ekki nálgast. „Getur þú hugsað þér sóttkví án bóka?“ er því spurning sem flestir hafa svarað neitandi.

En þegar veröldinni er skyndilega snúið á hvolf er gott að staldra við allt það sem faraldurinn hefur ekki áhrif á. Eitt af því er svarið við spurningunni sígildu sem oft hefur þrýtt forsiðu Bókatiðinda, „Getur þú hugsað þér jól án bóka?“. Svarið við henni er alltaf það sama. Því eitt er víst að á óvissutímum er ómetanlegt að geta gengið að því vísu að úrval nýrra bóka er jafn fjölbreytt nú sem áður. Í þessum Bókatiðindum bíða þín ótal sprúðlandi fersk skáldverk eftir nýja, jafnt sem þekktu höfunda, frábært úrval barna- og ungmennabóka ásamt fræði- og handbókum sem varpa ljósi á samtíma okkar, framtíð og fortíð. Að sofna út frá nýrri bók á jólanótt hefur lengi verið ein allra notalegasta jólahefð landsmanna og svo verður einnig í ár.

Gleðileg dæmalaus íslensk bókaútgáfa!

Heiðar Ingi Svansson,
formaður Félags íslenskra bókaútgefenda

Merking tákna í Bókatiðindum

Undir kápumyndum allra bóka má nú finna tákna sem vísa til útgáfuforms. Táknkýringar má finna neðst á öllum kynningarblaðsíðum.

- GOR** Gormabók
- HSP** Harðspjalda bók – allar blaðsíður úr hörðum pappír
- HLB** Hljóðbók
- IB** Innbundin bók – kápuspjöld úr hörðum pappír
- KIL** Kilja
- RAF** Rafbók
- SVK** Sveigjanleg kápa – líkt og kilja en í annarri stærð
- EÚT** Endurútgefin bók

Efnisyfirlit

Barna- og ungmennabækur

■ Myndskreyttar	3
■ Skáldverk	13
■ Fræði og bækur almenns efnis	22
■ Ungmennabækur	24

Skáldverk

■ Íslensk	26
■ Þýdd	35
■ <i>Ljóð og leikrit</i>	44
■ <i>Listir og ljósmyndir</i>	50
■ <i>Saga, ættfræði og héraðslýsingar</i>	51
■ <i>Ævisögur og endurminningar</i>	52
■ <i>Matur og drykkur</i>	56
■ <i>Fræði og bækur almenns efnis</i>	57
■ <i>Útivist, tómstundir og íþróttir</i>	72
■ <i>Höfundaskrá</i>	74
■ <i>Titlaskrá</i>	78
■ <i>Skrá yfir raf- og hljóðbækur</i>	81
■ <i>Útgefendaskrá</i>	82

BÓKATIÐINDI 2020

Útgefandi: Félag íslenskra bókaútgefenda
Barónsstíg 5
101 Reykjavík
Sími: 511 8020
Netf.: fibut@fibut.is
Vefur: www.fibut.is

Hönnun kápu: Halldór Baldursson og Ámundi Sigurðsson

Ábm.: Benedikt Kristjánsson

Upplag: 110.000

Prentvinnsla: Prentmet Oddi ehf., umhverfissvottað fyrirtæki

Dreifing: Póstdreifing og N1

ISSN 1028-6748

Kynntu þér úrvalið á boksala.is.
Heimsendingartilboð á völdum titlum.


Auðvelt
að panta
og fá sent
heim

bóksala stúdenta

Háskólatorgi • s. 570 0777 • boksala@boksala.is • boksala.is

Barnabækur

MYNDSKREYTTAR



100 Drekaskutlur – Brjóttu blað og fljúgðu af stað

Einstaklega litrík skutlubók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Hér færðu tækifæri til að koma þér upp eigin flugflota og senda á loft ógnvekjandi her eldspúandi drekaflauga til árása á óvininn. Þú getur valið um 100 síður sem auðvelt er að losa úr bókinni og brjóta saman í skutlur. Bók fyrir krakka á öllum aldri.

108 bls.

Setberg

IB EÚT



Hæ Sámur

123 – Tölustafirnir

Límmiða- og þrautabók

Þýð.: Elin G. Ragnarsdóttir

Hversu vel þekkir þú tölustafina? Viltu að Sámur og krílin leiði þig frá 1 og upp í 10, með því að nota límmiða til að klára verkefni á hverri blaðsíðu?

Vinalegi hundurinn Sámur hvetur börn til þess að kanna umhverfi sitt og takast á við verkefni í sameiningu.

36 bls.

Drápa

SVK



5 mínútna hetjusögur

Walt Disney

Hér eru 10 ævintýralegar sögur af uppáhaldshetjum þínum frá Disney – um 5 mínútna lestur hver.

Brunaðu áfram á brimbretti með Líló og Stich, farðu í feluleik með Vaiönu eða leystu dularfulla ráðgátu með Mínu og Andrésínu. Tilvalin bók til að lesa við öll tækifæri!

160 bls.

Edda útgáfa

IB



5 mínútna ævintýri

Peter Gotthart

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Einu sinni var ... þannig hefjast mörg þeirra sígildu ævintýra sem við þekkjum og elskum. Í þessari vönduðu bók er að finna 32 ævintýri sem eru endursögð sem 5 mínútna sögur og hugsaðar sem gæðastund fyrir svefninn.

196 bls.

Unga ástin mín

IB



Alls ekki opna þessa bók

Andy Lee

Þýð.: Huginn Þór Grétarsson

Þú mátt ekki opna þessa bók! Leggðu bókina frá þér. Hví ekki að athuga hvort þessi bók passi í RUSLATUNNUNA? Góð hugmynd. Alls ekki opna þessa bók!

Frábær bók sem allir í fjölskyldunni geta haft gaman af.

30 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Allt í plati

Sigrún Eldjárn

Það voru mikil tíðindi þegar *Allt í plati!* kom fyrst út árið 1980 og fram steig nýr og spennandi höfundur með glænýja blöndu af textabók og teiknimyndasögu. Núna þekja allir bókaormar bækur Sigrúnar Eldjárn en fyrsta bókinn hennar, sagan um vinina Eyvind og Höllu, hugsanablöðrur og krókófila, höfðar eins vel til barna nú og þá – enda hugmyndaflugið í hæstu hæðum og allt er í plati!

43 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB EÚT



Appelsínuguli drekinn

Ólöf Vala Ingvarsdóttir

Myndskr.: Ólöf Vala Ingvarsdóttir

Á fallettri eyju í fjarskanum eru spúandi eldfjöll og bullandi hverir. Þar búa líka drekar og því heitir eyjan Drekaland. Dag nokkurn hendir ófögnuður nokkur einn af drekunum, Appelsínugula drekann. Litill karl tekur sér bólfestu í eyranu á honum, syngur þar og trallar og gerir drekanum lífið óbærilegt. Hann leitar víða lækninga við þessum leiða kvilla, en hana virðist hvergi vera að finna. En þegar sameiginlegar hremmingar henda litla karlinn og drekann, neyðast þeir til að taka höndum saman, með óvæntum afleiðingum.

32 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Bergrún Íris

Viltu vera vinur minn?

Vinur minn, vindurinn

Bergrún Íris Sævarsdóttir

Tvær af fyrstu bókum Bergrúnar Írisar endurútgefnar í endurbættri mynd. Fallegar og fróðlegar bækur um vináttuna og vindáttina!

40 bls.

Töfraland – Bókabeitan


IB



Æðisleg bókabúð,
geggjað verð

bóksala.studenta

www.boksala.is




Berrösuð á tánum

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Myndir: Sigrún Eldjárn

Haustið 1995 stökk kötturinn *Krúsílius* alskapaður út úr höfði höfundarins og á eftir fylgdu ótal söngvar sem rötuðu til hlustenda og áhorfenda á öllum aldri í eftirminnilegum flutningi Önnu Pálinu og Aðalsteins Ásbergs. Hér birtist 25 ára afmælisútgáfa þar sem söngljóð og myndir fá að njóta sín til fulls.

58 bls.
Dimma

IB



Bókapakki – Leikum og lærum

4 afþreyingarbækur saman í pakka


Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

4 frábærar bækur til að læra og ná árangri með leik og skemmtilegum verkefnum.

Bækurnar sem eru í pakkanum eru eftirfarandi: Spádómsgoggar, Frádráttur, Samlagning og Litli ferðafélaginn. *Góðar afþreyingarbækur fyrir börn frá fjögurra ára aldri.*

Setberg

IB



Bókapakki – Leikum og lærum

4 afþreyingarbækur saman í pakka

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

4 frábærar bækur til að læra og ná árangri með leik og skemmtilegum verkefnum.

Bækurnar sem eru í pakkanum eru eftirfarandi: 100 Drekkaskutlur, Frádráttur, Samlagning og Litli ferðafélaginn. *Góðar afþreyingarbækur fyrir börn frá fjögurra ára aldri.*

Setberg

IB



Bókapakki – Litlu orðabækurnar

3 harðspjaldabækur saman í pakka

Þýð.: Berglind Kristjánsdóttir

Fallegar ljósmyndir hjálpa yngstu kynslóðinni að þekkja umhverfið og auka orðaforðann. Bækurnar þrjár eru: Fyrstu orðin, Farartæki og Sveitalíf. *Bækur fyrir yngstu kynslóðina.*

Setberg

IB



Bókapakki – Sígild ævintýri

4 sögubækur saman í pakka

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Hans og Gréta, Þrír grísir, Aladdín og töfralampinn, Lísa í Undralandi, Þyrnirós, Öskubuska, Gullbrá og bangsarnir, Mjallhvít, Rauðhetta, Galdrakarlínn í Oz, Gosi og Ljóti andarunginn. *Fallegar sígildar sögur fyrir eins árs og eldri.*

Setberg

IB



Bókapakki – Snúður og Snælda

Allar 8 bækurnar saman í pakka

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Sígildar og vinsælar bækur í 60 ár fyrir yngstu lesendurna um ævintýri og uppátæki Snúðs og Snældu.

Setberg

IB



Depill á bókasafninu

Eric Hill

Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson

Sögustundin er að byrja á bókasafninu ...

En hvar er Depill? Lyftu flipunum og sjáðu hvort þú finnur hann!

Frábær flipabók fyrir yngstu kynslóðina um hundinn ástsæla, Depil.

16 bls.

Ugla

IB



Depill, hvaða hljóð er þetta?

Eric Hill

Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson

Depill, hvaða hljóð er þetta?

Hvaðan kemur það?

Lyftið flipunum og ýtið á takkana til að taka þátt í tónlistarveislunni.

Bók með skemmtilegum tóndæmum fyrir yngstu börnin.

10 bls.

Ugla

IB



Ding! Dong! Komum að leika!

Astley Baker

Þýð.: Klara Helgadóttir

Hringið dyrabjöllunni á meðan þið lesið og sjáið hverjir koma í rigningar-lautarferð Gurru Grís. Skemmtileg hljóðbók sem er tilvalin fyrir alla aðdáendur Gurru.

12 bls.

Unga ástin mín

HSP



Dýrin í skóginum – Litað með vatni!

Fræðandi töfralitabók og afþreying um dýrin fyrir listræn börn

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Í þessari fræðandi töfralitabók geturðu framkallað litríkar dýramyndir, aðeins með því að strjúka vatni yfir þær. Þegar þær þorna er hægt að lita þær aftur og aftur. *Góð bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

56 bls.

Setberg

IB



Eina sögu enn

8 fallega myndskreyttar sögur
Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Átta frábærar sögur sem tilvalið er að lesa með börnunum.

Heilandí persónur og fallegar myndir í sérhverri sögu fylgja börnunum ljúflega inn í skemmtilegan ævintýraheim.

Falleg sögubók fyrir börn frá eins árs aldri.

176 bls.

Setberg

IB



Einhyrningar, álfar og hafmeyjur

Alice-May Bermingham
Þýð.: Bjarki Karlsson

Skemmtilegur kassi með bók og 15 púslbitum til að raða á rétta staði með liflegum myndum til að leika með.

10 bls.

Unga ástin mín

HSP



Ég elska mig

Agnes Marinósdóttir og Hanna Sif Hermannsdóttir

Ég elska mig er bók sem fær börn til að sjá að sama hvornig þeim líður eða hvornig þau hegða sér þá eru þau samt elskuð.

Stundum brosir hún og stundum grætur hún. Stundum er hún góð og stundum er hún frek.

Það er mikilvægt að börn læri að átta sig á tilfinningum sínum og þekkja muninn á þeim.

34 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Ég er eins árs - Skoða, leita og finna

Litrík harðspjaldabók

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Bók sem eykur orðaforða og börnin langar til að heyra meira og skoða. Sérstaklega fallegar og litríkar myndir. Góð bók fyrir börn frá eins árs aldri.

14 bls.

Setberg

IB EÚT



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is



Ég er kórónuveiran!

Hjálmar Árnason
Myndskr.: Fanney Sizemore

Kórónuveiran hoppar á milli fólks.

Hvornig forðumst við hana?

Sóley litla vill ekki þvo sér um hendurnar. Hvað gerist þá?


Og hvað gerist þegar Sóley loksins þvær sér um hendurnar? Hvornig fer þá fyrir kórónaveirunni?

Bráðsnjöll saga með frábærum teikningum fyrir krakka á öllum aldri.

32 bls.

Ugla

IB



Ég er sjálförugg, hugrökk og snjöll

Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson

Ég er sjálförugg, hugrökk og snjöll er skemmtileg litabók. Henni er ætlað að byggja upp sjálfstraust, ímyndunarafl og sköpunargleði stelpna. Hvetjandi bók.

24 bls.

Unga ástin mín

SVK



Ég er tveggja ára - Leita og læra

Litrík harðspjaldabók

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Börn hafa ánægju af því að skoða þessa bók með fallegum, skýrum og litríkum myndum. Textinn er fyrir þá fullorönu til að lesa með barninu.

Góð bók fyrir börn frá tveggja ára aldri.

14 bls.

Setberg

IB EÚT



Ég njósna með Múmínsnáðanum

Snúðu hjólinu

Tove Jansson

Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson

Múmínsnáðinn njósna um alls konar hluti á göngu sinni um Múmíndal.

Snúðu hjólinu á hverri opnu til að koma auga á allt sem hann sér - í garðinum, við ána og á ströndinni.

Ein af hinum sívinsælu Múmínbókum fyrir yngstu börnin.

10 bls.

Ugla

IB

Það er stuð
að lesa bók

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Farartæki – Lyftimyndir

Harðspjaldabók þar sem einhverjð óvænt leynist undir hverjum flípa

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Getur rauði bíllinn komist að því hvaðan drunurnar koma?

Með spennandi lyftimyndum á hverri opnu kemur þessi fjörlega bók virkilega á óvart!

Skemmtileg bók fyrir yngstu börnin.

8 bls.

Setberg

IB



Fánar – Límmiðabók

Fræðandi límmiðabók með fánum

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Lærðu að þekkja alla þjóðfána heims með því að líma þá á rétta staði á kortinu. Hér er um fleiri en 190 fána að velja.

Góð og fræðandi afþreying fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg

IB EÚT



Fíllinn fljúgandi

Þórgímur Þráinsson

Myndir: Auður Ýr Elisabetardóttir

Hvernig kemst fíll alla leið frá Afríku til Íslands? Geta fílar kannski flogið? *Fíllinn fljúgandi* er skemmtileg og spennandi saga fyrir yngstu bókaormana um það hvernig forvitinn fílsungi og hugrakkur strákur verða bestu vinir. Myndir Auðar Ýrar auðga sögu Þórgíms svo úr verður gullfleg bók.

43 bls.

Forlagið – Mál og menning

HSP



Fríða og Ingi bróðir

Steindór Ívarsson

Fríða og Ingi bróðir gerist í Reykjavík 1950 og er ríkulega myndskreytt í anda þess tíma. Fríða er sex ára og nýbúin að eignast bróður. Hún lofar að passa hann alltaf. Það er hins vegar ekki auðvelt. Reynt er að stela honum, hann týnist í miðbænum og á 17. júní dettur Ingi í Tjörnina. Það er fullt starf fyrir Fríðu að vera stóra systir hans Inga bróður.

92 bls.

Ástrikur bókaforlag

IB



Fuglaflipp

Sara Ball


Þýð.: Kristján Freyr Halldórsson

Nú reynir á sköpunargáfuna. Flettu og flippaðu haus, bók og stéli tíu frábærra fugla og gerðu þínar eigin þúsund nýju fuglategundir. Hvernig væri að búa til kólíbrí-snæuglu-strút? Eða pelíkana-kakadúa-skallaörn? Með skemmtilegum staðreyndum á hverri síðu muntu kynnast þínum flippuðu og fiðruðu vinum enn betur.

12 bls.

Sögur útgáfa

HSP



Gosi

Rene Cloke

Þýð.: Steingrímur Steinþórsson

Ævintýri handa börnum í fagurlega myndskreyttri útgáfu.

24 bls.

Skrudda

SVK



Hæ Sámur

GÓÐA NÓTT SÁMUR

Jenny Landreth og Grant Orchard

Þýð.: Elín G. Ragnarsdóttir

Það er háttatími í Krílakoti og krílin eiga erfitt með að sofa. Eiga þau einhvern tíma eftir að sofa og fá SVEFN-MERKID? Komdu og vertu með Sámi í þessari yndislegu sögu sem gleður öll litil kríli, sérstaklega þegar þau fara að sofa.

22 bls.

Drápa

IB



Gréta og risarnir

Zoë Tucker


Þýð.: Anna Lea Friðriksdóttir

Gréta býr í fallegum skógi en risar ógna heimkynnum hennar og dýranna. Þegar risarnir komu fyrst í skóginn hjuggu þeir niður tré til að byggja heimili. Svo hjuggu þeir niður fleiri tré til að byggja stærri heimili. Húsin urðu að bæjum og bæirnir urðu að borgum og nú er varla neinn skógur eftir. Gréta veit að hún þarf að hjálpa dýrunum sem búa í skóginum, en hvernig? Sagan er innblásin af Gretu Thunberg og aðgerðum hennar til að bjarga heiminum.

32 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Gunnhildur og Glóa

Guðrún Helgadóttir


Myndir: Terry Burton og Úlfar Örn Valdimarsson

Suma daga finnst Gunnhildi allt ljótt og leiðinlegt. En einn slíkan dag hittir hún Glóa álfastrák á leikskólalóðinni, hann leggur geislstein í lófa hennar og sýnir henni heiminn í nýju ljósi. Sagan af Gunnhildi og Glóa kom fyrst út árið 1985 og heillaði unga sem aldna. Hér er þessi sígilda saga Guðrúnar Helgadóttur loksins komin út að nýju.

32 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB EÚT



Haninn og þröngu gallabuxurnar

Jessie Miller og Barbara Bakos

Þýð.: Ásmundur Helgason

Haninn er svo spenntur þegar nýju, þröngu gallabuxurnar koma með póstinum; glansandi saumurinn, á gullsleginn hátt – og að koma við efnið; svo glæsilega blátt.

En hvað skyldi öllum hinum dýrunum finnast um hið nýja og töfrandi útlit?

32 bls.

Drápa

IB



Hjól

Litrík harðspjaldabók með hreyfanlegum hjólum
Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Kynntu barninu ýmsar gerðir hjóla á skemmtilegan og gagnvirkan hátt þar sem hægt er að snúa hjólunum fram og til baka.

Góð bók fyrir yngstu börnin.

12 bls.

Setberg

IB



Hófi lærir um hetjur

Monika Dagný Karlsdóttir
Myndskr.: Martine Versluijs

Hófi uppgötvar eftir dag með Sámi, stóra bróður sínum og hetju, að hetjur má finna alls staðar! Hvort sem við vitum það eða ekki, þá er hetja innra með okkur öllum.

Hér er komin fjórða bókin um íslenska fjárhundinn Hófi og vini hennar.

Bækurnar innihalda ríkulegan orðaforða, yndislegan boðskap og fallegar myndir.

Fáanleg á íslensku og ensku.

44 bls.

Hófi ehf.

IB



Hrekkjusvín

Léttlestrarbók
Huginn Þór Grétarsson

Fjallað er um einelti og hvernig hrekkjusvíninu sjálfu líður illa og þarf á aðstoð að halda. Bókin er í flokki léttlestrarbóka Óðinsauga. Nokkrar nýjar bækur koma út í ár. Undraverð dýr, Átvagl, Skjáveiran og Hrekkjusvín.

Skjáveiran opnar á umræðu um skjáfíkn.

20 bls.

Óðinsauga útgáfa

SVK



Hvernig á að kenna ömmu og afa að lesa

Jean Reagan
Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Skemmtileg bók fyrir alla þá sem eru að læra að lesa. Það er gaman að lesa en enn skemmtilegra að lesa fyrir ömmu og afa. Þessi bók er í hinni vinsælu ritröð Hvernig á... sem notið hefur mikilla vinsælda hér á landi sem erlendis. Hvernig á að lesa fyrir ömmu og afa er fyrir alla lesendur, sérstaklega glænýja lesendur.

26 bls.

Bókafélagið

IB



Hvernig líður þér?

Hvernig líður þér, litli björn?
Hvernig líður þér, litli tígur?

Þýð.: Þórdís Hauksdóttir

Sjáðu björninn! Hvernig líður honum? Er tígurinn glaður, leiður eða kannski hræddur? Þú kemst að því með því að snúa stóra hjólinu. Aldrei of snemmt að tala um tilfinningar! Börnin munu læra að þekkja tilfinningar og hafa gaman af hljóðinu sem kemur þegar hjólið snýst. ALDUR BARNIS: 1-5 ára.

14 bls.

Oran Books

IB



Hvíti björninn og litli maurinn

José Federico Barcelona
Þýð.: Ólafur Páll Jónsson


Myndir: Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir

Hvað gerir þínulítill maur sem er aleinn og týndur uppi í fjöllum þegar byrjar að snjóa? Og hvað gerir hvítur björn sem ætlar að sofa heilan vetur en er vakinn aftur og aftur? Þessi fallega bók miðlar mikilvægum gildum á borð við vináttu, að hjálpast að og veita aðstoð. Sagan ýtir einnig undir mál- og líkamsvitund barna í gegnum skemmtilega frásögn.

64 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Íslensku dýrin

Harðspjaldabók – Fallega myndskreytt bók sem fagnar 60 ára afmæli!

Halldór Pétursson

Sígild barnabók, myndskreytt af Halldóri Péturssyni, er nú aftur fáanleg. Þessi vinsæla barnabók hefur komið inn á mörg heimili landsins síðastliðin 60 ár.

Bók fyrir yngstu börnin.

6 bls.

Setberg

IB EÚT



Jói Kassi og horklessan

Konráð Sigurðsson

Jói Kassi lendir í slæmri horklessu sem hann þarf að losna við. Sagan segir frá hvernig hann þarf að fylgja reglum og fyrirmælum. Gamansöm og fræðandi saga og litabók um Covid 19.

24 bls.

Konráð Sigurðsson

KIL



Jólasnábækur

Jólafráttir
Jólafráttir
Jólafráttir
Jólafráttir


Silmon Tudhope

Frábærar bækur í nýjum bókaflökki sem nefnist Snábækur. Skemmtileg dægurvöl fyrir smáar hendur í aðdraganda jóla. Ps. þær eru fullkomnar fyrir jólasveina!

26 bls.

Rósakot

SVK



Best í bókum

bókala.studenta

www.bokala.is



Jólasveinar nútímans


Óliver Þorsteinsson og Tómas Leó Þorsteinsson
Myndskr.: Tómas Leó Þorsteinsson

Erfitt er að kveðja gamlar venjur, sérstaklega fyrir ellismelli eins og jólasveinana. Sumir sveinar ná ekki takt við tímann en aðrir eru að venjast nýrri tíð. Í gamla daga voru þeir algjörir prakkarar og villingar, en í dag þurfa þeir að haga sér. Sumir halda sér við gamla siði, á meðan aðrir gangast undir reglum nútímans. Ketkrókur er orðin vegan, Giljagaur vill ennþá mjólk beint frá spennum, Skyrgámur er með mjólkuróþol, Grýla er Instagram-stjarna og Leppalúði er heimavinnandi húsaðir.

60 bls.

LEÓ Bókautgáfa

HSP



Jörðin

Fræðandi bók með flipum og útskornum síðum þar sem landafræðin öðlast líf

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Jörðin býr yfir kraumandi eldstöðvum, jöklum, eyðimörkum, miklum vatnsföllum og dularfullum hellakerfum. Leggjum af stað í ævintýrlega ferð! Fræðandi bók fyrir krakka á öllum aldri sem hafa áhuga á jörðinni.

29 bls.

Setberg

IB



Risaeðlugengið

Kappsundið

Lars Mæhle

Þýð.: Æsa G. Bjarnadóttir og Sverrir Jakobsson

Myndir: Lars Rudebjer

Þegar Georg grameðla, ótrúlega óþolandi stóri bróðir Gauta, skorar á þá Sölva sagtanna í kappsund getur Gauti ekki skorast undan, þótt hann hafi heyrt að í isköldu vatninu sé RISAVAXIÐ SÆSKRÍMSLI á svamli. Krúttleg, fræðandi og myndin saga fyrir yngsta áhugafólkið um risaeðlur og önnur forsöguleg dýr.

48 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Kát krútt

Lífleg og skemmtileg harðspjaldahljóðbók með bráðfyndnum hljóðum og fjöruðu lagi!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson


Kynnstu krúttlegum gæludýrum sem setja allt á annan endann í húsinu. Skemmtu þér við að hlusta á bráðfyndin hljóð og fjöruðu lag.

Góð bók fyrir börn frá eins árs aldri.

8 bls.

Setberg

IB



Það er stuð
að lesa bók

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Klukkubókin

Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson


Fyrstu skrefin við að læra á klukku og byrja í skóla.

Á meðan börnin lesa um söguhetjurnar og færa klukkuvísana á réttan stað læra þau um leið á klukku.

12 bls.

Unga ástin mín

IB



Krakkalögin okkar

Myndskr.: Úlfur Logason

Tónlist: Jón Ólafsson

Hér er hún komin Krakkalögin okkar sem hefur að geyma tuttugu af vinsælustu lögum barnanna, skemmtileg, nýleg lög ásamt gömlum og sígildum gullmolum sem krakkarnir vilja syngja. Tónbækkur okkar með fallegum undirleik Jóns Ólafssonar og dásamlegum myndskreytingum Úlfs Logasonar hafa fengið lofsamlegar viðtökur hjá börnunum á undanförunum árum.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Kötturinn sem átti milljón líf

Yoko Sano

Þýð.: Miyako Þórðarson

Þetta er saga um kött sem á sér milljón líf. Eigendum hans þykir öllum mjög vænt um hann. Kötturinn er hins vegar ófær um að endurgjalda þeim ást sína – þangað til hann lærir að elska aðra meira en sjálfan sig.

Hrifandi klassískt ævintýri eftir japanska verðlaunahöfundinn Yoko Sano sem hefur snert hjörtu barna jafnt sem fullorðinna um víða veröld.

32 bls.

Ugla

IB



Lára og Ljónsi

Lára fer í leikhús

Lára lærir að lesa

Birgitta Haukdal

Myndir: Anahit Aleqsianian

Bækurnar um Lára eru sjálfstæðar sögur Birgittu Haukdal um töfrana í hversdegi Lára og bangans Ljónsa. Lára kynnist ævintýraheimi leikhússins í fyrsta sinn á ógleymanlegri sýningu þar sem álfar svífa um sviðið, og svo lærir hún um stafina og hvernig þeir mynda orð. Litríkar og fallegar bækur sem krakkar hrifast af.

42 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Lindís og kúluhúsið

Guðný Anna Annadóttir

Myndir: Páll Jóhann Sigurjónsson

Lindís sem er 4 ára fer í heimsókn til afa síns í kúluhúsið við Elliðavatn.

Lindís lærir af afa sínum hvernig hægt er að lifa með virðingu fyrir umhverfinu.

Bókin kemur fram með nýjung í barnabókmenntum, hvað varðar sjálfbærni og umhverfismennt.

Bókin er einstaklega hlý og falleg.

32 bls.

Gudda Creative ehf.

IB



Lindis strýkur úr leikskólanum

Guðný Anna Annasdóttir

Myndir: Páll Jóhann Sigurjónsson

Bókin fjallar um 4 ára stelpu sem heitir Lindis. Hún er í leikskólanum Krakkakór í Kópavogi. Einn mánudag leiðist henni svo mikið að hún tekur til sinna ráða. Sagan er raunveruleg og sýnir hvað Lindis getur áorkað þegar söknuðurinn verður afgerandi.

Bókin er einstaklega fallega myndskreytt.

32 bls.

Gudda Creative ehf.



Litlir könnuðir – VERÖLD DÝRANNA

Fræðandi harðspjaldaguggabók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Líflæg og fræðandi bók fyrir börn sem hafa áhuga á dýraríkinu.

Eftirfarandi bækur eru í sama bókaflökki: Líkaminn, Þegar ég verð stór, Á ferð og flugi, Sveitabærinn, Pöddur og Hafíð.

Tilvalin bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.

16 bls.

Setberg

IB



Lindis vitjar neta

Guðný Anna Annasdóttir

Myndir: Páll Jóhann Sigurjónsson

Lindis sem er 4 ára fer í páskaheimsókn til Ísafjarðar.

Það gerast ævintýri þar, þegar hún fer á grásleppuveiðar. Siglt var frá Sundahöfninni til að vitja neta og komið með marga fiska að landi.

Bókin er ævintýrleg, kærleiksrík og að sama skapi raunveruleg. Áhersla á umhverfi og sjálfbærni.

32 bls.

Gudda Creative ehf.

IB



Límmiðafjör STAFIR

Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson

Meðan börnin dunda sér við að finna límmiða, svara spurningum og líta myndirnar læra þau um leið stafina og stafrófið. Límmiðafjör er nýjasta bókin í röðinni Litlir lærdómshestar en fyrir eru bækurnar Tölur og Dýr.

28 bls.

Unga ástin mín

IB



Litla biblían

Þýð.: Karl Sigurbjörnsson, biskup

Ríkulega myndskreytt bók sem segir sextíu sögur úr Biblíunni. Þar læra börnin um kærleika, umhyggju, hugrekki, vináttu, virðingu og um það að hið góða sigrar! Sögur Biblíunnar eru svo sannarlega innihaldsríkar og eftirminnlegar. Inn á milli má finna bænir og vers til að fara með í önnum hversdagsins. Fremst í bókina má skrifa minningar um mikilvæg þroskaskref.

160 bls.

Skálholtsútgáfan – Kirkjuhúsið

SVK



Mannlíkaminn

Kannaðu stórkostlega undur veraldar

– *mannlíkamann!*

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Fræðumst um mannlíkamann og starfsemi hans á greinargóðan hátt.

Á hverri opnu sem er útskorin er helstu líffærum gerð skil í myndum og máli og útskýrt hvert hlutverk þeirra er og hvar þau eru staðsett í líkamanum.

Tilvalin bók fyrir krakka á öllum aldri sem hafa áhuga á mannlíkamanum.

16 bls.

Setberg

IB



Litli stormurinn sem gat ekki stormað

Einar Thorberg Guðmundsson


Myndskr.: Laura Martin Merino

Hugljúf, bráðskemmtileg og fallega myndskreytt saga eftir Laura Martin Merino, fjöllistakonu og Einar Thorberg Guðmundsson, tónlistarmann. Stormur litli frá Vindheimum og sonur sjálfs Vetur konungs, vill vera stór og öflugur eins og pabbi sinn. En honum er það lífsins ómögulegt. Hann ákveður því að leita að hlutverki sínu í tilverunni.

30 bls.

Bókafélagið

IB



Múmínsnáðinn og vorundrið

Tove Jansson

Þýð.: Tinna Ásgeirsdóttir

Það er vetur í Múmíndal. Múmínfjölskyldan liggur í djúpum vetrardvala og bíður þess að Tikka-Tú vekji hana þegar vorar.

En Múmínsnáðinn hrekkur upp við dularfull hljóð.

Tekst honum að herða upp hugann og kanna upp á eigin spýtur hvað um er að vera? Og hvaða undur bíða hans ef hann fer út fyrir hússins dyr?

Ein af hinum sívinsælu Múmínbókum sem byggðar eru á sögum Tove Jansson.

32 bls.

Ugla

IB



Litlir könnuðir – LÍKAMINN

Fræðandi harðspjaldaguggabók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Líflæg og fræðandi bók fyrir börn sem hafa áhuga á líkamanum.

Eftirfarandi bækur eru í sama bókaflökki:


Veröld dýranna, Þegar ég verð stór, Á ferð og flugi, Sveitabærinn, Pöddur og Hafíð.

Tilvalin bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.

16 bls.

Setberg

IB



Nóra

Birta Þrastardóttir

„Hvers vegna sögðu krakkarnir þetta? Var vestið ekki flott?“

Nóra er slegin út af laginu við leiðinlega athugasemd frá stórum krökkum á skólalóðinni og allt verður ómögulegt. Ljúf saga um tilfinningar og fallega vináttu.

Nóra er önnur barnabók Birtu Þrastardóttur en áður hefur komið út eftir hana bókin *Skinandi* sem hlaut mikið lof.

40 bls.

Angústúra

IB EÚT

IB

**Nú er háttatími**

Aimée Chapman

Dásamleg bók fyrir litla barnið, sem þér þykir vænt um. Hér er nóg að skoða, nóg að snerta og finna fyrir háttinn.

10 bls.

Unga ástin mín

HSP

**Ofur-kalli og bakteríuskrímlið**

Camilla Läckberg

Þýð.: Illugi Jökullsson

Myndskr.: Millis Sarri

Camilla Läckberg er ekki aðeins einhver allra vinsælasti glæpasagnahöfundur heims heldur skrifar hún líka vinsælar bráðskemmtilegar barnabækur um sterkasta smábarn í heimi sem leysir erfið glæpamál eins og að drekka pelamjók. Nú birtast ósýnilegir fjandmenn heima hjá Kalla og fjölskyldu hans! Ofur-Kalli þarf að grípa til nýrra ráða.

32 bls.

Sögur útgáfa

IB

**Órigamí – Japönsk pappírslíst**

100 skrautblöð og 5 formgerðir

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson


Í bókinni eru 100 blöð sem auðvelt er að losa og brjóta saman í fingerð origamí pappírslíköm. Einfaldar leiðbeiningar með skýringarmyndum sýna hvernig hægt er að breyta þessum litríku og skrautlegu blöðum í falleg listaverk.

Góð afbreyting fyrir alla.

102 bls.

Setberg

IB EÚT

**Pési og Pippa – Nýi vinurinn***Fallega myndskreytt harðspjaldabók sem fjallar um samna vináttu*

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Þegar Pési eignast nýjan vin finnst Pippu hún vera höfð útundan.

Æ, æ, aumingja Pippa!

En óvæntur atburður verður til þess að þau átta sig á því hvað sönn vinátta er dýrmæt.

Góð bók fyrir yngstu börnin.

24 bls.

Setberg

IB

**Pési og Pippa – Rauða blaðran***Fallega myndskreytt harðspjaldabók sem fjallar um samna vináttu*

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Pési er MJÖG hreykinn af rauðu blöðrunni sinni! En þegar hann missir hana óvart og hún springur, verður hann ákaflega sorgmæddur.

Til allrar hamingju fær Pippa snjalla hugmynd og brátt tekur Pési gleði sína á ný!

Góð bók fyrir yngstu börnin.

24 bls.

Setberg

IB

**Sígildar sögur**

Walt Disney

Sögusafn fjölskyldunnar!

Tímalasur sögur Disney lifa áfram í þessu heillandi sögusafni sem myndskreytt er með fallegum klassískum teikningum. Bók sem gleður alla fjölskylduna.

160 bls.

Edda útgáfa

IB

**Sjáðu!**

Áslaug Jónsdóttir

Sjáðu! er myndaaðventýri fyrir allra yngstu börnin þar sem upplagt er að benda, skoða og undrast. Stutt vers leiða lesendur í gegnum furðuheim sem vekur spurningar og vangaveltur. Þykk spjöldin henta yngstu bókaormunum vel en allir fá eitthvað fyrir sinn snúð því *Sjáðu!* er bók sem vex með barninu.

20 bls.

Forlagið – Mál og menning

HSP

**Skoppa**

Harðspjalda-flipabók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Hoppum og skoppum með Skoppu og hjálpum henni að finna leikfélaga sína sem eru í felum undir flipunum á hverri opnu.

Litrik bók fyrir eins árs og eldri.

8 bls.

Setberg

IB

**Snertu og finndu**

Ellie Boulton

Þýð.: Bjarki Karlsson

Einstaklega falleg bók sem er sérstaklega hönnuð fyrir þig og litla barnið. Hér er nóg að skoða, nóg að snerta og finna. Myndirnar eru litríkar og sérstaklega valdar til þess að þroska skynjun barnsins og veita ánægjulega samverustund.

12 bls.

Unga ástin mín

IB

**Snuðra og Tuðra***Snuðra og Tuðra fara í sund**Snuðra og Tuðra í jólasögu*

Iðunn Steinsdóttir

Myndir: Lóa H. Hjálmtýsdóttir

Bækurnar um Snuðru og Tuðru hafa kætt börn í áratugi. Systurnar eru uppátækjasamar og meira að segja stundum svolítið óþekkar en þær læra alltaf eitthvað af reynslunni í hverri sögu.

24 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

SVK



Sólarhjólid

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Myndir: Högni Sigurþórsson

Í *Sólarhjólinu* ægir saman alls kyns furðuhlutum ásamt fólki, dýrum og kostulegum hugmyndum. Ljóð og myndir kallast á og koma sífellt á óvart. Aðalsteinn Ásberg og Högni Sigurþórsson hafa áður sent frá sér *Kvæðið um Krummaling* sem hlaut afbragðs góðar viðtökur. <38 bls.

Dimma



Systkinabókin

Jóna Valborg Árnadóttir
Myndir: Elsa Nielsen

Sóla er orðin stóra systir. En það er ekki eins skemmtilegt og hún hélt. Litli bróðir er hávær og alltof lítill til að leika við. Sóla grípur til sinna ráða, leggur upp í örlagaríka ferð og ekkert verður eins og áður. Litríkar og skemmtilegar bækur sem efla skilning barna á eigin tilfinningum og annarra og hjálpa þeim að færa þær í orð.

42 bls.

Forlagið – Mál og menning

HSP



Stígveíaði kötturinn

Rene Cloke

Þýð.: Steingrímur Steinþórsson

Ævintýri handa börnum í fagurlega myndskreyttri útgáfu.

24 bls.

Skrudda

IB



Sætaspætan

Signý Kolbeinsdóttir

Sætaspætan er önnur bókin í íslensku bókaröðinni „Sögur frá Tulipop“.

Bókin segir söguna af því þegar vinirnir Freddi og Gló finna sjaldgæfan furðufugl í Sveppamýrinni. Eiga þau að éta hann? Eða bjarga honum? Sjáum hvað setur!

Heillandi og skemmtileg bók fyrir börn á öllum aldri byggð á ástælu persónunum úr íslenska ævintýraheiminum Tulipop.

32 bls.

Tulipop ehf.

SVK



Sundkýrin Sæunn

Eyþór Jónsson

Myndskr.: Freydis Kristjánsdóttir

Sönn saga af eindæma hetju prýdd dásamlegum teikningum. Það er daglegt brauð að dýr lendi í hættu og oft bjarga þau sér á ótrúlegan hátt, en söguleg hetjudáð vestfirsku kýrinnar sem leiða átti til slátrunar á Flateyri er einstök. Þetta er saga af einni fræknustu dýrabjörgun Íslands sem allir krakkar ættu að lesa.

42 bls.

Sögur útgáfa

IB



Söguperlur

11 fallegar sögur

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Hér eru 11 fallegar sögur þar sem þú kynnist apatvíburunum Millu og Max sem keppa um hvort verði á undan að komast í háttinn og líka Konný kóalabangsa sem virðist aldrei geta ákveðið sig. Margir fleiri koma við sögu.

Falleg sögubók fyrir tveggja ára og eldri.

96 bls.

Setberg

IB



Sveitin – Lyftimyndir

Harðspjaldabók þar sem eitthvað óvænt leynist undir hverju flípa

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Fylgstu með Kusu og Lamba í feluleik. Spennandi myndir spretta úr felum undan flípunum á hverri opnu! Skemmtileg bók fyrir yngstu börnin.

8 bls.

Setberg

IB



Sögutaskan mín

Isabelle Chauvet

Þýð.: Yrsa Þóll Gylfadóttir

Sögutaskan mín er askja sem inniheldur fjórar þroskandi bækur sem auka skilning yngstu barnanna á ýmsu í lífi þeirra. Með hjálp fjögurra félaga læra börnin hugtök yfir tilfinningar, veðrið, fjölskylduna og staðsetningu.

48 bls.

Unga ástin mín

IB



Syngdu með Láru og Ljónsa

Birgitta Haukdal

Myndir: Anahit Aleqsanian

Falleg bók með tónspilara sem inniheldur fjölbreytt lög sungin af Birgittu Haukdal. Löggin henta hvort sem er í fjörugu ferðalagi eða á rólegum stundum fyrir háttinn. Krakkar geta bæði hlustað á löggin með söng Birgittu og spreytt sig á að syngja þau sjálf með undirspili. Bókin er skreytt litríkum og fallegum myndum sem gaman er að skoða.

32 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

HSP



Best í bókum

bóksala stúdenta

www.boksala.is

HSP



Fyrsta hljóðabókin min Tilfinningar

Þýð.: Þóris Hauksdóttir

Aldrei of snemmt að tala um tilfinningar. Þessi hljóðabók býður börnum að uppgötva heiminn í gegnum átta mismunandi hljóð, fallegar myndskreytingar og margar áhugaverðar staðreyndir. Börn fara í gegnum mismunandi tilfinningar daglega. Þeim líkar að tengja sína eigin reynslu við það sem gerist í bókinni.

ALDUR BARNIS: 3-7 ára.
20 bls.

Oran Books

IB



Töfraeinhyrningurinn hennar Gurrú gríss

Astley Baker

Þýð.: Klara Helgadóttir

Kata kind ætlar að gista hjá Gurrú grís. Þeim finnst gaman að leika sér með Glitfótu Gæðingi en mest dremmir þær um að leika sér með töfrandi einhyrning. Getur pabbi töfrað eitthvað fram svo að draumur þeirra rættist?

30 bls.

Unga ástin mín

IB



Töfralandið

Bergún Íris Sævarsdóttir

Dásamlegt samspil mynda og texta Bergrúnar býður upp á ljúfa samverustund með yngstu lesendunum. „Ég veit að bækurnar geyma það besta og þú sérð það líka, um leið og þú lest það.“ *Töfralandið* er lofsöngur Bergrúnar um bækur.

40 bls.

Töfraland – Bókabeitan

IB



Ugla eignast vin

Viktoría Buzukina

Það skiptir ekki máli hvort maður er stór eða lítill, mús eða ugla – allir geta orðið vinir!

Hugljúf og falleg saga um óvænta vináttu.
32 bls.

Ugla

IB



Rosa klár
en samt svo hress

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Umskiptin

Anna Höglund

Þýð.: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Anna Höglund er sænsk myndlistarkona, teiknari og rithöfundur. Á íslensku hefur áður komið út bókinn *Sjáðu Hamlet* með eftirminnilegum myndum hennar. Hér birtist spennandi og myndræn frásögn fyrir alla aldurshópa um klækjabróð og kjarkinn sem þarf til að lifa af.

42 bls.

Dimma

IB



Vertu þú!

Ingileif Friðriksdóttir og María Rut Kristinsdóttir

Myndir: Alda Lilja Hrannardóttir

Hvað er það sem gerir mig að mér og þig að þér? Það skiptir ekki máli hverju við klæðumst, hverjum við verðum skotin í, hvaðan kyni við upplifum okkur í, hvaðan við erum eða hverju við höfum áhuga á. Við megum öll vera eins og okkur langar til.

Vertu þú! segir litríkar sögur af fjölbreytileikanum.
42 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

SVK



Vísnaðabókin

Myndir: Halldór Pétursson

Ritstj.: Símon Jóh. Ágústsson

Fáar bækur hafa fylgt íslenskum börnum lengur en *Vísnaðabókin*; sígilt safn af kvæðum sem höfða til barna, prýdd bráðskemmtilegum teikningum. Bókin kom fyrst út árið 1946 en með tímanum var aukið við hana bæði vísum og teikningum. Í þessari nýju og gullfallegu útgáfu af bókinni er það efni nær allt með, í betri prentgæðum en áður hafa sést.

105 bls.

Forlagið – Iðunn

IB EÚT



Öll með tölu

Kristin Roskifte

Þýð.: Sigrún Eldjárn

Í þessari skemmtilegu bók er farið á handhlaupum yfir tölurnar frá 0 til 7.500.000.000. Á hverri síðu eru ævintýralegar myndir þar sem hægt er að telja börn og fullorðna, fylgja þeim eftir og sjá hvernig líf þeirra fléttast saman. Skarpskyggirnir lesendur munu líka finna þar ýmis leyndamál. *Öll með tölu* hlaut Barna- og unglingabókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2019.

58 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Önd! Kanína!

Amy Krouse Rosenthal og Tom Lichtenheld

Þýð.: Elín G. Ragnarsdóttir

Það er undursamleg önd í þessari bók.

Nei, alls ekki. – Það er sæt lítil kanína.

Ha? Skoðaðu bara forsiðuna! – Þetta er önd!

Neibb! Þetta er kanína. – Önd! -Kanína! – Önd!

- Kanína! Hvað finnst þér? Þessi fjöruga bók sannar

að þetta veltur allt á því hvernig þú litur á málið.

„Fyndin, sama hvernig litid er á málið“

– The New York Times

36 bls.

Drápa

IB

Barnabækur

SKÁLDVERK



Artemis Fowl

Eoin Colfer

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Artemis Fowl er afburðagreindur og bráðsinnjall tólf ára glæpamaður. Hann rænir Holly Short til að komast yfir gullsjóð álfanna en hún er bara ekki sátt við að láta ræna sér. Og álfarnir eiga alls konar vopn og græjur og eru sannarlega engin lömb að leika sér við. Fyrsta bókin í hinum geysivinsæla flokki um Artemis Fowl.

280 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF EÚT



Á ferð og flugi með ömmu í Akrafjalli

Hallbera Friður Jóhannesdóttir

Myndir: Bjarni Þór Bjarnason

Amma gengur á Akrafjall með Smára og fræðir hann um örnefni og leyndardóma fjallsins. Á göngunni vakna spurningar. Hver var Geirmundur og hver var Guðfinna? Búa jólasveinar í fjallinu, skessur eða útilegumaður? Þessum spurningum og mörgum fleiri velta amma og Smári fyrir sér á göngu sinni. Við sumum fæst svar, öðrum ekki.

Fræðandi bók fyrir fólk á öllum aldri með frábærum myndum eftir Bjarna Þór.

HFJ

IB



Barnaræninginn

Gunnar Helgason

Myndir: Linda Ólafsdóttir

Lesari: Gunnar Helgason

Eftir hallarbyltinguna í Hafnarlandi ríkir friður og ró. En ekki lengi. Brátt er Barnaræninginn aftur kominn á stjá og Eyrdis verður að stöðva hann, þó að það gæti orðið hennar bani! *Barnaræninginn* er jafnspennandi og *Draumahjófurinn*, fyrri bókin um rottarnar í Hafnarlandi sem naut mikilla vinsælda og var tilnefnd til Barnabókaverðlauna Reykjavíkur.

224 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB



Bekkurinn minn

Geggjad ósamgjarn!

Primpusamloka

Yrsa Þóll Gyldadóttir


Myndlýsing: Iðunn Arna

Vandaðar myndríkar léttlestrarbækur sem fjalla um krakka í íslenskum skóla. Hvert barn í bekknum fær sína eigin bók og saman mynda þær bókaflokkinn Bekkurinn minn. Fyrsta bókin er um Nadíru og önnur um Bjarna Frey.

61 bls.

Bókabeitan

IB



BFG

Roald Dahl

Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir

Myndskr.: Quentin Blake

BFG segir frá lágvöxnum risa í Risalandi. Hann kallast Bergrisinn frá góði. Á kvöldin veiðir hann drauma fyrir börn. Í Risalandi búa samt líka níu aðrir hræðilegir risar. Eitt kvöld neyðist BFG til að ræna Soffiu, 8 ára stúlku og fara með hana til Risalands. Þau ákveða að stöðva voðaverk vondu risanna.

BFG er spennandi, fyndið og ljúfsárt verk, þar sem höfundur bregður á leik með tungumálið.

236 bls.

Kver bókaútgáfa

KIL



Binna B Bjarna

Flöskuskeytið

Fullkomin jólagjöf

Skrautleg skríðuganga

Sally Rippin

Binna er snjöll og sjálfstæð stelpa sem veit hvað hún vill. Hún og besti vinur hennar, hann Jónsi, eru uppátækjasamir krakkar. Þrjár nýjar bækur eru komnar út.

Góðar lestrarbækur fyrir 5 ára + með stóru letri og góðu línubili.

42 bls.

Rósakot

KIL



Blokkinn á heimsenda

Arndís Þórarinsdóttir og Hulda Sigrún Bjarnadóttir

Lesari: Arndís Þórarinsdóttir


Dröfn hefur aldrei hitt ömmu sína svo að óvænt ferðalag á eyjuna hennar, þar sem allir búa saman í einni stórra blokk, hljómar spennandi. En ferðin verður fljótlega dálítið skrytín. Getur verið að einhver eyjarskeggja vilji Dröfn og fjölskyldu hennar illt?

Blokkinn á heimsenda hlaut Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur 2020 og var að mati dómnefndar bæði grípandi og gamansöm.

256 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK RAF HLB



Bold-fjölskyldan fer í sumarfrí

Julian Clary

Þýð.: Magnús Jökull Sigurjónsson

Bold-fjölskyldan lítur kannski út fyrir að vera venjuleg fjölskylda, en hún á sér stórt og mikið LEYNDARMÁL...

Það er sumar og fjölskyldan hefur ákveðið að dveljast við sjávarsíðuna í fríinu sínu. En hún er rétt komin þangað þegar einn fjölskyldumeðlimur hverfur sporlaust. Nú reynir á snilli Bold-fjölskyldunnar því óvinurinn er EKKERT LAMB að leika sér við.

Þriðja bókin um Bold-fjölskylduna eftir breska grínist-ann Julian Clary – með frábærum teikningum á hverri síðu.

320 bls.

Ugla

IB



Brásól Brella

Ásrún Magnúsdóttir

Myndlýsing: Iðunn Arna

Brella hélt að hún gæti ekki galdrað en þegar pabbi stendur skyndilega fyrir framan hana á fjórum fótum með beitta brodda er vitað mál að hún sé norn! Brella ákveður að leita sér hjálpar hjá Vála, galdrakarlinum störfenglega. Leiðin þangað liggur gegnum Stóraskóg þar sem sísvangir úlfar og blóðþyrstar vampírir halda til.

128 bls.

Bókabeitan

IB RAF HLB



Bræðurnir breyta jóluþunum

Berggrún Íris Sævarsdóttir
Tónlist: Haukur Gröndal

Berggrún Íris hefur hlotið mikið lof fyrir bækur sínar, bæði sögur og myndir. Hér leiða þau Haukur Gröndal saman hreindýr sín en hann á að baki glæstan feril með hinum ýmsu hljómsveitum. Bræðurnir breyta jóluþunum er hjartnæmt jólaævintýri og sannkölluð veisla fyrir augu og eyru.

64 bls.

Bókabeitan

IB



Bölvun múmíunnar

Seinni hluti
Prófessor Ármann Jakobsson


Múmían Höremheb er í ræningjahöndum en Júlía, María og Charlie ætla ekki að játa sig sigruð. Þau fá far með skemmtiferðaskipinu Henriettu, rekast þar á ýmsa óvini og fyrir en varir eru þau fangar Qwacha. Við tekur æsispennandi atburðarás þar sem ekkert er sem sýnist.

Fyrri hluti *Bölvunar múmíunnar* hélt mörgum lesendum andvaka en enn meiri hætta er á svefnlausum nóttum við að lesa framhaldið.

156 bls.

Angústúra

IB




Dularfulla stytta og drengurinn sem hvarf

Snæbjörn Arngrímsson
Lesari: Margrét Örnólfsdóttir

Glæsileg, rík og dularfull kona hefur keypt hús í Álftabæ. Dag einn hverfur þaðan ómetanlegur gripur og á sama tíma virðist hrekkjusvín skólans hafa gufað upp. Vinirnir Milla og Guðjón G. Georgsson hefja rannsókn – og hún verður ekki hættulaus. Fyrri bókin um krakkana í Álftabæ, *Rannsóknin á leyndardómum Eyðihússins*, hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2019.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB RAF HLB



Eddi glæsibrók og hryllingsleikföngin

Þýð.: Huginn Þór Grétarsson

Eddi er enginn venjulegur strákur.

hann er kóngur sem situr í háseti, á sína eigin brynju og kastala með fullt af leynigöngum og ALLT.

EITTHVAÐ SKRÍTÍÐ ER Á SEYÐI Í EDDALANDI ...

NÚBBISON KEISARI ER AÐ GERA HLUÐI EINS

OG AÐ BROSJA OG BÚA TIL DÓT FYRIR ÍBÚANA.


ER HANN AÐ BRALLA EITTHVAÐ?

ÖRUGGLEGA. EN HVAÐ GÆTI ÞAÐ VERIÐ?

180 bls.

Óðinsauga útgáfa

KIL



Rosa klár en samt svo hress

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Elli. Dagur í lífi drengs með ADHD.

Ari Hlynur Guðmundsson Yates


Elli – Dagur í lífi drengs með ADHD er fjörug, ríkulega myndskreytt barnabók, byggð á raunverulegum atburðum í lífi níu ára íslensk drengs með ADHD.

Krakkar með ADHD upplifa sig oft misskilin og fá gjarnan neikvætt viðmót þegar þau eiga erfitt með að hlýða, vera kyrr eða vinna verkefni sem þeim finnst óspennandi. Megininntak bókarinnar að gefa raunsanna innsýn í líf barna með ADHD og benda ungum jafnt sem öldnum á að það er vel hægt að líta á ADHD með jákvæðum hætti; það er hægt að „beisla“ ADHD til góðs!

44 bls.

ADHD samtökin

SVK



Emma

Sigríður Ólafsdóttir

Myndskr.: Aron Bergmann Magnússon

Þessi bók er proskasaga Emmu sem er á aldrinum nú til að verða tólf ára þegar sagan gerist. Emma, sem er sögumaður, er miðjubarn í sjö systkina hópi. Lendir hún í ýmsum sköndnum ævintýrum, þar sem m.a. bræður hennar, tvíburarnir Einar og Kári, koma mikið við sögu.

160 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Ég heiti Kosmó

Charlie Sorosiak

Þýð.: Marta Hlín Magnadóttir


Fjölskyldan er að liðast í sundur og hlutverk Kosmós er að koma í veg fyrir að það gerist. Hann veit nákvæmlega hvað hann þarf að gera. Það er bara eitt vandamál: Kosmó er hundur.

Dásamlega hugljúf og fyndin saga um viðleitni hunds til að bjarga fjölskyldunni sinni, verða stjarna og borða eins mikið og tönn á festir.

256 bls.

Bókabeitan

SVK RAF HLB



Fíasól og furðusaga

um krakka með kött í maga

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Myndskr.: Halldór Baldursson

Sjá! Boða ég mikinn og frábæran fögnuð!


Fædd er nú stelpa kröftug og mögnuð!

Sprenglæglegt kvæði um fæðingu Fíusólar. En undirtönninn er hyljúpur og tilfinningaþrunginn þar sem Pippa, systir Fíusólar, glímir við höfnun og óöruggi þegar tilkynnt er um fjölgun í Grænalundi í Grasabæ.

96 bls.

Bjartur

IB RAF



Dagbók Kídda klaufa

Flóttinn í sólna

Jeff Kinney

Þýð.: Helgi Jónsson

Hinn geysivinsæli Kiddi og fjölskylda hans ákveða að flýja kuldann og stressið og fara til suðrænni slóða þar sem hægt er að slaka á og njóta lífsins á stuttbuxum eða sundfötum. En þau komast fljótt að því að lífið þar getur verið hættulegt, sérstaklega ef þú mætir eitruðum skepnum og brennur í sólinni. Kiddi hefur aldrei lent í öðrum eins.

218 bls.

Sögur útgáfa

IB

**Fróði Sóði**

Bók 1

Bók 2

David Morgan

Viltu kynna Fróða? Hann hefur óteljandi ósiði og fær geggjaðar hugmyndir! Fróði er heimsins mesti vandræðagæmsi. Þrjár sögur í hverri bók.

Skemmtilegar bækur fyrir hressa krakka sem eru að ná tökum á lestri.

96 bls.

Rósakot

KIL



Godheimar

Gjafir guðanna

Peter Madsen

Þýð.: Bjarni Frimann Karlsson

Loki hinn lævisi klippir allt hárið af Sif og neyðist í kjölfarið til að heimsækja dvergana og fá þá til að búa til hár úr skiragulli í staðinn. Þar kemur hann auga á ýmsa dýrgripa sem hann ásælist og fyrr en varir er hann kominn á bólakaf í vafasöm viðskipti við slynga og hættulega andstæðinga. Þetta er tíunda bókin í þessum sívinsæla bókaflökki.

48 bls.

Forlagið – Iðunn

IB



Randver kjaftar frá

Geggjað ævintýri

Jeff Kinney

Þýð.: Helgi Jónsson

Ný stórkostleg ævintýrabók eftir hinn hugrakka Randver, besta vin Kidda klaufa. Lestu um Rolla og vin hans, vöðvatröllíð Knúsa, sem leggja í mikið ævintýri til að bjarga mömmu Rolla, sem Hvítí stríðsmaðurinn ógurlegi er búinn að ræna. Koma þeir lifandi til baka?

218 bls.

Sögur útgáfa

IB

**Georg og magnaða mixtúran**

Roald Dahl

Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir

Myndskr.: Quentin Blake

Georg er átta ára. Á heimili hans býr amma hans. Hún er mjög andstyggileg við vesalings Georg sem þarf svo oft að passa hana. Hann ákveður því að búa til mixtúru til að lækna ömmu af andstyggilegheitunum. Mixtúran reynist mögnuð! Best er að vara lesendur við því að búa hana til! *Georg og magnaða mixtúran* er mögnuð bók og skemmtileg frá hinum eina sanna Roald Dahl.

106 bls.

Kver bókaútgáfa

KIL



Fólkið í blokkinni

Gleðiloft og glópalán

Ólafur Haukur Simonarson

Fólkið í blokkinni sló í gegn þegar Ólafur Haukur birti okkur fyrst hið makalaus og hrifandi mannlífssafn. Hér eru komnar glænýjar og spennandi sögur af fólkinu í blokkinni. Það skiptast á skin og skúrur eins og vera ber, en ef við hjálpumst öll að og hlæjum dálítið saman gengur allt betur. Ekki satt?

140 bls.

Sögur útgáfa

IB

**Grisafjörður**

Lóa H. Hjálmtýsdóttir

Tvíburarnir Inga og Baldur eru komnir í sumarfrí. Á dagskránni er að drekka kókomalt, glápa á teiknimyndir og slappa af með tilþrifum. Fyrirætlanir þeirra virðast ætla að fjúka út í veður og vind þegar Albert, nágrenni þeirra af efstu hæðinni, birtist óvænt í heimsókn hjá þeim. Honum er augljóslega mikið niðri fyrir.

Í þessari bráðskemmtilegu, fyndnu og fjörugu bók, sem segir frá ólíklegri vináttu, liggur leiðin allt frá blokkaríbúð í Reykjavík til Ísafjarðar, Alpanna, Guatemala, Glimmerfjalla og síðast en ekki síst – til Grísafjarðar!

152 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB

**Gullfossinn**

Sigrún Eldjárn

Sóldís og Sumarliði eru önnur kafin við að finna not fyrir allt tæknilega dótið sem leyndist í koparegginu úr fortíðinni. Á meðan heldur dularfull stelpa af stað eftir leynigöngum, slúðrandi fréttahaukur hoppar um á priki og rustarnir í dalnum leita allra leiða til að endurheimta völdin. *Gullfossinn* er spennandi framtíðarsaga og framhald *Silfurlykilsins* og *Kopareggisins*.

218 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB

**Handbók fyrir ofurhetjur**

Fimmtí hluti: Horfin

Elias Vahlund og Agnes Vahlund

Þýð.: Ingunn Snædal


Aðeins þau sem eru raunverulega sterk þora að sýna veikleika. Dag einn gerist dálítið hræðilegt. Börn fara að hverfa um nætur. Eitt af öðru, algjörlega sporlaust.

Handbók fyrir ofurhetjur er bókaröð sem hefur farið eins og stormsveipur um Ísland og hin Norðurlöndin. Hér er fimmta æsispennandi bókin og upphafið á nýju ævintýri!

104 bls.

Drápa

IB

**Hellirinn**

blóð, vopn og fússum fei

Hildur Loftsdóttir

Afi Jaki leiðir Ástu og Kötú á vit ævintýrana, í æsispennandi langferð sem reynist mikil háskaför. Á ferðalaginu eignast systurnar nýja vini og saman lenda þau í ýmsum hættum þar sem töfrakúlur, skessuhor og sverð koma meðal annars við sögu. Bráðskemmtileg bók sem kemur sífellt á óvart.

154 bls.

Sögur útgáfa

IB

**Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin**

Yrsa Sigurðardóttir

Myndskr.: Kristín Sól Ólafsdóttir

Fyrsta barnabók Yrsa Sigurðardóttur frá því að hún hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2003. Hér fer hún á kostum í sannkallaðri ærslasögu þar sem einstakur húmor hennar fær að njóta sín. Myndir Kristínar Sólvar Ólafsdóttur auka enn á gildi þessarar skrautlegu og stórskemmtilegu sögu!

167 bls.

Veröld

IB

RAF



Hetja

Björk Jakobsdóttir
Myndir: Freydis Kristjánsdóttir

Hetja og Björg eru bestu vinkonur og vilja helst alltaf vera saman. Þess vegna verður Hetja skelfingu lostin þegar svarta hlyðþíð flytur hana á brott – og Björg gráti nær þegar hún finnur vinkonu sína hvergi í haganum. *Hetja* er fyrsta bók leikkonunnar og hestakonunnar Bjarkar Jakobsdóttur, æsispennandi saga um vináttu stúlku og hryssu og baráttu þeirra fyrir að finna hvor aðra aftur.

219 bls.
Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Heyrðu Jónsi

Einastakur hópur
Nýr vinur
Týnda hreindýrið
Sally Rippin

Jónsi er hlédrægur strákur sem þarf að takast á við alls konar áskoranir, stundum með hjálp besta vinar síns, hennar Binna B. Þrjár nýjar bækur eru nú komnar út.

Góðar lestrarbækur fyrir 5 ára + með stóru lettri og góðu línubili.

42 bls.
Rósakot

KIL



Hingað og ekki lengra!

Hildur Knútsdóttir og Þórdís Gísladóttir
Myndir: Helga Valdís Árnadóttir

Það mætti segja að Vigdís Fríða sé í samtökum þriggja glæpakvenda í 8. bekk. Þær brutu að minnsta kosti af sér en þeim finnst þær EKKI eiga skilið refsingu og þær standa 100% með gjörðum sínum. Höfundar skrifa af sama húmor og hlýju um lífsbaráttu ungmenna og þær gerðu í bókum sínum um Dodda sem voru meðal annars tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Stórfyndin snemmgelgjusaga.

137 bls.
Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Hryllilega stuttar hrollvekjur

Ævar Þór Benediktsson
Myndir: Ágúst Kristinsson
Lesari: Ævar Þór Benediktsson

Hryllilega stuttar hrollvekjur geymir tuttugu smásögur sem eru hver annari hræðilegri. Hér má meðal annars lesa um vampírur, mannát, uppvakninga, drauga og skrímilin sem leynast undir rúminu þínu. Metsúlhöfundurinn Ævar Þór Benediktsson var myrkfælinn þangað til hann varð sautján ára. Hér skrifar hann um allt sem hann var hræddur við.

153 bls.
Forlagið – Mál og menning

KIL RAF HLB



Hulduheimar

Sápukúlutindur
Sykursæta bakarið
Rosie Banks
Þýð.: Arndís Þórarinsdóttir

Tvær glænýjar og geysispennandi sögur um vinkonurnar Evu, Sólrúnu og Jasmín og ævintýri þeirra í Hulduheimum. Í *Sápukúlutindi* snýr Naðra drottning aftur og leggur álög á vesalings Teit konung og í *Sykursæta bakarið* reyna stormálfarnir að spilla árlegri kökukeppni. Skemmtilegar og ríkulega myndskreyttar léttlestrarbækur sem eiga marga aðdáendur.

126 bls.
Forlagið – JPV útgáfa

KIL



HUNDMANN – Taumlaus

Dav Pilkey
Þýð.: Bjarki Karlsson

Bækurnar um HUNDMANN hafa slegið í gegn um allan heim og hafa selst í tugum milljóna eintaka. Dav Pilkey, sem einnig samdi bækurnar um Kaptein Ofurbrók, fer hér á kostum. Húrrandi grín og vitleysisgangur, en oft ansi gott og ristir dýpra en við fyrstu sýn. Þetta er bók sem krakkar elska að lesa aftur og aftur.

220 bls.
Bókafélagið

IB




Hvolpurinn sem gat ekki sofð

Holly Webb
Þýð.: Ívar Gissurarson
Myndskr.: Sophy Williams

Lára rekst á heimilislausan hvolp á ruslahaug, í köldu húsasundi, og finnst hún verða að hjálpa honum. Henni tekst að laða hvolpinn heim til sín og honum virðist líða vel. En þá kemur upp vandamál. Á næturnar er það eitthvað sem hrjár litla hvolpinn svo hann getur ekki sofð og heldur vöku fyrir öllum með stöðugu ýlfri – Hvað ætli Lára geti gert til að fá hvolpinn til að sofa á næturnar?

128 bls.
Nýhöfn

KIL



Iðunn og afi pönk

Gerður Kristný
Myndir: Halldór Baldursson
Lesari: Gerður Kristný

Þegar glænýja hjólið hennar Iðunnar hverfur grunar hún systurnar í Súluhöfða strax um græsku. Þá er verst að mamma og pabbi eru farin í ferðalag og barnapían afi pönk hugsar meira um lúsmý og eldgamlar hljómsveitir en tapað hjól. Stórskemmtileg saga um flókna ráðgátu og fjörugar persónur eftir einn af okkar færustu höfundum.

133 bls.
Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB



Ísbjörninn sem vildi gerast grænmetisæta


Huginn Þór Grétarsson

Þessi tiltekni ísbjörn var ekki eins og flestir aðrir. Hann vildi ekki éta fisk, sel eða nokkur önnur dýr. Ísbirninum fannst það nefnilega siðferðilega rangt að borða önnur dýr.

Ísbjörninn ferðast frá Grænlandi til Íslands þar sem hann bragðar á grænmeti og ávöxtum. En að lokum áttar björninn sig á því að hann er kjötæta af náttúrunnar hendi. Bókin opnar á umræðu um grænmetisæði og að koma vel fram við dýr.

34 bls.
Óðinsauga útgáfa

IB



Ísskrímlið

David Walliams
Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Enn og aftur kemur David Walliams með frábæra bók. Þegar Elsa, tíu ára munaðarlaust götubarn í Lundúnum árið 1899, heyrir að dularfullt ísskrímli – mammútur, hafi fundist á norðurljóðum – ákveður hún að kanna málið nánar. Fyndið, ljúft og spennandi ævintýri. Bókin er í frábærri þýðingu meistara Guðna Kolbeinssonar.

422 bls.
Bókafélagið

IB



Jólasyrpa 2020

Walt Disney

Jólin hefjast með Jólasyrpunni! Fjörug lesning sem kemur öllum í hátíðarskap!

256 bls.

Edda útgáfa

IB



Kalli breytist í grameðlu

Sam Copeland

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Myndir: Sarah Horne

Kalli McGuffin er ofurvenjulegur strákur með óvenjulega krafta: Þegar hann verður kvíðinn breytist hann í dýr – sem kemur honum í alls konar klípur. En sem betur fer á Kalli ráðsnjalla vini sem reynast honum vel. Þetta er sjálfstætt framhald sögunnar *Kalli breytist í kjúkling* sem fékk krakka á aldrinum 6–10 ára til að grenja úr hlátri í fyrra.

295 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL



Kennarinn sem hvarf sporlaust


Berggrún Íris Sævarsdóttir

Loks er komið að skíðaferðalaginu hjá 6. BÖ og Sara er mjög spennit. Krakkarnir hafa næstum gleymt því þegar kennaranum var rænt fyrr um veturinn enda örugg frá mannræningjanum sem er fastur bak við lás og slá. Nú er allt eins og það á að vera og ekkert getur farið úrskaiðis ... eða hvað? Enn og aftur reynir á samtakamátt krakkana.

160 bls.

Bókabeitan

IB RAF HLB



Kisa litla í felum

Holly Webb

Þýð.: Ívar Gissurarson


Myndskr.: Sophy Williams

Lisa er flutt heim til ömmu sinnar ásamt pabba sínum og bróður. Án gömlu vinanna er hún ákaflega einmana. Hana langar í kettling, en pabbi hennar hefur sagt henni að amma hennar vilji ekki dýr inn á heimili sitt. Svo gerist það einn daginn að hræddur og hungraður kettlingur flækist til hennar. Lisa felur hann fyrst úti í gróðurhúsi og síðan inni í fataskáp í herberginu sínu – en hve lengi skyldi hún geta falið kettlinginn þar?

128 bls.

Nýhöfn

KIL



Mína og Sína Spæjarapæjur

Klækjabrögð

Walt Disney

Mína og Sína lenda í æsilegum eltingarleikjum, skugglegum þjófum, hættulegum njósnaferðum, úthugsuðum klækjabrögðum, átökum við alþjóðleg glæpasamtök og stórfum fyrir leynipjónustu!

222 bls.

Edda útgáfa

IB



Landverðirnir

Dagur Lárusson og Úlfar Konráð Svansson

Myndskr.: Fannar Gilbertsson

Í þessum fyrsta hluta í sögunni um Landverðina eru ofurhetjurnar Atlas og Avion kynntir til sögunnar. Alveg síðan Atlas man eftir sér hefur hann verið gæddur ofurkröftum sem hann hefur notað til þess að hjálpa fólki. Dag einn tekur líf Atlasar óvænta stefnu þegar hann þarf að berjast gegn sterkasta illmenni Íslands, Azar. Í kjölfar bardagans kemst Atlas að leyndarmálum úr fortíðinni og einnig kynnist hann Avion og taka þeir höndum saman og hafa það sem markmið að bjarga Íslandi og þegnum þess.

80 bls.

Ljósmynd – útgáfa

IB



Langafi minn Supermann

Óliver Þorsteinsson

Myndskr.: Tómas Leó Þorsteinsson

Sylvía segir frá atburðaríku sumri þegar hún fékk að fara ein til Ólafsfjarðar og gista í Brekkugötu 9 hjá langömmu sinni og langafa.

Sylvía sér langafa sinn í öðru ljósi og góðvilji hans lætur hana sífellt spyrja sig, er langafi minn Supermann?

81 bls. / 1:04 klst.

LEÓ Bókaútgáfa

KIL HLB

Hljóðbók frá Storytel



Litla snareðlan sem gat

Sara Pálsdóttir


Litlu snareðluna skortir sjálfstraust. Hún þorir ekki að klifra upp í tré eða synda í vatninu. En með því að æfa sig og sýna hugrekki kemst hún að því að hún getur vel gert allt það sem hinar risaeðlurnar geta.

Bók sem bæði er fráber skemmtun en jafnframt hjálpar börnum að yfurstíga ótta og hræðslu.

34 bls.

Öðinsauga útgáfa

IB



Lotta og börnin í Skarkalagötu

Astrid Lindgren

Þýð.: Sigrún Árnadóttir

Myndir: Ilon Wikland

Pau Lotta, Jónas og Mía María hafa heillað lesendur á öllum aldri áratugum saman og nú eru sögurnar af fjörugu fjölskyldulífi systkinanna í Skarkalagötu loksins fáanlegar á ný. Hér eru tvær bækur saman í einni; *Börnin í Skarkalagötu* og *Lotta flytur að heiman*. Einstakar myndir glæða sögurnar ævintýraljóma.

133 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB EÚT



Bækur fyrir
töff týpur

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Mariella Mánadís

draugalegi naggrísinn

Þýð.: Dagbjört Asgeirsdóttir

Mariella Mánadís er rúmlega níu ára stelpu-spæjari. Hún getur leyst hinar dularfyllstu ráðgátur og furðulegustu vandamál. Vinkonur hennar eru líka spæjarar. Slagorð þeirra er: Engin ráðgáta of dularfull, ekkert vandamál of flókið.

Þegar draugalegir glóandi naggrísar fara að sjást út um alla Vatnavík reyna vinkonurnar að komast til botns í málinu.

176 bls.

Óðinsauga útgáfa

KIL



Miðbæjarrottan

borgarsaga

Auður Þórhallsdóttir

Rannveig er latteleypjandi miðbæjarrotta sem elskar fátt meira en borgarlífið. Þegar Karlotta frænka hennar týnist í Reykjavík, læðist að henni efi um að borgin sé góður staður fyrir rottur. Rannveig leitar aðstoðar hjá styttum bæjarins, sem margar muna tímana tvenna.

Auður Þórhallsdóttir er bæði höfundur texta og mynda en þetta er hennar þriðja bók.

40 bls.

Skríða bókaútgáfa

IB



Milljarðastrákurinn

David Walliams

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Fyndin og ljúfsár bók úr smíðju metsöluhöfundarinn David Walliams. Jói Smálki er ríkasti tólf ára strákur í heimi. Hann á allt sem hugurinn girnist: sinn eigin formúlu-kappakstur bíl, þúsund skópör og jafnvel einkabjón sem er órangútan. En það er eitt sem hann saknar sárlega: vin ... David Walliams fer hér á kostum í frábærlega myndinni bók.

278 bls.

Bókafélagið

IB



Múmínálfarnir

Jól í múmíndal

Sögur úr múmíndal

Cecilia Davidsson, Alex Haridi og Tove Jansson

Myndir: Cecilia Heikkilá og Filippa Widlund

Þýð.: Gerður Kristný

Sígildar sögupperlur fyrir nýja kynslóð múmínálfaaðdáenda. Múmínfjölskyldan siglir út í óvissuna og lendir í stormi, hittir hina rafmöggnuðu hattfatta og finnur pípuhatt galdrakarlsins sem veldur miklum usla í múmíndal. Og svo vakna þau af vetrardvala og komast að því að allir eru að undirbúa komu einhvers sem kallar sig Jólin.

98 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Narfi

Narfi – Einhyrningur hafsins

Ofurnarfi og Gréta glytta

Ben Clanton

Þýð.: Bjarki Karlsson

Bækurnar um Narfa náhval eru einkar hlýjar og skemmtilegar léttlestrarbækur. Narfi er mjög vinsæll í Kanada en þar hafa bækurnar hlotið margar viðurkenningar. Þá eru þær einkar vinsælar meðal umsjónarmanna skólalabókasafna, enda hafa fjölmargir æft sig í að lesa sér til gagns með því að kynnast hinum glaðbeitta og geðþekka Narfa og vinum hans.

64 bls.

Bókafélagið

SVK



Neihrningurinn

Marc – Uwe Kling

Þýð.: Herdís M. Hübner

Krúttudúllubossalegur einhyrningur kemur í heiminn í Hjartaskógi. Allir snúast í kringum hann og fóðra stanslaust á sykrudum lukkusmára. En litla krílið hagar sér samt hreint ekki einhyrningslega! Hann segir bara: NEI!. Fjölskylda hans fer því fljótlega að kalla hann NEIhyrning. Mjög myndin og skemmtileg bók, ein allra vinsælasta barnabókin í Þýskalandi.

40 bls.

Bókafélagið

IB



Nornasaga 2

Nýársnótt

Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Æsispennandi framahald! Katla ætlar að opna galdragátt á nýársnótt til að nornin Heiður komist aftur til Íslands. Í stað þess veldur hún sprengingu og hrindir af stað æsilegri atburðarás. Barrtré spretta upp á methraða, systkini Kötlu hverfa, úlfur sést í Öskjuhlíðinni, tröllskessa við Tjörnina og ógnarlangur ormur í Reykjavíkurhöfn.

240 bls.

Bókabeitan

IB



Nærbuxnavélmennið

Arndís Þórarinsdóttir

Myndir: Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson

Gutti er enn innsti koppar í búri í Rumpinum, samfélagsmiðstöðinni í gömlu nærbuxnaverksmiðjunni, en Ólína vinkona hans er orðin aðalstjarnan í fþróttaliði bæjarins. Þess vegna þarf Gutti að glíma við það aleinn þegar vélmennið BlúnduRASS 3000 gengur af göflunum. Sprenghlægilegt framhald á *Nærbuxnaverksmiðjunni* og *Nærbuxnanjósnumrunum* sem glatt hafa unga sem aldna.

120 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



Ofurhetjan

Hjalti Halldórsson

Gulla dreymir um að verða meira en venjulegur drengur. Með hjálp vinkonu sinnar uppgötvar hann áður óþekktan hæfileika sem breytir lífi hans. Hann setur á sig grímuna og verður Ormstunga, ofurhetja sem berst gegn eineltissegjum.

Hverju er Gulli tilbúinn til að fórna til að ráða að niðurlögum erkióvinnarins? Æsispennandi saga um ALVÖRU ofurhetju.

176 bls.

Bókabeitan

IB RAF HLB



Orri óstöðvandi & Orri óstöðvandi

– Hefnd glæponanna

Bjarni Fritzon

Lesari: Vignir Rafn Valþórsson

Orri óstöðvandi er ofurhetjuútgáfan af Orra sem hann breytir sér í þegar hann þarf á hugrekki og sjálfstrausti að halda. Bækurnar eru myndnar, skemmtilegar og sjálfstýrkjandi fyrir krakka á aldrinum 7 til 12 ára. Vignir Rafn glæðir sögurnar lífi.

5:45 klst.

Storytel

HLB



ORRI ÓSTÖÐVANDI: Bókin hennar Möggu Messi

Bjarni Fritzon

Þá er bókin hennar Möggu Messi loksins tilbúin og hún er ekkert annað en stórkostleg.

Ég vil alls ekki ljóstra of miklu upp en Magga lenti í bandóðum Blikabjalfara sem reyndi að skemma fyrir henni Rey Cup, VERSTA FÓLK Í HEIMI flutti í húsið við hliðina á henni, foreldrar hennar reyndu að stela jólnum, hún lenti í ótrúlegri uppákomu í Skálafelli og svo varð hálfgert stríðsástand á Reykjum. Sem betur fer hafði Magga mig, Orra óstöðvandi, sér til halds og trausts í gegnum þessa vitleysu.

294 bls.

Út fyrir kassann

IB



Ókindin og Bethany

Jack Meggitt-Philips

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Myndir: Isabelle Follath

Ebenezer gefur ókindinni á háaloftinu allt sem hún óskar sér að éta, í skiptum fyrir töfralyf sem hefur haldið honum ungum og fallegum í rúm 500 ár.

Aðalsöguhetjan er samt Bethany, vænsta stelpa en líka óttalegt hrekkjusvín, sem Ebenezer ættleiðir, öllum að óvörum. Af hverju skyldi hann hafa gert það? Gólandi myndin og hjartnæm saga ... af ókind.

248 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Múminálarnir – stórbók

Ósýnilega barnið og aðrar sögur / Eyjan hans múmínabba / Seint í nóvember

Tove Jansson

Þýð.: Guðrún J. Baldvinsdóttir, Steinunn Briem og Þórdís Gísladóttir

Tove Jansson skrifaði níu sögubækur um múmínálarna ástsælu sem loks eru allar fánlegar á íslensku í veglegu safni stórbóka. Þetta síðasta bindi geymir heillandi sögur þar sem ýmis háski steðjar að múmíndal, bæði íbúum hans og gestkomandi verum. Skemmtilestur fyrir bæði börn og fullorðna.

496 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Ótrúleg ævintýri Brjálínu Hansen 3

Endalok alheimsins

Finn-Ole Heinrich

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Myndskr.: Rán Flygenring

Brjálína hefur í nógu að snúast heima í Plastgerði því nú er mamma hennar nánast rúmfast og Brjálína reynir eftir bestu getu að vera henni innan handar.


Á æskuheimili Brjálínu, Brjálívíu, gengur mikið á því pabbi hennar og kærastan hans hafa eignast tvíburastráka.

Endalok alheimsins er þriðja og síðasta bókin í bókaflökknum Ótrúleg ævintýri Brjálínu Hansen.

188 bls.

Angústúra

IB



Pollýanna

Sagan af stelpunni sem kom öllum í gott skap

Eleanor H. Porter

Þýð.: Freysteinn Gunnarsson

Ungfrú Pollý hefur aldrei laðast að börnum. En þegar ellefu ára gömul systurdóttir hennar verður munaðarlaus getur hún ekki skorast undan því að taka hana að sér. Þessi stúlka er Pollýanna. Hún er alltaf glöð hvað sem á dýnur. Bjartsýni hennar og gleði smitar út frá sér.

Dásamleg saga um það hvernig jákvætt hugarfar getur unnið bug á erfiðleikum lífsins.

224 bls. / 5:27 klst.

Ugla

IB

HLB

Hljóðbók frá Storytel



Refurinn ráðsnjali

Roald Dahl

Þýð.: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir

Myndskr.: Quentin Blake

Refurinn ráðsnjali býr í greni í skógi einum ásamt Fóu og yrðlingunum þeirra fjórum. Í nágrenninu búa þrjú stórbændur. Refurinn ráðsnjali hefur þann háttinn á að læðast í forðabúr þeirra á kvöldin og næla sér í eitthvað gott í kvöldmatin, án þess að biðja um leyfi! Bændurnir eru aldeilis ekki ánægðir með þetta og ákveða að koma rebba fyrir kattanef. Þá upphefst meiriháttar eltingar-leikur og við skulum spyrja að leikslukum! Skemmtileg bók frá sagnameistarunum mikla, Roald Dahl.

98 bls.

Kver bókaútgáfa

KIL



Sagan af því þegar Grýla var ung og hvers vegna hún varð illskeytt og vond

Kristín Heimisdóttir

Hátt uppi í fjöllunum bjó Grýla litla ásamt foreldrum sínum, þeim Klofintanna og Grettingná, og átta systkinum í stórum helli. Þangað hafði enginn maður nokkru sinni komið og þess vegna vissi enginn hvar hellirinn var staðsettur. Tröllafjölskyldan lifði því öruggu og áhyggjulausu lífi, án mannfólks.

Það breyttist þó allt einn fallegan haustdag ...

Þennan haustdag hvarf Grýla litla að heiman og líf hennar og allrar fjölskyldunnar breyttist fyrir lífstíð.

58 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Seiðmenn hins forna

Barid þrisvar

Cressida Cowell

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Stríðsmærin Ósk og seiðstrákurinn Xar hafa verið gerð útlæg og eru á flotta undan seiðmennum, stríðsmönnum og öðru mun hættulegra, NORNUM ...

Tekst þeim að finna síðustu hraefnin í nornafögunarseyðid áður en nornakóngurinn læsir klónum í járnvirka galdurinn?

Barid þrisvar er þriðja af fjórum Seiðmannabókum.

Kvikmynd í bígerð.

400 bls.

Angústúra

IB



Dagbók Kidda klaufa

Snjóstríðið

Jeff Kinney

Þýð.: Helgi Jónsson

Hér kemur 13. bókin um Kidda klaufa og vini hans, en bækurnar hafa verið einn allra vinsælasti bókaflökkurinn á Íslandi og víða um heim í nokkur ár. Nú er mikill og kaldur vetur og ekkert er gefið eftir í stríðinu sem skellur á í hverfinu þeirra Kidda og Randvers. Barist verður þar til allar snjökúlnurnar klárast!

218 bls.

Sögur útgáfa

IB



Best í bókum

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Sombína

Sombína og dularfulla hvarfið
Sombína og sunnarfríið við Myrkravatn

Barbara Cantini

Þýð.: Heiða Björk Þórbergisdóttir

Sombína og dularfulla hvarfið og Sombína og sunnarfríið við Myrkravatn.

Sombína og besti vinur hennar albinóamjöhundurinn Harmur, búa með Hálfðánu frænku að Hrunvöllum. Tvö glæný og drungaleg ævintýri um vinalaga uppvakninginn Sombínu og fjölskyldu hennar.

60 bls.

Bókabeitan

IB



Spæjarastofa Lalla og Maju

Gullráðgátan

Skólaráðgátan

Martin Widmark

Myndir: Helena Willis

Þýð.: Íris Baldursdóttir

Hinar sívinsælu Ráðgátubækur henta vel fyrir krakka sem vilja æfa lesturinn því lettrið er stórt og setningarnar stuttar. Í *Skólaráðgátunni* finnast falsaðir peningaseðlar í Víkurbæ og vísbendingar leiða spæjarana Lalla og Maju að grunnskólanum, og í *Gullráðgátunni* hverfa 250 kíló af gulli úr rammlæstri bankahvelfingu. Hver mínúta skiptir máli!

96 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Stjáni og stríðnisþúkarnir

Partýþúkar

Þúkar á flækingi

Zanna Davidson

Stjáni fann nokkra stríðnisþúka í kommóðunni sinni. Stjáni og stríðnisþúkarnir lenda í ýmis konar hremmingum og ævintýrum sem stórskemmtilegt er að fylgjast með.

Bækurnar eru spennandi valkostur með sniðugum litmyndum og fjölbreyttum texta.

80 bls.

Rósakot

IB



Strumparnir 1-3

Stacia Deutsch og Rhody Cohon

Lesari: Laddi

Hínar sívinsælu Strumpar eru mættir á Storytel í þremur glænýjum ævintýrum. Hlýðið á einstakan leiklestur Ladda þar sem hann rifjar upp taktana úr talsetningu sígildu teiknimyndanna sem allir muna eftir og elska.

🔊 10:00 klst.

Storytel


HLB



Bækur fyrir töff týpur

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Ljósaserían

Stúfur leysir ráðgátu

Eva Rún Þorgeirsdóttir

Myndlýsing: Blær Guðmundsdóttir

Ljósaserían.is – bókaklúbbur barnanna.

Ástandið á heimili jólasveinanna er hræðilegt. Grýla grætur og gólar því einhver hefur stolið vandinum hennar og það á sjálfan afmælisdaginn! Stúfur þarf að taka málin í sínar hendur. Hugrakka vinkona hans Lóa og skapvondi jólakötturinn slást með í för og saman ætla þau að leysa þessa dularfullu ráðgátu.

96 bls.

Bókabeitan

IB RAF HLB



Stúlkan í turninum

Jónas Hallgrímsson

Stúlkan í turninum kom fyrst út árið 1847 í tímaritinu Fjölni. Ævintýrið er eftir þjóðskáld Íslendinga, Jónas Hallgrímsson.

Ung stúlka á fótum sínum fjör að launa undan víkingum og hleypur inn í turn sem er að hrúni kominn. En turninn er undir álögum og stúlkan situr þar föst. Stór ugla reynir að leiða hana inn í myrkríð og draumsýn konungríkis freistar hennar. En hvernig getur hún sloppið úr þrisund sinni?

30 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Svarta kisa

SVARTA KISA – Hundadagur

SVARTA KISA – Í Svartaskóla

Nick Bruel

Þýð.: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson og Bjarki Karlsson

Bækurnar um *SVÖRTU KISU* eru frábærlega skemmtilegar léttlestrarbækur sem bæði börn og fullorðnir hafa gaman af. Hér bætast við tvær nýjar *SVÖRTU KISU* bækur, *Hundadagur* og *Í Svartaskóla*, og hafa þá komið út sex bækur í seríunni. Kattaeigendur elska þessar bækur, en þær eru í hópi allra vinsælustu barnabóka í Bandaríkjunum.

160 bls.

Bókafélagið

SVK



Svefnfiðrildin

Erla Björnsdóttir

Myndir: Auður Ómarsdóttir


Sunna er fjörug stelpa. Einn daginn þarf hún að fara til læknis sem segir henni frá svefnfiðrildunum en þau hjálpa okkur að sofna og hvílast vel á nóttinni. Svefnfiðrildin eru stórmerkileg og Sunna getur varla beðið eftir að segja öllum frá töfrum þeirra!

Sagan útskýrir mikilvægi svefnis og hvíldar fyrir börnum og í bókinni má einnig finna góð ráð til foreldra varðandi svefn barna og svefnþagbók.

64 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Leyndarmál Lindu

Sögur af ekki-svo flottri sjónvarpsstjórn

Rachel Renée Russell

Þýð.: Helgi Jónsson

Bókaflokkurinn um Lindu hefur sannarlega slegið í gegn á alþjóðavísu. Allar stelpur þekja Lindu og bestu vinkonur hennar, þær Bínu og Stínu, að við tölum ekki um helsta óvin hennar; Hildi Hermundar. Í þessari bók gerist Linda sjónvarpsstjarna og ekki eru allir ánægðir með það.

342 bls.

Sögur útgáfa

IB




Sögur fyrir svefninn 1-8

Eva Rún Þorgeirsdóttir
Lesari: Salka Sól Eyfeld

Sögur fyrir svefninn eru hrífandi ævintýri sem hjálpa börnum að finna ró fyrir svefninn með aðstoð ímyndunarafslins. Ríthöfundurinn Eva Rún Þorgeirsdóttir hefur margra ára reynslu af því að kenna börnum jóga, slökun og hugleiðslu og þaðan sækir hún innblástur fyrir sögurnar. Sögurnar leiða unga hlustendur inn í inn í jákvæðan og uppbyggilegan ævintýraheim – og þaðan inn í draumalandið. Salka Sól gæðir sögurnar lífi með einsökum lestri sínum.

🔊 4:50 klst.

Storytel



RAF HLB



Tinna Trítlimús

Háskabrumurinn
Aðalsteinn Stefánsson

Tinna og Koli taka sér ferð á hendur á hættulegar slóðir.

Kobbi kanínupabbi hafði haldið í leiðangur en ekki skilað sér til baka. Tinna og Koli bjóðast til að fara að leita að honum þótt hættur leynist á hverju strái og margar hindranir verði á vegi þeirra ...

82 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Tommi Klúður

Mistök voru gerð

Stephan Pastis

Tommi rekur einkaspæjarafyrirtækið *Algert Klúður* með viðskiptafélaga sínum. Hann er, að eigin sögn, stofnandi, forstjóri og framkvæmdastjóri bestu spæjarastofu í bænum – já sennilega á öllu landinu!

320 bls.

Edda útgáfa

IB



Ferðin á heimsenda

Týnda barnið

Sigrún Eliasdóttir

Myndir: Sigmundur Breiðfjörð

Húgó og Alex ætla sér að finna vorið þótt stundum gangi allt á afturfótunum. Nú eru þau á nýjum slóðum og kynnað meðal annars gömlum karli með unglingaveiki, risaskordýrum og dularfullri konu sem býr yfir leyndarmáli úr fortíð Húgós. Þessi bráðfyndna fantasía fyrir 8–12 ára lesendur er framhald bókarinnar *Leitin að vorinu* sem kom út í fyrra.

188 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Vala víkingur og Miðgarðsormurinn

Kristján Már Gunnarsson


Myndskr.: Sól Hilmarsdóttir

Vala víkingur ferðast um Goðheima ásamt skipi sínu, Breka dreka í ævintýraleit. Nú eru þau að leita að flugfiskum en skyndilega rekast þau á eitthvað stórt og ægilegt. Hvað ætli þau hafi fundið? Og er þetta þrumuguðinn Þór, syndandi svo langt frá landi?

52 bls.

Drápa

IB



Verstu kennarar í heimi

David Walliams

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Ef þú kannast við Verstu börn í heimi skaltu búa þig undir dálítið miklu, miklu verra ... VERSTU KENNARA Í HEIMI! Hér er sagt frá ótta herra Knúts, ógnarþríhjólfröken Ógnar, doktor Ofsa og stól þúsund prumpa, ógnarsal frú Sléttu, og hryllingssöguni um hjónin Turtill og Dúfu & tárahafið. Ég varaði þig við! Hér er David Walliams upp á sitt besta.

308 bls.

Bókafélagið

IB



Villinorn

Villinorn 4. Blóðkindin

Villinorn 5. Fjandablóð

Lene Kaaberbøl

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Fjórða og fimmta bókin í danska bókaflokknum *Villinorn* um Klöru og baráttu hennar við ill öfl í villtri náttúrunni eftir danska verðlaunahöfundinn Lene Kaaberbøl. Villinornarbækurnar hafa komið út á 17 tungumálum.

182/176 bls.

Angústúra

KIL



Þín eigin saga

Knútsipons

Risaeðlur

Ævar Þór Benediktsson


Myndir: Evana Kisa

Litríkar og spennandi bækur þar sem ÞÚ ræður hvað gerist! Mundu bara að ef sagan endar illa má alltaf reyna aftur – það eru mörg mismunandi sögulok! Tvær nýjar bækur í vinsælum bókaflokki fyrir byrjendur í lestri.

64 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL



Þín eigin undirdjúp

Ævar Þór Benediktsson

Myndir: Evana Kisa

Lesari: Ævar Þór Benediktsson

Sjöunda bókin í einum vinsælasta bókaflokki síðari ára. Hér ert þú söguhetjan og stjórnar ferðinni. Þér er boðið um borð í kafbát þar sem þrjár stórskrítnir skipstjórar ráða ríkjum. Á leið ykkar um undirdjúpin leitið þið að sokknum fjársjóði, kannið hinn banvæna Bermúdaþríhyrning og eltið uppi heimsins stærsta sjávarskrímsli. Ný og spennandi bók eftir margfaldan verðlaunahöfund.

336 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB

Barnabækur

FRÆÐI OG BÆKUR ALMENNS EFNIS



Brandarar og gátur 5

Huginn Þór Grétarsson

Þetta er brandarabók númer fimm! Hvers vegna? Jú, vegna þess að krakkar elska þessar bækur. Þeir fá ekki nóg af þeim. Þeir vilja fleiri brandara! Þess vegna kemur án efa bók númer sex á næsta ári!

Fimmaurabrandarar, gamlingjabrandarar, læknabrandarar, skólabrandarar og kóvída-brandarar! Munið bara að fara á klósettið áður en þið lesið brandarana!

78 bls.

Öðinsauga útgáfa

KIL



Fótboltaspurningar 2020

Þjarni Þór Guðjónsson og Guðjón Ingi Eiríksson

Með hvaða liði lék Steven Lennon fyrst eftir að hann kom til Íslands? Stuðningsmannaklúbbur hvaða liðs kallar sig Silfurskeiðina? Hvernig eru sokkarnir á litinn í aðalbúningi Frakka? Með hvaða liði lék Bruno Fernandes áður en hann gekk til liðs við Manchester United? Hjá hvaða liði hóf James Milner feril sinn? Hvorrar þjóðar er Lautaro Martínez? En Kim Little? Frá hvaða landi eru liðin 07 Vestur og Skála? En Haka og Honka? Þetta og margfalt fleiri spurningar í þessari bráðskemmtilegu bók sem allir knattspyrnuennendur ættu að spreyta sig á.

80 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Fótbolti – Meistarataktar

Lærðu að spila eins og þau!

Rob Colson

Þýð.: Ásmundur Helgason

Viltu ná boltastjórn eins og Kylian Mbappé, sóla eins og Lionel Messi eða verja eins og Alisson Becker? Þessi bók hjálpar þér að ná meistaratóktum bestu leikmanna heims! Skýrar leiðbeiningar útskýra hvernig á að læra og æfa lykiltríði. Farið yfir helstu hæfileika 20 bestu leikmanna heims, yfirlit yfir bestu þjálfarana, ólík leikkerfi og bestu HM mörkin.

116 bls.

Drápa

IB



Heillaspor – gildin okkar

Gunnar Hersveinn

Myndir: Helga Björg Kjerúlf og Hera Guðmundsdóttir

Heilræðabækur Gunnars Hersveins hafa notið mikilla vinsælda og dregið fram það sem skiptir raunverulega máli. *Heillaspor – gildin okkar* fjallar um gildin sem leggja grunn að farsælu lífi fyrir ungt fólk og fjölskyldur þess. Fallegar myndir og hugarljós hjálpa lesandanum að finna svörin til að stíga heillaspor í lífinu.

64 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB



Heimur risaeðla


Þýð.: Þorgrímur Kári Snævarr

Krakkar fræðast um risaeðlur og þróunarsöguna í þessari bók. Þau geta notað sérstakt smáforrit sem fylgir með og horft á myndbönd tengd efninu í síma eða á spjaldtölvum. Voru grameðlur með fjaðrir? Dóu risaeðlurnar út eða þróuðust þær í önnur dýr? Þessum og mun fleiri spurningum er svarað í bókinni.

64 bls.

Öðinsauga útgáfa

IB



Hestar

Hjörleifur Hjartarson og Rán Flygenring

Íslenski hesturinn hefur þolað margt í þúsund ára þjónustuhlutverki við kaldlynda þjóð í köldu landi. Hér stígur þarfasti þjónninn fram rétt eins og hann er og var allt frá því að fyrsta fylfulla merin steig óstyrkum fæti á íslenska strönd seint á níundu öld; laus við keppnisrembing, upphafningu og tildur.

Hjörleifur Hjartarson og Rán Flygenring sýndu það með bók sinni *Fuglar* að íslensk fuglafræði er annað og meira en upptalning á þurrum staðreyndum. Nú er komið að hrossunum.

184 bls.

Angústúra

SVK



Íslandsdætur

Nína Björk Jónsdóttir


Myndir: Auður Ýr Elísabetardóttir

Hér er sögð saga rúmlega fjörutíu framúrskarandi kvenna sem spanna tímann allt frá upphafi byggðar á Íslandi til dagsins í dag. Sumar eru þekktar fyrir hugrekki og staðfestu eða fyrir að hafa upplifað ótrúlegar þrekaunir og tekist á við þær af seiglu og áráðni. Aðrar voru brautryðjendur, landkönnuðir, menntakonur, sjómenn eða þekktar fyrir vísindastörf, íþróttaafræk, ritstörf, tónsmíðar eða aðrar listir. Hér er einnig sögð saga kvenna sem börðust fyrir jafnrétti kynjanna og gáfu kost á sér til forystu til að bæta samfélagið.

108 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Jörðin

Fræðandi bók með flipum og útskornum síðum þar sem landafræðin öðlast líf

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Jörðin býr yfir kraumandi eldstöðvum, jöklum, eyðimörkum, miklum vatnsföllum og dularfullum hellakerfum. Leggjum af stað í ævintýralega ferð!

Fræðandi bók fyrir krakka á öllum aldri sem hafa áhuga á jörðinni.

29 bls.

Setberg

IB



Litla gula hænán

Steingrímur Arason

Litla gula hænán er frægari en aðrar dæmisögur. Fyrir þýsna marga hefur þessi saga verið með fyrstu textum sem þeim tókst að ráða í af eigin rammeik, en hún er ekki síður eftirminnileg fyrir sinn tæra og einfalda réttlætisboðskap sem oft er vitnað til. Auk litlu gula hænunnar eru í bókinni fleiri kunnuglegar sögur, svo sem um sætabrauðsdrenginn sprettharða, Unga litla og um pönnuköku sem fór að heiman. Íðunn Arna Björgvinsdóttir endurgerði myndir úr fyrstu útgáfu bókarinnar frá 1930.

160 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Litlir könnuðir – LÍKAMINN

Fræðandi harðspjaldaguggabók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Lífleg og fræðandi bók fyrir börn sem hafa áhuga á líkamanum.

Eftirfarandi bækur eru í sama bókaflökki: Veröld dýranna, Þegar ég verð stór, Á ferð og flugi, Sveitabærinn, Pöddur og Hafíð.

Tilvalin bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.

16 bls.

Setberg

IB EÚT



Litlir könnuðir – VERÖLD DÝRANNA

Fræðandi harðspjaldaguggabók

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Lífleg og fræðandi bók fyrir börn sem hafa áhuga á dýraríkinu.

Eftirfarandi bækur eru í sama bókaflökki: Líkaminn, Þegar ég verð stór, Á ferð og flugi, Sveitabærinn, Pöddur og Hafíð.

Tilvalin bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.

16 bls.

Setberg

IB



Mannslíkaminn

Kannaðu stórkostlegasta undur veraldar – mannslíkamann!

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Fræðumst um mannslíkamann og starfsemi hans á greinargóðan hátt.

Á hverri opnu sem er útskorin er helstu líffærum gerð skil í myndum og máli og útskýrt hvert hlutverk þeirra er og hvar þau eru staðsett í líkamanum.

Tilvalin bók fyrir krakka á öllum aldri sem hafa áhuga á mannslíkamanum.

16 bls.

Setberg

IB



Myndskreytt handbók um skrautlegar skepnur

Maja Säfström

Þýð.: Valgerður Bjarnadóttir

Myndskr.: Maja Säfström

Vissir þú að hrafnar geta hermt eftir hljóðum eins og páfagaukar? Það er ekki nóg með að moskítóflugur bítí – þær spræna líka á mann. Krossfiskar eru heilalausir en kolkrabbar með fleiri heilasellur en mannskepnan ... og þrjú hjörtu!

Bráðskemmtilegar staðreyndir og fyrsta flokks teikningar eftir hina sænsku Maju Säfström.

120 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB



Spurningabókin 2020

Hvaða dýr er svartá ekkjan?

Guðjón Ingi Eiríksson

Hvað eru margir reitir á bingóspjaldi? Hvert er íslenska heitið yfir Halloween? Hvaða náttúrufyrirbæri er stundum kallað „bláa gullið“? Hvort fæðast kanínur blindar eða sjáandi? Hvaða tómatsoða er í uppáhaldi hjá Ed Sheeran? Þetta og margfalt fleiri stórskemmtilegar spurningar í þessari frábæru bók sem ætti að vera til á hverju heimili.

80 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Öflugir strákar: Trúðu á sjálfan þig


Bjarni Fritzon

Þessi skemmtilega uppsetta sjálfstyrkingarbók er byggð á hinu sívinsæla námskeiði, Öflugir strákar og fjallar um það hvernig þú getur eftir sjálfan þig. Bókin kennir þér meðal annars hvernig þú getur verið ánægðari með þig og öðlast meira sjálfstraust. Hvernig þú getur náð betri árangri í því sem þú hefur áhuga á og tekist á við mótlæti. Hvernig þú getur einbeitt þér að því sem skiptir máli og haft hugrekki til að fara út fyrir þægindarammann. Orri óstöðvandi og Magga Messi koma víða við sögu auk þess sem í bókinni er að finna ýmsar áhugaverðar frásagnir af flottum fyrirmyndum og öflugum strákum.

180 bls.

Út fyrir kassann

IB



Erum með úrvalið...
sérvalið

bóksala stúdenta

www.boksala.is

Ungmennabækur



PAX 4

TILBERINN

Ingela Korsell og Asa Larsson

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson


Myndskr.: Henrik Jonsson

Peningar, hlutir og ástkær gæludýr hverfa og Alríkur er efstur á lista yfir grunaða. Fólk veit ekki að það búa galdrar að baki, því einhver hefur búið til tilbera! Smám saman hrindir svartnornin áetlun sinni í framkvæmd. „PAX-bækurnar eru án vafa einhverjar æsilegustu og mest taugastrekkjandi bækur sem ég hef lesið! Einfaldlega hrikalega spennandi.“

200 bls.

Drápa

IB



Anna á Arinhæð

L.M. Montgomery

Þýð.: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir

Anna og Gilbert Blythe hafa komið sér notalega fyrir ásamt börnum sínum fimm í húsi sem þau kalla Arinhæð. Bókin segir frá börnunum og ýmsum uppákomum þeim tengdum en viðfangsefni hinna fullorðnu, til dæmis hjónabandsörðugleikar og erfiðir ættingjar, fá sitt rými. Sjötta bókin af átta um Önnu í Grænuhlíð lítur loksins dagsins ljós. Hún hefur ekki komið út í íslenskri þýðingu áður.

Ástríki útgáfa

SVK



Bráðum áðan

Guðni Lindal Benediktsson

Líf Söruh hefur verið í uppnámi síðan hún missti mömmu sína. Fjölskyldan botnar ekkert í henni og hún á enga samleið með krökkunum í skólanum. Dag einn birtist svo Elsa frænka eftir áralanga fjarveru, bullandi um alkemíu, tímaflakk og skrímsli – íklædd málmhönskum!

Áður en Sarah veit af er hún lögð af stað í stórhættulegt ferðalag gegnum tíma og rúm.

296 bls.

Bókabeitan

IB RAF HLB



Brennan á Flugumýri

Anna Dóra Antonsson

„Hafið ykkur út strákar, eins og skot, reynið að komast út í gegnum litlustofu, forðist skálann eins og heitan eldinn,“ sagði Kormákur bryti þegar eldur fór að loga um hús á Flugumýri í október 1253.

Hér er fjallað um stórtíðindi á Sturlungaöld. Hvers vegna var saklaust fólk brennt inni og drepð? Jafnvel við brúðkaup? Svárið kemur í ljós í bókinni Brennan á Flugumýri.

124 bls.

Espólin forlag

KIL



Bækur Ólafs Hauks Símonarsonar

Ólafur Hauk Símonarson

Lesari: ýmsir

Nokkrar eldri bóka Ólafs Hauks komu út hjá Storytel á árinu og eru því loks aðgengilegar á ný. Þarna er meðal annars hægt að hlusta á klassískar barna- og ungmennabækur eins og Meiri gauragang en líka þrileikinn um uppvaxtarsögu drengs í Vesturbænum sem hófst á Flugu á vegg. Taktu því rólega heima í stofu og enduruppgötvaðu þessar perlu.

6:00 klst.

Storytel

HLB



Dagbækur Berts – sería

Anders Jacobsson og Sören Olsson

Lesari: Árni Beinteinn Árnason

Leynileg ást, rokktonlist, áhyggjur, tilfinningar, klúður og vinátta – Bert er engum líkur! Bert-bækurnar eiga sér marga tryggja aðdáendur á Íslandi og lifna nú við á ný í frábærum lestri Árna Beinteins Árnasonar.

20:20 klst.

Storytel

HLB



Danskvæði um söngfugla og slöngur

Suzanne Collins

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Tiundu Hungurleikarnir eru að hefjast í Panem. Hinn átján ára Kóriolanus Snow býr sig undir hlutverk sem getur gjörbreytt framtíð hans. Hann hefur fengið það niðurlægjandi verkefni að leiðsegja stúlkunni úr tólfta umdæmi. En örlög þeirra eru samtvinnuð og inni á leikvanginum verður barist til síðasta blóðdropa. Hér er forsaga metsölubókanna um Hungurleikana sögð.

569 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Dulstafir – bók eitt

Dóttir hafsins

Kristín Björg Sigurvinsdóttir

Líf Elísa, sextán ára unglings, gjörbreyttist á einni nóttu þegar hún heyrir tónlist berast frá hafinu. Tónlistin leiðir hana niður í fjöru og alla leið að fjöluþlá borginni. Elísa dregst inn í háskalega atburðarrás og kemst að því að hún er hluti af spádómi ævaforrnar menningar á hafsbotni. Er hún verðug þess að bera titilinn dóttir hafsins?

288 bls.

Björt bókaútgáfa – Bókabeitan

IB RAF HLB



Drauma-Dísa

Gunnar Theódór Eggertsson

Á furðusagnahátíð í útlöndum ætla Vár og vinir hennar að sjá átrúnaðargoðið sitt, hinn dularfulla höfund bókaflökkans um Dísu. En hann veldur þeim vonbrigðum og hverfur svo sporlaust. Eftir það byrjar sögusvið bóka hans, með skrímslum sínum og furðum, að renna saman við raunveruleikann. Hér lýkur mögnuðum furðusagnaþrileik sem hófst á bókunum Drauga-Dísu og Galdra-Dísu.

306 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB RAF



Harry Potter og leyniklefinn

J. K. Rowling

Um sumarið var versti afmælisdagur Harrys Potter og hann gat ekki beðið eftir að komast aftur í Hogwarts skóla. En svo fær hann viðvaranir frá einkennilegum húsálfi, Dobby, sem segir að fari hann í skólann muni hræðilegir hlutir gerast.

Hin stórbrotnu ævintýri Harrys Potter halda áfram.

315 bls.

Bjartur

IB



Harry Potter og leyniklefinn

J. K. Rowling

Þessi sígilda bók í einstaklega fallegri og glæsilega myndskreyttri útgáfu.


★★★★ „Einmitt bók sem upplagt er að gefa börnum á tímum sem þurfa sárlega á skemmtilegum töfraljóma að halda.“

Kolbrún Bergþórsdóttir, Frbl.

259 bls.

Bjartur

IB



Háspenna lífshætta á Spáni

Árni Arnason

Systkinin Sóley og Ari eru á leið í langbráð frí til Spánar með foreldrum sínum. En það sem átti að vera þægilegt frí til að hlaða batteríin breytist snarlega þegar skuggalegir menn fara að birtast í kringum þau.

Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar *Friðbergur forseti*.

226 bls.

Bjartur

IB RAF



Huldugáttin

Bobbie Peers

Þýð.: Ingunn Snædal

Hver er þessi dularfulla kona sem reynir að nálgast William? Og hver fjárin er huldugátt?

William og Iscia standa frammi fyrir myrkum öflum og saman leggja þau í hættuför til að komast að hinu sanna.

Huldugáttin er önnur bókin um William Wenton og er æsispennandi, hugmyndarík og skemmtileg.

247 bls.

Bjartur

IB RAF



Maurildi

Hafsfólkið 3

Viveca Sten og Camilla Sten

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir


Maurildi breiða sitt bláa skin yfir hafið og ís myndast með ógnarhraða. Djúpt undir sjávarborðinu skipulegur sjávardísinn hefnir sína – og öllum skerjagarðinum er ógnað ...

Maurildi er lokabindið í mögnuðum þrileik sem mæðgurnar Camilla og Viveca Sten hafa skrifað um Hafsfólkið. Fyrri bækurnar, *Hylðýpið* og *Sæþokan*, fengu frábærar viðtökur íslenskra lesenda.

432 bls.

Ugla

IB



Óðal óttans

Einar Þorgrímsson

Skip strandar í foráttuveðri við hrjóstruga austurströnd Skotlands árið 1906. Rökstuddur grunur er uppi um að glæpur hafi verið framinn. Mörgum áratugum seinna, 1964, hefst önnur æsispennandi atburðarás. Þetta er saga um ógnir og ævintýr, skelfingu og hættur. Drátt fyrir að sagan sé skrifuð fyrir ungmenni, er hún fyrir alla, sem vilja lesa spennandi sögur.

Óðal óttans er fyrsta bókin af fimm í nýrri röð ungmennabóka frá höfundu.

182 bls.

Einar Þorgrímsson

KIL



SKAM 2

Julie Andem

Þýð.: Erla E. Völudóttir

Norsku sjónvarpsþættirnir SKAM vöktu gríðarlega athygli og ganga nú í endurnýjun lífdagana í bókarformi.

Þessi bók geymir senur sem aldrei voru teknar upp og samtöl sem voru klippt burt ásamt athugasemdum og hugleiðingum höfundarins, Julie Andem.

Þetta er handritið að annarri þáttaröð SKAM, nákvæmlega eins og það var skrifað.

256 bls.

Ugla

IB



Skógurinn

Hildur Knútsdóttir


Lesari: Hildur Knútsdóttir

Kría varð vitni að því þegar Gerða amma hennar hvarf sporlaust. Hún hikar því ekki þegar sömu örlög biða dótturdóttur hennar 79 árum síðar og fórnar sér í hennar stað. Þá fær hún loksins að sjá hvað leynist handan við dularfulla skápinn og svör við spurningum sem hafa ásótt hana áratugum saman. *Skógurinn* er lokabindi rómaðs þrileiks en fyrri bækurnar, *Ljónið* og *Normin*, fengu fjölda viðurkenninga.

311 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF HLB



Vampírur, vesen og annað tilfallandi

Rut Guðnadóttir

Furðuleg veikindi (nei, ekki Covid-19) breiðast um skólann og Milla, Rakel og Lilja ákveða að gera eitthvað í málu. En laumulega, því enginn trúir þrettán ára stelpum sem segja að kennarinn þeirra sé vampír. Ófyrirsjáanleg lögbrot, vinslit og drama flækjast svo fyrir því að sannreyna hvort nokkuð yfirnátúrulegt sé á kreiki. Bókin hlýtur Íslensku barnabókaverðlaunin 2020.

287 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB RAF



Vertu ósýnilegur

Flóttasaga Ishmaels

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Vertu ósýnilegur, flóttasaga Ishmaels, vakti gríðarlega athygli þegar hún kom fyrst út 2017. Hún hlaut Barnabókaverðlaun Reykjavíkur, Fjöruverðlaunin og Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverslana.

„Skyldulesning fyrir allar manneskjur.“

Steinunn Inga Óttarsdóttir, Kbl.

235 bls.

Bjartur

KIL

Skáldverk

ÍSLENSK



107 Reykjavík

Skemmtisaga fyrir lengra konna

Auður Jónsdóttir og Birna Anna Björnsdóttir

Þegar Stefánía Brown-Huntington skilur við breska jarlinn og flytur aftur til Íslands ríður á miklu að vinkvennaklíku Hallgerðar takist að ná henni til sín.

Ærslafengin atburðarás um reykvíska samtíð þar sem raunverulegar persónur sem ímyndaðar mæta til leiks í myndinni og hárbreitri háðsádeilu.

303 bls.

Bjartur

IB RAF



500 dagar af regni

Aðalsteinn Emil Aðalsteinsson

Safn níu smásagna úr íslenskum samtíma þar sem dregin eru fram lykilaugnablik í lífi fólks. Endalok og nýtt upphaf, sakleysi og sekt, bernska og manndómur, raunveruleiki og ímyndun kallast þar á með ýmsum hætti. Bókin hlaut Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta 2020.

126 bls.

Dimma

IB



Aldinmalkið hefur klárast

Hræðileg barnasaga

Gríma Kamban

Fjórir táníngar og hundur fara saman í útilegu. Dularfull mál svífa yfir vötnum, draugalestir, njósnarar og grunsamlega ríkir bændur. Sagan er kunnugleg – en táníngar eru ekki lengur eins og þeir voru eða voru ef til vill aðeins í bókum.

Gríma Kamban er enginn nýgræðingur í skáldskap en kemur nú í fyrsta sinn fram undir því heiti. Sérgrein Grímu er paródían.

87 bls.

Hin kindin

KIL



Aldrei nema kona

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir

Aldrei nema kona er heimildaskáldsaga sem fylgir þremur ættliðum kvenna í Skagafirði á átjándu og nítjándu öld. Með þrautseigju og æðruleysi tekst þeim að komast af þrátt fyrir hart árferði og harðneskjulegt samfélag. Höfundur rekur æviferil langmæðgna sinna og byggir þar á heimildum úr kirkjubókum, manntölum, æviskrám, dómabókum og ýmsum heimildum öðrum. Sögutíminn spannar meira en hundrað ár, frá miðri átjándu öld fram yfir miðja hina nítjándu.

272 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Andlitslausa konan

Jónína Leósdóttir

Lesari: Elin Gunnarsdóttir

Skelfilegur glæpur er framinn í brúðkaupi sem Eddu á Birkimelum er boðið í. Rannsókn málsins er snúin en varpar óvænt ljósi á veislu sem forsætisráðherra undirbýr í gamla Þingvallabænum og setur leyndardómsfull áramótaplön barnabarns Eddu líka í uppnám. Fimmta bókin um eftirlaunaþegann Eddu sem leysir flókin sakamál með hyggjuvitnið að vopni.

329 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF HLB



Aprílsólarkuldi

Elísabet Jökulsdóttir

Þegar Elísabet Jökulsdóttir býður lesendum í innra ferðalag gildir miðinn alla leið. Hér er lýst föðrumissu Védísar, skólástúlku sem er einstæð móðir; ástinni sem kemur næstum jafn óvænt og ferlinu inn í sjúkdóm, öllu í einni augnablikseilífið. Reykjavík fær á sig sérstakan blæ með lýsingum í ekta Elísabetarstíl sem hér er djúptær, litaður flæði og frelsi ljóðsins – hvergi skortir skarpskyggni né hómur.

143 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF



Atómstöðin

Halldór Laxness

Atómstöðin er ein af umdeildustu skáldsögum Halldórs Laxness. Í henni segir frá norðanstúlkunni Uglu sem kemur í höfuðstaðinn til að læra á orgel en þar mæta henni tveir ólíkir heimar og ólík lífsgildi takast á. Proskasaga Uglu er um leið beitt þjóðarsaga; róttæk, kímín og heimspekileg. Útgáfan er með nútímastafsetningu.

187 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL EÚT



Árstíðir

Sögur á einföldu máli


Karítas Hrunnar Pálsdóttir

Í stuttum og aðgengilegum sögum er brugðið upp ýmsum hliðum á íslenskum hversdagsleika. Þetta er fyrsta safn frumsaminnna sagna ætlað þeim sem tileinka sér íslensku sem annað mál. Textarnir eru fjölbreyttir og flokkaðir eftir getustigi í samræði við sérfræðinga. Viðauki fylgir með fróðleik um land og þjóð. Bókin nýtist jafnt við kennslu sem og til yndislestrar.

247 bls.

Una útgáfuhús

SVK



Birta, ljós og skuggar

Unnur Lilja Aradóttir

Þegar yngri sonur Birtu flytur að heiman áttar hún sig á að hún er ekki sátt við líf sitt. Þegar hún kynnist Tim finnur hún óvænt trúnaðarvin. Með hjálp Tims finnur hún styrk til að losa sig úr ómögulegum aðstæðum og kemst að því að ekkert er sem sýnist. Á sama tíma og Birta berst við erfið sambandsliit, ofsóknir og átakanleg fjölskyldumál áttar hún sig á því að það sem hún hefur alltaf þráð er nær en hana grunaði. Þetta er saga Birtu, ljóssins sem hún á stundum erfitt með að greina og skugganna sem hún forðast.

276 bls.

Hringaná ehf.

IB

**Blóðberg**

Þóra Karítas Árnadóttir

Lesari: Þóra Karítas Árnadóttir

Árið 1608 sver ung stúlka í Skagafirði, Þórdís Halldórsdóttir, eið um að hún sé hrein mey eftir að upp kemur kvittur um ástarsamband hennar við mág sinn – en slíkt var dauðasök á tímum stóradóms. Fimm mánuðum síðar fæðir hún barn. Þórdís má lifa með ásökunum um blóðskömm og er gert að sæta pyntingum segi hún ekki til barnsföður síns. Heill áratugur líður þar til dómur er kveðinn upp. Heillandi og átakanleg söguleg skáldsaga.

174 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF HLB

**Blóðraudur sjór**

Lilja Sigurðardóttir

Lesari: Elín Gunnarsdóttir

Þegar heildsalinn Flosi kemur heim í kvöldmat er Guðrún kona hans horfin og á borðinu er krafa um að hann greiði himinhátt lausnargjald, annars verði hún drepin. Í órvæntingu leitar hann til Áróru sem kann að þefa uppi illa fengið fé. Mannránið gæti tengst alþjóðlegri glæpastarfsemi – eða er skýringin ef til vill mun nærtækari? Hröð og æsispennandi saga með óvæntum vendingum.

314 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF HLB

**Bráðin**

Yrsa Sigurðardóttir

Björgunarsveitir eru sendar inn í Lónsöræfi í leit að hópi fólks sem er saknað. Hvaða erindi áttu þau í óbyggðir um hávetur? Á sama tíma gerast undarlegir atburðir á ratsjárstöðinni á Stokksnesi. Og á nesinu er gat í sjávarklöpp sem sagnar til sín fólk ...

350 bls.

Veröld

IB RAF

**Brottnám**

Þórður Steinn

Sonur Njáls er ekki mættur í vikulegt matarboð. Njáll verður áhyggjufullur og dregur Dísu út úr óreglunni til að hjálpa sér að finna hann. Eltingarleikur, kapphlaup við tímann, mótörhólagengi og böðlarnir koma við sögu í þessari æsispennandi bók. Allt virðist gerast undir stjórn þess stóra. Dísa og Njáll eru komin hættulega nálægt því að leysa hið ósnertanlega net hans með hjálp úr óvæntri átt.

301 bls.

Þórður Steinn

SVK

**Bróðir**

Halldór Armand

Lesari: Halldór Armand

Í tilfinningauppnámi verður unglingurinn Skorri valdur að hræðilegu slysi. Atvikið verður að örlagaríku leyndarmáli milli hans og Tinnu, barnungrar systur hans. Mörgum árum síðar kemur það upp á milli þeirra. Í dramatísku skáldsögunni *Bróðir* er fjallað á djarfan, fyndinn og áhrifamikinn hátt um það þegar gott fólk hegðar sér eins og skepnur.

292 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB

**Brúin yfir Tangagötuna**

Eiríkur Örn Norðdahl

Lesari: Eiríkur Örn Norðdahl

Það er vinnslustopp í rækjunni, gatan sundurgrafin og bærinn fullur af forvitnum túristum. Ef ekki væri fyrir nágrannakonuna handan við brúna væri líf Halldórs ansi dapurlegt. En þótt það séu bara níu og hálf skref úr anddyrinu hans að dyrunum hennar er leiðin þangað furðulega flókin. Launfyndin, ísfrisk ástarsaga úr samtímanum eftir verðlaunahöfund sem hvarvetna vekur athygli.

216 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF HLB

**Bækur Þórarins Eldjárns**

Þórarinn Eldjárn

Lesari: ýmsir

Eldri bækur Þórarins Eldjárns eru nú loksins fánlegar á ný og að þessu sinni sem hljóðbækur!

Storytel gaf út þessa gimsteina bókmenntasögunnar á árinu, allt frá kvæðum fyrir börn til smásagnasafna og skáldsagna. Leyfðu þér að enduruppgötva þá við kertaljósíð heima í stofu.

🔊 33:20 klst.

Storytel

HLB

**Dauðabókin**

Stefán Máni

Ný bók um hinn sívinsæla leynilögglumann Hörð Grímsson. Ung stúlka deyr í sumarpartíi í Borgarnesi og nokkru síðar er piltur myrtur við Rauðhóla. Í framhaldi fá vinir hans myrta torkennilegar vinabeðinir á samfélagsmiðlum sem leiða þá að síðu sem kallast Dauðabókin. Hver stendur að baki síðunni og hvað vill Dauðabókin unga fólkinu?

316 bls.

Sögur útgáfa


IB

Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

Best í bókum

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Dauði skógar

Jónas Reynir Gunnarsson
Lesari: Stefán Hallur Stefánsson

Það hefur rignt linnulaust í marga daga þegar skógurinn rennur niður hlíðina og setur allt af stað í lífi landeigandans og fjölskyldufóðurins Magnúsar. Litlu seinna koma sprengjurnar í ljós. Launfyndin og margræð saga um það þegar hversdagurinn fer á hvolf og dauðinn ber að dyrum. Jónas Reynir hefur vakið mikla athygli fyrir skáldsögur sínar og ljóð og hlotið bæði Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og Maístjörnuna.

180 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF HLB



Dimmuborgir

Óttar Norðfjörð
Lesari: Hjálmar Hjálmarsson

Bókmenntarýnirinn Elmar Arnarsson er búinn að loka sig af með stafla af jólabókum þegar honum berast óvænt nýjar upplýsingar um andlát besta vinar síns 25 árum fyrr. Elmar, sem hefur ætíð verið sannfærður um að Felix hafi verið myrtur, verður heltekinn af því að komast að sannleikanum og brátt snýst tilvera þessa hlédræga manns gjörsamlega á hvolf.

266 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF HLB



Drottningin

Þrjúgandi spennna frá fyrstu síðu!

Fritz Már Jørgensson


Á tjaldstæði austur undir Eyjafjöllum hverfur barn af óhugnanlegum morðvettvangi. Lögreglumennirnir Jónas og Addi eru kallaðir til. Rannsókn þeirra er umfangsmikil. Í ljós kemur að við öfl er að eiga sem svífast einskis jafnvel þótt börn eigi í hlut.

Æsispennandi spennusaga um svik, morð og valdatafl í ofbeldisfullum veruleika á Íslandi.

252 bls.

Ugla

KIL



Dýralíf

Auður Ava Ólafsdóttir

Í vetrarmyrkri er áður óþekkt lægð í aðsigi. Ung ljósmóðir býr í íbúð sem hún erfði eftir ömmusystur sína. Upp úr kassa undan Chiquita-banönum koma þrjú handrit sem ömmusystirin vann að, *Dýralíf, rannsókn á því sem mannskepnan er fær um, Sannleikurinn um ljósið og Tilviljunin*.

Þessi sjöunda skáldsaga Auðar Övu fjallar um brothættasta og grimmasta dýrið: manninn og leitina að mennskunni.

Skáldsögur hennar eru margverðlaunaðar og hafa verið þýddar á 33 tungumál.

208 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB



Ein

Ásdís Halla Bragadóttir


Þegar ung kona sem starfar í heimaþjónustu mætir til vinnu í blokk fyrir eldri borgara blasir við henni óvænt sýn. Hún óttast að eiga sök á því að hafa hrundið af stað hræðilegri atburðarás.

Vonir, þrjár og hversdagsleiki ólíks fólks fléttast saman með látlausum en áhrifamiklum hætti.

223 bls.

Veröld

IB RAF



Eldarnir

Ástin og aðrar hamfarir

Sigríður Hagalín Björnsdóttir

Jarðskjálftar skekja Reykjanesskaga, eldfjöllin eru vöknud til lífsins eftir 800 ára hlé. Enginn þekkir þau betur en eldfjallafræðingurinn Anna Arnardóttir, forstöðumaður Jarðvísindastofnunar, sem þarf að takast á við stærsta verkefni ferilsins við stjórn almannavarna. En áferðarfallett og hamingjuríkt líf hennar lætur ekki lengur að stjórn.

Fyrri skáldsögur Sigríðar eru *Eyland* og *Hið heilaga orð*.

288 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB



Eldri bækur Guðrúnar Evu Mínervudóttur

Guðrún Eva Mínervudóttir

Lesari: ýmsir

Eldri bækur Guðrúnar Evu eru nú loksins fáanlegar á ný og að þessu sinni sem hljóðbækur!

Á árinu komu all flestar eldri bækur Guðrúnar Evu út hjá Storytel í yndislegum lestri færra leikara. Leyfðu þér að enduruppgötva þessar perlor við kertaljósið heima í stofu.

Um er að ræða bækurnar:

- Englaryk
 - Allt með kossi vekur
 - Yosoy
 - Sagan af sjóreknu pianónum
- Albúm
- Á meðan hann horfir á þig ertu María mey

🔊 24:00 klst.

Storytel



Fjarvera þín er myrkur

Jón Kalman Stefánsson


Er það ábyrgð eða hugleysi að sætta sig við örlög sín? Hér tvinnast saman yfir staði og tíma, kynslóð fram af kynslóð, líf sem kannski eru jafn tíðindalítill og girðingarstaurar en halda þó öllu uppi. Kornabarn sem rétt er yfir eldhúsbörð, löngu dáíð þýskt skáld og döpur rokkstjarna.

Þetta er þrettánda skáldsaga höfundar sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2005 fyrir *Sumarljós, og svo kemur nóttin*.

496 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB



Fjötrar

Sólveig Pálsdóttir

Lesari: Sólveig Pálsdóttir

Kona finnst látin í klefa sínum í fangelsinu á Hólmsheiði. Guðgeir og félagar hans rannsaka málið sem reynist hafa ótal þræði og teygja anga sína víða, alla leið til stóra skjálftans um aldamótin þar sem ungur maður hvarf sporlaust.

Bókin hlaut Blóðdropann 2020, verðlaun sem Hið íslenska glæpafélag veitir árlega fyrir bestu íslensku glæpasöguna.

🔊 9:00 klst.

Storytel

HLB



Flæðarmál

Sjöfn Hauksdóttir

Melkorka er horfin en enginn saknar hennar. Sóley, fyrrum samstarfsskona hennar, fer að velja fyrir sér hvers vegna. Lét hún sig hverfa, var hún látin hverfa eða gufaði hún bara upp? Flæðarmál bar sigur úr býtum í handritasamkeppni Storytel, Eyranu, árið 2020. Njóttu þess að hlusta og lesa á Storytel Reader lesbrettinu.

🔊 8:00 klst.

Storytel

RAF HLB



Flækjurof

Stefán Sturla

Neyðarkall berst úr dalnum endalæsa. Þyrlan er send af stað með Lísu og annað starfsfólk rannsóknarlögreglunnar. Á öðrum stað á landinu er Sigrún lögreglukona í berjamó. Hún skilar sér ekki í vinnu eftir berjaferðina. Tengist hvarf hennar óhugnaðinum í dalnum endalæsa? *Flækjurof* er lokabókin í þrileiknum um Lísu og aðstoðarfólk hennar. Hinar eru *Fuglaskoðarinn* og *Fléttubönd*.

266 bls.

Ormstunga

KIL RAF



Frásaga Jóns Jónssonar af því hvernig á að ná árangri í starfi og einkalífi


Börkur Gunnarsson

Blaðamaðurinn Nonni, sem áður vann á jafarsettum smáblöðum, stefnir nú hægt upp metorðastigann á ritstjórn Morgunblaðsins. Söguhetjan verður vitaskild fyrir vonbrigðum þegar tillitslausir samstarfsmenn þykjast ekki taka eftir stílsnilli hans og rotta sig saman í hlajandi hýenuhópum. En það er ekkert sem nokkrir kaldir á Kaffibarnum ná ekki að bæta upp. *Frásaga Jóns Jónssonar af því hvernig á að ná árangri í starfi og einkalífi* er í senn bráðfyndin og harmsöguleg lýsing á andhetju vorra tíma.

112 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Fyrir daga farsímans

Böðvar Guðmundsson

Furðulegir helgidómar á altari kirkju sem var vígð 1882. Leiðsögumaður þýskra túrista sem þarf að þola að þeir hegða sér allt öðruvísi en honum líkar. Hernaðarsaga Íslendinga, ástir í braggahverfi og söngnám á Ítalíu. Þetta og margt fleira er efni nýrra smásagna Böðvars Guðmundssonar. Sögurnar eiga það sameiginlegt að þær gerast fyrir daga farsímans. Böðvar Guðmundsson hefur verið ástsælt skáld um áraðir og meðal annars hlotið Íslensku bókmenntaverðlaunin. Hér opnar hann nokkra glugga inn í gamlan heim, þar sem líf og reynsla karlmanna er í fyrirrúmi.

194 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Gata meðranna

Kristín Marja Baldursdóttir


Lesari: Kristín Marja Baldursdóttir

Marín er á leið út í lífið eftir stúdentspróf, óviss um næstu skref. Leit að leiguhverbergi leiðir hana hús úr húsi, frá einni konu til annarrar, og allar eiga þær sögur og drauma. *Gata meðranna* gerist á sjöunda áratugnum og hlutverk kynjanna eru skýr; heima í götunni ráða konurnar ríkjum. Hárbeittur húmor og innsæi í gripandi sögu um leyndarmál og ósögð orð, ástleysi og ást.

243 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

IB RAF HLB



Hansdætur

Benný Sif Ísleifsdóttir


Lesari: Benný Sif Ísleifsdóttir

Kona sem á þrjú börn með þremur mönnum í vestfirsku sjávarplássi í byrjun tuttugustu aldar á sér ekki viðreisnar von en dóttir hennar Grátiana þráir breytta tíma og betra líf. *Hansdætur* er áhrifamikil örlagasaga um harðgerðar konur, viðkvæmar sálir, andans menn, óreiðufólk af ýmsu tagi; drauma þeirra og þrár, sorgir og sigra.

342 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB



Heimskringla

Snorri Sturluson

Lesari: Arnar Jónsson

Heimskringla kom út á Storytel á árinu í mögnuðum lestri Arnars Jónssonar. Heimskringla Snorra Sturlusonar er meðal helstu dýrgripa bókmenntasögu þjóðarinnar. Agað og vel samið verk sem geymir alls 16 sögur, þeirra á meðal Ólafs sögu helga og Ólafs sögu Tryggvasonar

Njóttu þess að hlusta og lesa á Storytel Reader lesbrettinu.

🔊 34:30 klst.

Storytel

RAF HLB



Herbergi í öðrum heimi

María Elísabet Bragadóttir

„Hjartað slær óumbeðið og viðstöðulaust frá vöggum til grafar. Ég get ekki annað en vantreyst svo fáránlegum stöðugleika.“

Herbergi í öðrum heimi hefur að geyma sjö smásögur. María Elísabet skrifar af öryggi og innsæi um þrá fólks eftir tengslum og uppgjöri. Með hárfínu skopskyni og hugmyndaauði kveður nýr höfundur sér hljóð á eftirminnanlegan hátt.


212 bls.

Una útgáfuhúsið

SVK

Auðvelt
að panta á
boksala.is

Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is



Erum með úrvalið
...sérvalið

bóksala stúdenta
www.boksala.is



Hilduleikur

Hlín Agnarsdóttir

Hilda er ljóðelsk kona sem komin er á Aflifunarlundur. Hún býr ein í stórrí íbúð og ætlar sér að vera drottning í sínu ríki þar til yfir lýkur. En það samræmist ekki markmiði fyrirtækisins *Futura Eterna* sem sér um skipulagningu ævkvöldsins. Spennandi og launfýndin atburðarás með óvæntum endi kallast á við óvenjulegt pestarástand samtímans með gagnrýnum undirtón.

225 bls.

Ormstunga

SVK RAF



Hjartastaður

Steinunn Sigurðardóttir

Harpa Eir flýr úr borginni til að bjarga dóttur sinni úr slæmum félagsskap. Stefnan er tekin austur á land og leiðin liggur jafnt um stórbrotna náttúruna og hrjóstrugt landslag hugans. Þessi magnaða og margbrotna ferðasaga er eitt þekktasta verk Steinunnar Sigurðardóttur og fyrir hana hlaut hún Íslensku bókmenntaverðlaunin 1995. Guðni Elísson ritar eftirmála.

444 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF EÚT



Hús harmleikja

Guðrún Guðlaugsdóttir

Á Eyrarbakka situr Alma blaðamaður og skrifar bók um reimleika. Hún kynnist Oktavíu Bergros, litríkri leikkonu og safnverði í Húsinu. Leikurinn æsist. Irma kvikmyndaleikstjóri kemur á svæðið ásamt eiginmanni og tveimur handritshöfundum. Leyndarmál þorpsbúa krauma undir. Dauðinn ber að dyrum. Lögregla rannsakar málið og Alma er ekki aðgerðarlaus.

255 bls. / 7:54 klst.

GPA

SVK HLB

Hljóðbók frá Storytel



Hvítidauði

Ragnar Jónasson


Lesari: Haraldur Ari Stefánsson og Íris Tanja Flygenring
Árið 1983 deyja tveir starfsmenn á berklahæli skammt frá Akureyri og er ljóst að andlát þeirra bar ekki að með eðlilegum hætti. Ungur afbrotafraeðingur vinnur að lokaritgerð um þetta undarlega mál árið 2012 og kemur þá ýmislegt óvænt í ljós.

Njóttu þess að hlusta og lesa á Storytel Reader lesbrettinu.

Útgefandi Ragnar Jónasson – Aðeins á Storytel.

Storytel

RAF HLB



Höfuðbók

Ólafur Hauk Símonarson

Þegar þrenndartaug í höfði Ólafs Hauks Símonarsonar breytir daglegu lífi hans í hreint helvíti neitar hann að lýsa sig sigraðan. Höfuðbók segir frá raunverulegu fólki, lífandi og látnu, en einnig birtast skáldaðar og skemmtilegar persónur til að afvirkja sársauka og dauðaangist. Lesandi er vís til að hleypa og gráta á víxl við lesturinn.

268 bls.

Sögur útgáfa

IB



ILLVERK

Inga Kristjáns

Gamalt mál er sett af stað þegar ungur drengur rekt á mannabein í grunni húsarústa á Eskifirði. Við uppgröft finnast líkamsleifar þeirra sem saknað hafði verið í áraradír ásamt dagbók Sigurveigar húsfreyju að Gáratúni og átta skrif hennar eftir að varpa ljósi á ýmis svik, leyndardóma og djúp ástarmál.

328 bls.

LEÓ Bókaútgáfa

KIL



Í faðmi ljónsins

ástarsaga

Orri Páll Ormarsson

Fótboltabók fyrir sófasérfræðinga. Enska knattspyrnan er þjóðarþrótt okkar Íslendinga. Við gleðjumst og þjáumst yfir ensku knattspyrnunni eins og hún væri okkar eigin og það þykir jafn sjálfsagt að íslensk börn velji sér lið á Englandi og að þau gangi í skóla. En hvernig hófst þessi ástarsaga? Hvers vegna lentum við í faðmi ljónsins?

245 bls.

Sögur útgáfa

IB



Í helgreipum ástarinnar

Dolli Geirs

Í *helgreipum ástarinnar* er saga laundóttur konu sem ákveður að hefna sín á starfsbróður móður sinnar vegna framkomu í hennar garð. Leyndarmálið varð henni ljóst við lestur dagbókar móður sinnar án hennar vitneskju og vilja. Sagan fjallar um hömlulausar ástíður, hliðarspor og afleiðingar.

125 bls.

Smyrilsútgáfan

KIL



Í Hjarta Mínú

Óliver Þorsteinsson

Þegar Ómar segir systkinum sínum frá þungbæri áætlun sinni, skerast þau í leikinn og reyna að ýta honum í átt að betri stað.

Hinn vonlaus Ómar tekur á sig lífið og upplifir hluti sem hann gat aðeins dreymt um frá unga aldri. En þunglyndi togar hann niður á botninn.

Nær hann að berjast á móti erfiðum hindrunum sem hann sjálfur hefur orsakað?

Eða gefst hann upp sigraður á líkama og sál, því lífið var honum ofviða?

238 bls. / 6:09 klst.

LEÓ Bókaútgáfa

KIL HLB

Hljóðbók frá Storytel



Klettaborgin

Sólveig Pálsdóttir

Sólveig Pálsdóttir var ung send í sveit austur í Skaftafellsýslu. Klettaborgin byggir á minningum Sólveigar frá æsku og fram undir tvítugt og persónugalleríuð er fjölbreytt. Hún skrifar um fólk og atburði, sem hafa haft áhrif á líf hennar, og lýsir horfnum heimi og annars konar lífsgildum en við þekkjum í dag. Klettaborgin geymir fallegar sögur og dýrmætar minningar um dýrmætar manneskjur.

192 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Konan sem elskaði fossinn

Sigríður í Brattholti
Eyrún Ingadóttir

Sigríður í Brattholti hóf ein og óstudd baráttu gegn áformum um að virkja Gullfoss, baráttu fyrir málstað sem hún var tilbúin að fórna lífinu fyrir. Samhliða því þurfti Sigríður að glíma við erfiðleika á heimili sínu og í einkalífi.

Stórbrotin söguleg skáldsaga sem lætur engan ósnortinn.

267 bls.

Veröld

IB RAF



Kórdrengur í Kaupmannahöfn

Jón Óskar Sólmes

Ungur drengur flyst til Kaupmannahafnar ásamt fjölskyldu sinni í lok sjöunda áratugar síðustu aldar. Fyrir röð óvæntra atburða á það fyrir honum að liggja að spreyta sig á sífellt erfiðari hlutverkum í gamla söngskólanum í Kóngsins Kaupmannahöfn. Við kynnumst hörðum heimi sönglistarinnar, áskorunum, hamingju og sorg.

235 bls.

Skrudda

IB



Krákan

Sandra B. Clausen

Lesari: Álfrún Helga Örnólfsdóttir

Í 5. bók Hjartablóðs fylgjumst við með afkomendum Magdalenu og Ara, þeim Ester og Evu.

Tvívurasturnar eru ólíkir persónuleikar og ýmsar hremmingar henda þær og þá sérstaklega Ester, eða Krákuna eins og hún hefur verið kölluð frá blautu barnsbeini. Hörmulegur atburður á eftir að skekja sveitina og valda því að heimilið í Laufskógum er ekki lengur öruggur staður.

🔊 5:00 klst.

Storytel

HLB



Lavander í vanda

Jón Páll Björnsson

Bylting! Þegar hann vaknar á ókunnugum spítala í ókunnugri borg man hann ekki neitt. Ekki baun.

Hann veit ekki hvað hann heitir, veit ekki hver hann er eða hvernig hann komst þangað. En þrátt fyrir það, og fyrir algjöra slysi, hrindir hann af stað byltingu og þremur vikum síðar er hann kjörinn borgarstjóri.

Og það er bara byrjunin á vandræðunum!

Lavander í vanda fjallar um lygileg ævintýri svikahrappsins Lavanders Petrillots. Maðurinn er snillingur að koma sér í vanda og enn meiri snillingur í að græða á honum.

280 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Litli Garðurinn

Lára Óskarsdóttir

Litli Garðurinn er um atburð sem íslensk fjölskylda verður fyrir á Spáni. Hugmyndina að sögunni fékk höfundur úr viðtali við móður sem varð fyrir sömu reynslu og fjölskyldan. Atburðarásin leiðir lesandann milli tveggja tíma og heldur spennunni allt til enda. Litríkir karakterar glæða frásögnina kimni og dýpt. Bókin er fyrsta skáldsaga höfundar.

342 bls.

Lára Óskarsdóttir

KIL



Morðin í Háskólabíó

Stella Blómkvist

Prestur á líknardeildinni leitar til Stelli með hinstu játningu um nauðgun og hvarf tólf ára stúlku norður á Ströndum tuttugu árum fyrir. Gömul kærasta verður fyrir dularfullri líkamsárás og skjólstaðingur Stelli ferst í sprengingu á kosningahátíð í Háskólabíó. En ekkert mál er of flókið fyrir harðasta og kjaftforasta lögmann landsins.

272 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Mæður geimfara

Sigurbjörg Prastardóttir

Hér er á ferðinni litríkt sagnasafn um tilraunir manneskjunnar til að svífa – og nagandi vitneskjuna um þyngdaraflið sem sigrar alltaf. Sigurbjörg Prastardóttir skrifar ljóð, leiktexta og prósa og er margkunn heima og erlendis fyrir einstakan og ísmeygilegan stíl.

143 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Möndulhalli


ymsir

Möndulhalli er undirstaða lífs á jörðinni eins og við þekkjum það en hver eru áhrif skekkjunnar á hversdaginn? Það blasir við í smásögum þessa safnrits, þar sem áföll erfast, stormar geisa, sonur verður faðir sinn, barn tekst á við berkla, flóðhestur gengur um götur Reykjavíkur og fólk yfirgefur jörðina eða snýr þangað aftur.

203 bls.

Una útgáfuhúsið

SVK



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdentna

Best í bókum



Mörgæis með brostið hjarta

ástarsaga

Stefán Máni

Óframfærinn rithöfundur vopnaður gamaldags ritvél berst við handrit að fyrstu skáldsögu sinni, á milli þess sem hann langar í meira kaffi. Mörgæis með mannlegar tilfinningar, ástfangin en um leið full af kvíða, leitar að tilgangi lífsins. Ferðalög um hverfandi ísbreiður og hvítar auðar blaðsíður leiða þau saman. Ástin á tímum hamfarahlýnunar.

128 bls.

Sögur útgáfa

KIL



Næturskuggar

Eva Björg Áegisdóttir

Ungur maður lætur lífið í dularfullum eldsvoða á Akranesi. Athafnamenn á Skaganum villast af þröngum vegi dyggðanna í einkalífi og starfi. Og ung kona lendir í mikilum ógöngum. Lögreglukonan Elma þarf að kljást við flókið og erfitt mál samhliða því sem einkalíf hennar er í uppnámi.

368 bls.

Veröld

IB RAF



Plan B

Guðrún Inga Ragnarsdóttir

Gyða er afkastamið skáld sem hefur þó aldrei komið út á prenti. En nú er hún með frábæra hugmynd að skáldsögu sem er byggð á skrautlegu fólki sem hún vann með í heimaþjónustu Kaupmannahafnar. Gyða ákveður að endurnýja kynnin við gömlu vinnufélagana en flækist fljótt í litríkan lygavef. *Plan B* er frumleg og listavel spunnin saga af ferðalagi sem tekur óvænta stefnu.

341 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Samhengi hlutanna

Eygló Jónsdóttir

Er það satt að við séum það sem við hugsam og að við sköpum hugsanir okkar? Eða eru hugsanir og hugmyndir kannski sjálfæð fyrirbrigði, eins og óreindir sveimandi um loftið í leit að hýsli? *Samhengi hlutanna* samanstendur af fimm smásögum úr daglega lífinu og fjórum þáttum úr lífi Jónasar.

112 bls.

Björt bókaútgáfa – Bókabeitan

IB RAF



Sáttmálsörkin

Andrea og verður arkarimmar

Aron

Hvers vegna var stór sáttmálsörk byggð fyrir tvær steintöflur með boðorðunum tíu?

Hvar er sáttmálsörkin í dag?

Hvernig tengjast tölur eins og 36, 72, 144, 216 og 432, alheiminum og trúarbrögðum?

Hvað var Gordíonshnúturinn?

Framdi Kleópatra sjálfsmorð?

Hvert var efni guðanna?

Hér er hulunni svipt af mörgum helstu ráðgátum mannkyns.

500 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Síðasta barnið

Guðmundur S. Brynjólfsson

Veturinn er harður og ofan á basl alþýðunnar bætist morðbrenna á Stokkseyri og skotárás á sýsluskrifstofunni á Eyrarbakka. Sem fyrr fléttast hlutskipti fátækra Sunnlendinga inn í líf sýslumannshjónanna sem þó eiga nóg með sitt. Studdur af Tryggva skrifara sínum þarf Eyjólfur að glíma við höfuðandstæðing sinn, óþokkann Kár Ketilsson sem bruggar sín viðbjóðslegu ráð. Embætti sýslumanns berst óvæntur liðsauki frá Englandi og ekki seinna vænna, því nú dregur að leikslukum.

240 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Síðustu dagar Skálholts

Bjarni Harðarson

Síðustu dagar Skálholts segir ósejjanlega sögu af ringulreið við endalok mikilla mektardaga í Sultartungum, af bekkingum skólapilta, lénsveldi Stefánunga, mannfelli förufulks, hinum sannheilaga Eilífagvendi og uppsveitadrjólum sem reyna að koma á byltingu. Þegar síðasta standsfólkið er farið er öll saga staðarins fólgin í minni einnar soðbúrskerlingar sem skynjar að stráin, sem áður rembdust öll við að verða eitthvað meira og stærra, eru aldrei nema strá.

192 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Sjálfsát

Ad éta sjálfan sig

Helen Cova

Ný smásögubók frá venesúelíska-íslenska höfundinum Helen Cova. Hér blandast saman töfraraunsæi og myrk ævintýri í hverri sögunni á fætur annarri sem færir íslensku firðina, myrkur íslensku vetranna og karabíska andrúmsloftið á einn og sama staðinn. Þetta er bók sem þú munt ekki geta lagt frá þér.

„Vellandi af sköpun, gáskamyrr og innspírerandi! Ég gat ekki hætt að vona að höfundurinn væri dóttir mín.“

Steinar Bragi.

Einnig fánleg á ensku undir nafninu *Autosarcophagy*

88 bls.

Ós Pressan

SVK



Sjálfstýring


Guðrún Brjánsdóttir

Lífið virðist blasa við hæfileikaríki, ungru konu. Hún á góða vini, ástríka fjölskyldu og er á leiðinni í inntökupróf við virtan tónlistarskóla erlendis. En eftir að vinur hennar braut á henni í partíinu um jólin upplifir hún aðeins einkennilegan doða og tengslaleysi við sjálfa sig og sína nánustu. Sagan vann rafbókasamkeppni Forlagsins 2020.

76 bls.

Forlagið

KIL RAF



Hrímland

Skammdegisskuggar

Alexander Dan

Sæmundur hefur verið rekin úr Svartaskóla fyrir hættulegt fíkt við svartagaldur. Garún vill losa Hrímland undan erlendum kúgurum og til þess að knýja fram byltinguna sem hún þráir leitar hún til Sæmundar – með ófyrirséðum afleiðingum. Mógnað og myrk samtímafurðusaga sem nálgast þjóðsagnaarfinn og Íslandssöguna á ferskan og frumlegan hátt.

490 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



Snerting

Ólafur Jóhann Ólafsson

Áhrifamikil skáldsaga sem gerist í Reykjavík og Tókýó samtímans og London á sjöunda áratugnum. Magnþrungin saga um fornar og nýjar ástir, leynd og eftirsjá, hugsjónir og veruleika. Saga sem rígheldur allt til óvænta endaloka.

303 bls.

Veröld

IB RAF



Stigið á strik

Ingvi Þór Kormásson

Atli Jón er maður á miðjum aldri sem býr í Reykjavík. Eitt og annað plagar hann. Hann veit ekki enn hvað hann vill verða þegar hann verður stór. Eiginkonan er farin frá honum. Hann býr því einn með kettinum Brandi og lætur sér leiðast. En svo fer ýmislegt óvænt að gerast í lífi Atla. Hann kemst á snoðir um leyndarmál sem leiðir hann á vit vafasamra manna sem virðast tengjast dularfullum dauðsföllum. *Stigið á strik* er þriðja bók höfundar sem hlaut glæpasagnaverðlaunin Gaddakylfuna árið 2009.

296 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Strá

Birnir Jón Sigurðsson

Myndir: Hallveig Kristín Eiríksdóttir

Fullorðin kona mætir velvild ókunnugra í „Gefins, allt gefins“, ungur maður mótmælir einn uppi á heiði og afgreiðslukona í plötubúð losar sig úr þröngum þægindahring. *Strá* bar sig úr bítum í handritasamkeppninni Nýjar raddir 2019. Í sögunum ferðast lesendur um brothætta náttúru landsins og finna fyrir ákafrir löngun til að snerta aðra manneskju.

114 bls.

Forlagið

KIL EÚT



Strendingar

fjölskyldulíf í sjö tóktum

Yrsa Þóll Gylfadóttir

Skemmtileg og áhrifamikil skáldsaga um hálf ár í lífi fjölskyldu, þar sem allir sjö hugarheimar hennar fá rödd. Þannig fléttast saman innra líf og ytri atburðir í marglaga og minnisstæðri sögu.

Yrsa Þóll Gylfadóttir vakti mikla athygli fyrir síðustu skáldsögu sína, *Móðurlífið*, blönduð tækni.

264 bls.

Bjartur

IB RAF



Sumar í september

Sveinn Snorri Sveinsson

Ungur maður missir heilsuna eftir mikla vímuefnaneyslu. Eftir áralöng veikindi er hann orðinn miðaldra án þess að nokkuð hafi gerst í lífi hans síðan um tvítugt. Dásamlegir hlutir eiga sér stað þegar hann kynnist konu á internetinu. Hér er sagt frá því hvernig þau hittust og hvað gerðist. Þetta er saga sem er jafn sönn og ástin sem hún fjallar um.

342 bls.

Bókaútgáfan Deus

SVK



Sykur

Katrín Júlíusdóttir

Virtur embættismaður finnst myrtur og þegar lögreglukonan Sigurdís finnur falið öryggishólf í íbúð hans hrannast vísbendingar upp. Sigurdís þarf einnig að takast á við erfiðleika sem eiga sér rætur í æsku hennar. Höfundurinn hlaut glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn fyrir þessa mögnuðu sögu.

246 bls.

Veröld

IB RAF



Tengdadóttirin

Á krossgötum

Hrunðar vörður

Guðrún frá Lundi

Í *Tengdadótturinni*, sem kom fyrst út 1952–54, segir frá ástum og örlögum jafnt sem daglegu lífi til sveita í byrjun 20. aldar. Guðrún frá Lundi hefur einstakt lag á að gæða sögupersónur sínar lífi svo lesandinn hverfur hundrað ár aftur í tímann.

454 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF EÚT



Tíbrá

Ármann Jakobsson

Fjórir ungir menn fara saman á veiðar – misjafnlega vanir skotvopnum. Hvað gæti farið úrskeiðis?

Hörkuspennandi en líka skemmtisaga um glæp. Ein af metsölubókum sumarsins 2020.

„Fyndinn, frjór og snjall“

Vikan

295 bls.

Bjartur

KIL RAF



Tímamót

Þorsteinn Gíslason

Tímamót er lykiðskáldsaga eftir Þorstein Gíslason skáld og ritstjóra og fjallar um Ísland um aldamótin 1900. Þorsteinn samdi söguna á efstu æviárum sínum, sennilega eftir að hann flutti og birti útvarpsfyrirlestra sína 1936 um stjórnmálasögu Íslands 1896–1918.

280 bls.


Skrudda

IB



Rosa klár
en samt svo hress

bóksala stúdenta
www.boksala.is



Tregasteinn

Arnaldur Indriðason

Kona er myrt á heimili sínu en nokkru áður hafði hún beðið Konráð, fyrrverandi lögreglumann, að finna fyrir sig barn sem hún fæddi fyrir næstum hálfri öld og lét strax frá sér. Hann neitaði bón hennar en einsetur sér nú að bæta fyrir það. Áhrifamikil og snjöll glæpasaga um skömm og órvæntingu, ákafa eftirsjá og langvarandi bergmál illra verka.

306 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL EÚT



Truflunin

Steinar Bragi

Lesari: Margrét Örnólfssdóttir

Árið er 2034. Heimurinn hefur kvíslast í tvær víddir sem snertast á litlu svæði í miðbæ Reykjavíkur. Múr umlykur svæðið og inn fyrir hann fer einungis þrautþjáfað vísindafólk og hermenn, svokallaðir agentar. Einn þeirra er félagssálfræðingurinn Halla sem falið er að finna agentinn F sem sendi frá sér torrætt neyðarkall áður en hún hvarf sporlaust. *Truflunin* er gripandi framtíðartrýllir eftir höfund sem á fáa sína líka.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB



Tvöfalt gler

Halldóra Kristín Thoroddsen

Tvöfalt gler kemur nú út í viðhafnarútgáfu. Bókin hefur á síðustu árum verið þýdd á fjölda erlendra tungumála. Hér er á ferðinni saga um gamalt fólk og gler sem er bæði gegnsætt og einangrandi. Á bak við það leynist líf sem lifað er af trústu kröftum, líf sem hamast á glerinu eins og fluga að hausti sem enn er sólgín í birtu. Sögunni fylgir bókmenntaleg greining verksins eftir rithöfundana Hörpu Rún Kristjánsdóttur og Hermann Stefánsson. Fremst er minningaskrá þar sem vinir og samferðamenn votta höfundu virðingu sína.

114 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Undir Yggdrasil

Vilborg Davíðsdóttir

Lesari: Vilborg Davíðsdóttir

Þorgerður Þorsteinsdóttir mátti biða lengi eftir óskabarninu sínu. Því harmþrungnari eru atburðirnir eftir þingið á Þórnesi þegar táttan er aðeins sjö ára gömul. Þorgerður kys heldur að leita styrks hjá skapanornunum en Hvítakristi ömmu sinnar, Auðar djúpuðu, og leitni að sannleikanum leiðir hana á óvæntar slóðir. Sögulegar skáldsögur Vilborgar Davíðsdóttur hafa notið mikilla vinsælda enda varpa þær nýstárlegu ljósi á Íslandssöguna, ekki síst örlög og aðstæður kvenna.

329 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB



Váboðar

Ófeigur Sigurðsson

Lesari: Ófeigur Sigurðsson

Fyrsta smásagnasafn verðlaunahöfundarins Ófeigs Sigurðssonar geymir ná- og fjarskyldar sögur af draumum og fyrirboðum, sérhæfðum rannsóknum og stórhuga áformum, öpum og máfum, bókum og hnífum, dyntóttu landi og ráðvilltri þjóð. Ágengar, fyndnar og frumlegar sögur þar sem misjafnlega venjulegt fólk glímir af veikum mætti við aðsteðjandi ógnir og óttann undir niðri.

197 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF HLB



Vetrarmein

Ragnar Jónasson

Lík af ungru konu finnst á gangstétt fyrir framan þriggja hæða hús á Siglufirði. Skömmu síðar skrifar íbúi á hjúkrunarheimili í bænum á vegginn í herberginu sínu: Hún var drepin. Ari Þór Arason lögreglu maður þarf að glíma við erfitt mál. „Besta glæpasaga hans til þessa.“

Morgunblaðið

240 bls.

Veröld

IB RAF



Vonarskarð

Órlaga- og örvæfasaga

Gústaf Þór Stolzenwald

Þær eru margar og mistrúlegar staðreyndirnar í bókinni *Vonarskarði*. Sagan er römmuð inn af ótrúlegri ævintýraferð feðga sem gengu þvert yfir landið, frá Hellu og norður yfir Sprengisand, sá yngri rétt af barnsaldrí. En þetta er ekki eina ferðin sem markaði líf Stolzenwald-fólksins. Stolz eldri kom yfir hafið, steig á land í Eyjum og varð ástfanginn af fjöllumum og fólkinu á Íslandi. Hér segir líka af þeim sem heima sitja og fara jafnvel víðar en vildu.

160 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Yfir bænum heima

Kristín Steinsdóttir


Lesari: Kristín Steinsdóttir

Það er vor í litlum bæ við sjóinn. Atvinna er stopul og lífið basl. En skyndilega breytist allt. Götur fyllast af hermönnum, braggar rísa og dansinn dunar. Það er komið stríð og yfir vofir ógnin: Flugvélar óvinanna. Hér segir frá þremur mæðgum og fólkinu þeirra í ólugsjó hernámsáranna; umróti, ást og lífsháska sem markar djúp spor. Viðurðarík og heillandi skáldsaga.

317 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB RAF HLB



Pagnarmúr

Arnaldur Indriðason

Lesari: Stefán Hallur Stefánsson

Í kjallara í Reykjavík finnst hrottaleg leyndarmál múruð inn í vegg. Konráð er löngu hættur í lögreglunni en stöðugt með hugann við illvirki fortíðar og ákafi hans vekur spurningar: Hvers vegna sagði hann ósatt um atburði dagsins þegar faðir hans var myrtur? Hverju hefur hann þagað yfir öll þessi ár? Spennandi og átakanleg saga um ofbeldi, varnarleysi og þungbæra þögn.

303 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB RAF HLB



Þrír skilnaðir og jarðarför

Kristján Hrafn Guðmundsson

Sjö tengdar sögur úr íslenskum samtíma. Handrit bókarinnar var valið úr tugum handrita til að hljóta Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Í umsögn dómnefndar segir m.a.: *Sögurnar eru gripandi, persónulýsingar skarpar og textinn er skrifaður á blæbrigðaríku máli.*

Höfundurinn hefur áður þýtt endurminningabók Harukis Murakamis en sendir hér frá sér sína fyrstu bók.


146 bls.

Áróra útgáfa

KIL

Skáldverk

PÝDD



43 smámunir

örsögur

Katrin Ottarsdóttir

Þýð.: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Katrin Ottarsdóttir er færeyskur kvikmyndaleikstjóri og rithöfundur. Í gáskafullum og nýstárlegum örsögum bregður hún upp litríkum myndum og sýnir lesandanum inn í sálarlíf margra ólíkra persóna.

95 bls.

Dimma

SVK



Agathe

Anne Cathrine Bomann

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Agathe gengur inn á læknastofu lífsþreytts geðlæknis í París á fimmta áratug liðinnar aldar – og allt breytist.

Áhrifamikil saga um meginþætti mannlegrar tilvistar.

„Snið og skörp saga um vanda þess að ná alvöru sambandi við annað fólk. „

Independent

132 bls.

Bjartur

KIL



Á byrjunarreit

Lee Child

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Þegar búið er að veita hörkutólinu Jack Reacher orðu fyrir sérstaklega lofsverða breytni í þágu lands og þjóðar er hann sendur í endurmenntun. Í bekknum eru tveir aðrir nemendur, annar frá FBI og hinn frá CIA. Verkefni þeirra er að hafa uppi á nafnlausum Bandaríkjamanni og því sem hann er að selja fyrir hundrað milljónir dala. Hörkuspennandi saga um vel falið leyndarmál.

416 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Bálviðri

Kiran Millwood Hargrave

Þýð.: Eyrún Edda Hjörleifsdóttir

Á aðfangadag árið 1617 skellur aftakaveður á Vardø, austustu byggð Norður-Noregs, þegar allir karlmenn þorpsins eru á sjó. Konurnar horfa á eiginmenn, unnusta, fedur, bræður og syni farast. Þær eru einar eftir og þurfa að bjarga sér. Rúmu ári síðar kemur nýr fógæti ásamt konu sinni til að sveigja íbúana undir veraldlegt og andlegt yfirvald. Sjálfstæðu konurnar á eyjunni horfast þá í augu við breytta tíma.

384 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Beðið eftir barbörumum

J. M. Coetzee

Þýð.: Rúnar Helgi Vignisson og Sigurlína Davíðsdóttir

Í áratugi hefur dómari stjórnað rólegum bæ á mærum heimsveldis. Þegar orðrómur berst um barbara handan bæjarmúranna taka fulltrúar heimsveldisins völdin. Dómariinn gerist gagnrýnn á alræði þeirra og ofbeldi, en þarf samhliða að horfast í augu við eigin takmörk, fýsnir og siðferði. Tímalaust meistaraverk eftir nóbelskhöfundinn J. M. Coetzee.

272 bls.

Una útgáfuhúsið

KIL



Blekkingleikur

Kristina Ohlsson

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Martin Benner lögmaður býr í Stokkhólmi og gengur flest í haginn. En þegar hann kaupir hlut látins vinar síns í antikverslun í New York fara óþægilegir atburðir að gerast í kringum hann og fólk hverfur – dularfullur félagsskapur virðist vera á hælum hans og vilja honum illt. Svöl og harðsoðin spennusaga, uppfyll af snjóllum ráðgátum og villandi vísbendingum.

432 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Blóðhefnd

Angela Marsons

Lesari: Íris Tanja Flygenring

Fimmta bókin í seríunni um Kim Stone.

Hörkuspennandi glæpasaga sem ómögulegt er að hætta að hlusta á fyrr en eftir að hin óvæntu endalok eru komin í ljós.

🔊 9:45 klst.

Storytel

HLB



Brennuvargurinn

Inger Wolf

Lesari: Selma Björnsdóttir


Sögusviðið er þorp þar sem ekkert gerist – þar til hús eitt brennur til kaldra kola og kvittur kemst á kreik um fólskulegt óhæfuverk. Á sama tíma hverfur drengur og brunarannsóknarfulltrúinn Klara Larsen er kölluð á staðinn ásamt aðstoðarmanni sínum, Sebastian. Frábær danskur spennutryllir.

Hlustaðu og lestu á Storytel Reader lesbrettinu.

🔊 12:00 klst.

Storytel

RAF HLB



Brostnar væntingar

Honoré de Balzac


Þýð.: Sigurjón Björnsson

Hin mikla skáldsaga franska rithöfundarins Honoré de Balzac, Brostnar væntingar, er ein þeirra bóka sem er óháð stað og tíma. Þó að hún væri skrifuð á fyrri hluta 19. aldar er hún enn ung. Og þó að umgerðin sé frönsk landsbyggð og höfuðborgin París truflar það engan. Kjarni hennar er sigilt viðfangsefni, heiðarleiki óheiðarleiki, hégómagrind og fánýt eftirsókn eftir frægð og auði.

594 bls.

Skrudda

IB

**Dauðar sálir**


Angela Marsons
Þýð.: Ingunn Snædal

Mannabein koma í ljós við fornleifauppgroft á akri í Svörtulöndum sem breytist samstundis í flókinn glæpavettvang fyrir Kim Stone rannsóknarfulltrúa. Við flokkun beinanna verður ljóst að þarna eru bein úr fleiri en einu fórnarlambi – sem bera merki ólýsanlegs hryllings. Spennandi og hryllileg glæpasaga sem heldur lesendum föngnum.

384 bls.

Drápa

KIL

**Dóttirin**

Anne B. Ragde
Þýð.: Silja Aðalsteinsdóttir

Þegar Torunn ákveður að taka upp eftirnafnið Neshov bresta veik böndin milli hennar og móður hennar. Gamli vonbiðillinn Kai Roger færir henni tvo grísi þótt hún hafi endanlega gefist upp á svínarækt. Eini ljósi punkturinn er afleysingapresturinn Frank sem er svo ansi myndarlegur ... Hér lýkur Anne B. Ragde sagnabálinum vinsæla sem hófst með *Berlínaröspunum*.

327 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF

**Dúna**

Frank Herbert
Þýð.: Kári Emil Helgason

Dúna er mest seldi vísindaskáldsaga allra tíma. Sagan gerist á eyðimerkurplánetunni Arrakis þar sem Páll Atreides og fjölskylda hans hafa verið svikin og örlagaríki atburðarás hrint af stað. *Dúna* er epísk blanda af ævintýri, dulspeki, umhverfishyggi og pólitík.

700 bls.

Partus forlag

IB KIL

**Dyrnar**


Magda Szabó
Þýð.: Guðrún Hannesdóttir

Einstök og áhrifamikil skáldsaga eftir einn merkasta höfund Ungverja á seinni hluta 20. aldar. Bókin vakti gríðarlega athygli þegar hún kom fyrst út 1987, og útgáfur hennar á erlendum málum hafa einnig hlotið verðskuldað lof og verðlaun, m.a. *Prix Femina Étrangère* í Frakklandi árið 2003. Óvenjuleg og áleitinn saga um samband tveggja ólíkra kvenna, margbrotin frásögn sem nær auðveldlega sterkum tókum á lesandanum.

298 bls.

Dimma

SVK

**Eftir endalokin**

Claire Mackintosh
Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Max og Pip eru samhent hjón, bestu vinir, elskendur – ekkert virðist hagma þeim. En þegar sonur þeirra veikist segja lækarnir að þau verði að taka ákvörðun. Í fyrsta skipti eru þau ekki sammála ... Einlæg frásögnin lýsir leiðinni frá nístandi sorg og söknuði til sáttar. Þegar einar dyr lokast opnast stundum aðrar. Áhrifamikil og afar persónuleg saga.

416 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF

**Eldum björn**

Mikael Niemi
Þýð.: Isak Harðarson

Sumarið 1852 hverfur smalastúlka frá Kengis, nyrst í Svíþjóð. Óttast er að björn hafi grandað henni og presturinn í þorpinu leitar verksummerkja með samíska piltinn Jussa sér við hlið. En fyrr en varir fjólgar fórnarlömbum og ótti og hjátrú taka völd. *Eldum björn* er einstök saga, geysivel skrifuð, myrk, hjartnæg og heillandi, eftir höfund metsölubókarinnar *Rokkað í Vittula*.

456 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF

**Endalokin**

Mats Strandberg
Þýð.: Kristian Guttesen

Þú ert 17 ára. Það er sumar og allt lítur eins út og venjulega. En allir vita hvað er framundan. Eftir aðeins rúman mánuð skellur halastjarna á jörðina og við munum öll hverfa. Hvernig viltu eyða síðustu vikunum? Og með hverjum viltu vera þegar allt tekur enda?

Endalokin er hamfarasaga sem fjallar um tvö einmana ungmenni sem búa í heimi sem fengið hefur stuttan gálgaferst.

518 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB

**Ennþá ég**

Jojo Moyes
Þýð.: Herdís M. Hübner

Louisa Clark er komin til New York og er fjarri kerasta sínum. Hún fær starf sem aðstoðarmaður ungrar konu sem er gift eldri auðkíngi. Louisa kynnist Josh en kynnin af honum hafa ófyrirséðar afleiðingar í för með sér. Ennþá ég er sjálfstætt framhald bóka *Ég fremur en þú* og *Eftir að þú fórst*.

491 bls.

Veröld

KIL RAF

**Eplamaðurinn**

Anne Mette Hancock
Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Tíu ára gamall drengur hverfur sporlaust úr skólanum. Vísendingarnar hrannast upp en virðast benda hver í sína áttina. Uppgjafarmaðurinn finnst látinn, leynileg skilaboð uppgötvast í herbergi drengsins og móðir hans virðist hafa eitthvað að fela. Og hver er Eplamaðurinn sem krakkarnir tala um? Ný og æsispennandi saga eftir höfund *Likblómsins*.

320 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF

**Ég á þetta barn**

Oyinkan Braithwaite
Þýð.: Ari Blöndal Eggertsson

Í Lagos í Nígeríu er útgöngubann vegna heimsfaraldurs. Þegar unnusta Bamba vísar honum á dyr leitar hann skjóls í húsi frænda síns sem nýlega er látinn af völdum veirunnar. Þar hittir hann konu frændans, hjákonu hans og kornabarn sem báðar segjast eiga. Hér er á ferðinni stutt saga, yndislestur fyrir alla og tilvalin fyrir þá sem gefa sér lítinn tíma til lesturs. Atburðarásin er hröð og skopið hábeitt.

76 bls.

Hringaná ehf.

KIL



Ég fremur en þú & Eftir að þú fórst

Jojo Moyes

Lesari: Álfrún Helga Örnólfsdóttir

Hugljúfar og harmrænar ástarsögur sem farið hafa sannkallaða sigurför um heiminn og hafa nú verið kvikmyndaðar í Hollywood. Komdu þér vel fyrir og hlustaðu á þessar tvær í frábærum flutningi Álfrúnar Helgu Örnólfsdóttur.

🔊 13:00 klst.

Storytel

HLB



Fólk í angist

Fredrik Backman

Þýð.: Jón Danielsson


Á opnu húsi hjá fasteignasala fer allt úr skorðum þegar örvæntingarfullur og misheppnaður bankaræningi tekur alla viðstadda í gislingu.

Hér er Fredrik Backman í fantagöðu formi í bók sem er í senn bráðfyndin og þrungin sorg og sársauka.

384 bls.

Veröld

KIL RAF



Fórnarlamb 2117

Jussi Adler-Olsen

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Mynd af látinni flóttakonu á strönd Miðjarðarhafsins vekur upp fortíðardjöfla og Assad sérsveitarmaður rambar á barmi taugaáfalls. Í kjölfarið hefst taugatrekkjandi niðurtalning að hryllilegum hamförum þar sem Ghaalib, miskunnarlaus böðullinn frá Írak, heldur um stjórntaumana. Áttunda bókin um hina vinsælu Deild Q eftir glæpasagnakóng Dana.

504 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



Fuglar í búri

Ljóð eftir afrísk-bandarísk skáld

Harper, Hughes, Angelou, Walker, McCrae ofl.

Ljóðin eru frá því á 18. öld til dagsins í dag. 64 ljóð eftir 29 skáld ásamt einu þjóðkvæði sem gefa hugmynd um samfélag, sögu og menningu svarts fólks í bandarísku þjóðfélagi frá því þrælahald ríkti. Ljóðin birta fjölbreytilegar myndir af lífi og stöðu svartra. Skáldin í bókinni hafa öll vakið athygli langt út fyrir eigin hóp og þjóð.

Garibaldi þýddi og skrifaði formála.

201 bls.

Garibaldi ehf

KIL



Gamla konur detta út um glugga

rússneskar örsögur

Daníel Kharms

Þýð.: Áslaug Agnarsdóttir og Óskar Árni Óskarsson

Daníel Kharms (1905–1942) var ljóðskáld, smásagnahöfundur, leikskáld og fulltrúi framúrstefnustrauma í sovískum bókmenntum. Hann er nú talinn einn fremsti höfundur absúrdbókmennta í hinum vestræna heimi. Úrval af örsögum þessa sérkennilega furðusagnameistara veitir innsýn í andrúmsloft á tímum ógnarstjórnar og undirstrikar með sínum hætti bjargarleysi sögupersóna.

143 bls.

Dimma

SVK



Gegnum vötn, gegnum eld

Christian Unge

Þýð.: Hilmar Hilmarsson

Tekla er ungur og eldklár læknir á bráðadeild – en hún á sér leyndarmál. Þegar stórbruni verður í háhýsi í borginni bjargar hún lífi manns sem enginn veit hver er. Grunsemdir vakna um hryðjuverk og lögreglan vaktar rænulausan sjúklinginn. Er hann hugsanlega maður sem Tekla þekkir? Fantagóð spennusaga, sú fyrsta um bráðalækninn Teklu Berg í Stokkhólmi.

457 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Glæpur við fæðingu

Trevor Noah

Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir

Stórmerkileg saga uppistandarans og stjórnmálaskýrandans Trevor Noah sem ólst upp í skugga aðskilnaðarstefunnar í Suður-Afríku. Sjálf tilvís hans var glæpur, því samband móður hans og föður af ólíkum hörundslit var refsivert á þeim tíma. Trevor segir á heillandi hátt frá æsku sinni og unglingsárum í samfélagi sem enn er í sárum, fyrstu skrefunum í skemmtanabransanum og trúrækinni móður sem opnaði fyrir honum heiminn.

368 bls.

Angústúra

KIL



Grikkur

Domenico Starnone

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Myndlistarmaður á áttræðisaldri deilir fyrrum æskuheimili sínu í fáeina sólarhringa með fjögurra ára dóttursyni á meðan einkadóttir hans og tengdasonur fara í ráðstefnuferð.

„Virðilega góður skemmtilestur sem skilur heilmikið eftir sig ... bráðsnjöll og vel skrifuð ... bæði kómísk og drungaleg ...“ RSS, Lestrarkleffinn.

★★★★ RB Mbl.

176 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL

Auðvelt
að panta á
boksala.is

Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is



Bækurnar heim

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Gæðakonur

Barbara Pym

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Mildred Lathbury tilheyrir hópi einhleypra kvenna sem stundum eru kallaðar gæðakonur. Það er alltaf hægt að leita til þeirra og enginn vandi vex þeim í augum. En þær láta aldrei á sér bera, þær eru gæðakonur.


Með ísmeygilegri myndni, nærfærni og snjöllum samtölum dregur Barbara Pym upp ómótstæðilega mynd af mannlífi hversdagsins í þessu hrifandi meistaraverki.

314 bls. / 🎧 8:19 klst.

Ugla

KIL HLB

Hljóðbók frá Storytel



Hálft hjarta

Sofia Lundberg

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Elín er virtur og vinsæll ljósmyndari í New York. Þegar hún fær óvænt bréf frá æskuvini sínum á Gotlandi fara á stjá draugar fortíðar í fátækt og eynd. Fyrri bók hennar, Rauða minnisbókin, sló í gegn um allan heim.

391 bls.

Veröld

KIL RAF



Hernaðarlist meistara Sun

Stofnum Vigdísar Finnbogadóttur

Þýð.: Geir Sigurðsson

Ritstj.: Rebekka Þráinsdóttir

Hernaðarlist Meistara Sun er eitt viðlesnasta og áhrifamesta fornnit Kínverja. Ritid endurspeglar „strategíska“ hugsun og heimspeki sem beita má á mörgum sviðum, s.s. í hernaði, viðskiptum og öðrum mannlegum samskiptum. Í þessari tvímála útgáfu er þýtt beint úr fornkinversku. Skýringar og inngangur þýðanda setja ritid í sögulegt, menningarlegt og heimspekilegt samhengi.

145 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Hin konan

Geer Hendricks og Sarah Pekkanen

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir

Lesari: Friðrik Halldór Brynjólfsson

Þú þykist viss um hvernig þetta endar. Þú heldur að málið snúist um afbrýðisama eiginkonu. Þú heldur að hún hugsi ekki um annað en nýju konuna, þessa ungu og fállegu. Þú heldur þig hafa náð samhenginu í ástarþríhyrningnum. Eða hvað? Hvað gera konur ekki í nafni ástarinnar?

420 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF HLB



Hundur

Un Perro

Alejandro Palomas


Þýð.: Sigrún Á. Eiríksdóttir

Bókin er, eins og Móðir (Una Madre) eftir sama höfund og sem kom út 2019, full af húmor, trega, ást og væntumþykju. Hundur er sjálfstætt framhald af Móðir og aftur fá lesendur innsýn í líf spænskrar/katalónskrar móður og ástar hennar á fjölskyldu sinni. „Grátbrosleg, hlý og virkilega góð.“

320 bls.

Drápa

KIL



Hvitt haf

Roy Jacobsen

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Árið 1944 hafa Þjóðverjar hertekið Noreg. Ingrid snýr aftur til æskustöðva sinna á Barrey sem hefur verið auð og yfirgefin. Hún býr sig undir kulda og einsemd en fjótlega kemst hún að því að hún er ekki ein á eyjunni. *Hvitt haf* er önnur bókin í þrileik um fólkið á Barrey sem hlotið hefur fjölmörg verðlaun og viðurkenningar.

255 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Jenny Colgan

Á fjarlegri strönd

Jól í Sumareldhúsi Flóru

Jenny Colgan


Þýð.: Ingunn Snædal

Þriðja og fjórða bókin í Mure-bókaflokknum. Önnur er hliðarsaga um Lornu skólastjóra og Saif lækni og hin ekta jólabók. Flóra stendur vaktina í Sumareldhúsinu, á þar að auki óvænt von á barni með Joel og hefur ekki hugmynd um hvernig hún eigi að segja honum frá því ... Á sama tíma reynir sýrlenski læknirinn Saif að njóta fyrstu vestrænu jólahátíðarinnar með sonum sínum. Framhald af *Sumareldhúsi Flóru* og *Ströndinni endalaus*.

340 bls.

Angústúra

KIL



Kólibrímorðin

Kati Hiekkapelto

Lesari: Elva Ósk Ólafsdóttir

Fórnlamb morðs er ung kona, í vasa hennar finnst hálsmen með mynd af Astekaguði. Annað morð: sama umhverfi, sams konar skartgripur. Hvernig velur morðinginn fórnarlömb sín? Tengjast morðin leynilegum trúarsöfnuði? Hver verður næsta fórnarlamb? Kati Hiekkapelto hefur slegið í gegn með bókum sínum. Elva Ósk les þennan magnþrungna spennutrylli.

🎧 13:30 klst.

Storytel

HLB



Kóngsríkið

Jo Nesbø

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Bræðurnir Roy og Carl alast upp í norsku sveitaþorpi þar sem Carl verður fyrir skelfilegu ofbeldi og flýr á endanum fortíð sína. Tuttugu árum síðar birtist hann með háfleygar áætlanir. Gamlar væringar og fólksuverk leita upp á yfirborðið og Roy þarf að velja á milli bróður síns og framtíðardraumanna. Enginn stenst Jo Nesbø snúning þegar kemur að óvæntum fléttum.

576 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Leiðin í Klukkarnáriki

Harry Martinson


Þýð.: Heimir Pálsson

Í miðdepli *Leiðarinnar í Klukkarnáriki* er förumaðurinn Bolle og flakk hans um þá Svíþjóð sem iðnvæðingin er að umturna. Með ótrúlegri nákvæmni endurskapar Martinson hverfandi heim en vekur líka spurningar um lífsgildi sem eru jafn brýn nú á tímum og þegar bókin kom fyrst (1948). Eitt af meistarverkum sænskra bókmennta eftir Nóbelskaldid Harry Martinson.

400 bls.

Ugla

IB

**Lila**

Marilynne Robinson

Þýð.: Karl Sigurbjörnsson

Lila er munaðarlaus. Hún er að dauða komin þegar utangarðskonan Doll nemur hana á brott. Við tekur líf á flótta, undir skugga ofbeldis, ógnar og örbirgðar, þar til Lila kemur til smábæjarins Gilead. Í nýjum og öruggum aðstæðum sem eiginkona prests þarf hún að laga reynslu sína að friðsælu lífi en jafnframt dómharðri trú og heimsmynd prestsins.

336 bls. / 10:00 klst.

Ugla

KIL HLB

Hljóðbók frá Storytel

**Litla land**

Gaël Faye

Þýð.: Rannveig Sigurgeirsdóttir

Gabriel er 10 ára og lifir áhyggjulausu lífi í úthverfi Bújúmbúra, í Afríkuríkinu Búrúndí. Allt hverfist um vinina og þeirra uppátæki. En þegar borgarastríð skellur á og þjóðarmorð er framið í nágrennaríkinu Rúanda, breytist allt. Falleg saga um vináttu og sakleysi, en líka átakanlegur vitnisburður um þau eyðandi áhrif sem stríð og ofbeldi hafa á líf og samfélög manna.

340 bls.

Angústúra

KIL

**Líkkistusmiðirnir**

Morgan Larsson

Þýð.: Ingunn Snædal

Myndskr.: Sól Hilmarsdóttir

Líkkistusmiðirnir er hlý og gamansöm saga um manneskjur sem taka að sér verkefni sem vekur upp hugmyndir um dauðann og byrja að spyrja sig sjálfar hvað þær vilji eiginlega fá út úr lífinu. Líkkistusmiðirnir draga fram bros, skapa vangaveltur um lífið og verma lesandanum um hjartarætur. „Lesandanum hlýnar um hjartarætur.“

400 bls.

Drápa

KIL

**Lygalíf fullorðinna**

Elena Ferrante

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Proskasaga unglingsstúlku sem lendir í sársaukafullri eldskírni á leið sinni inn í heim fullorðinna. Fyrsta skáldsaga Eleni Ferrante síðan Napólí-fjórleikurinn sló í gegn. Bókin hefur hlotið frábæra dóma, hér heima og um veröld víða.

„[Ferrante] er mikill rithöfundur en hún er lesendavæn og höfðar til stórs hóps. Þetta eru alvöru bókmenntir!“ – SDM, Kiljunn.

368 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL

**Marsfjólurnar**

Philip Kerr

Þýð.: Helgi Ingólfsson og Kristín V. Gísladóttir

Fyrsta bókinn um einkaspæjarann Bernie Gunther. Mikilvæg skáldsaga sem notið hefur fádæma vinsælda frá því að hún kom út í lok níunda áratugarins. Æsispennandi og ófyrirsjáanleg fram á síðustu síðu en um leið fádæma breið þjóðfélagslýsing og lærdómsrík rússíbanareid um samfélag sem stefnir hraðbyri inn í alræði og ógnarstjórn Adolfs Hitler.

310 bls.

Sögur útgáfa

KIL

**Mitt (ó)fullkomna líf**

Sophie Kinsella

Þýð.: Marianna Clara Lúthersdóttir

Samkvæmt Instagram-reikningi Kötú Brenner býr hún í London, starfar í auglýsingabransanum og ver fritímanum á smart kaffihúsum og veitingastöðum. Kannski fegar hún lífið örlítið ... en hver notar ekki smá filter á Instagram?

Þegar Kata missir vinnuna og mögulegt ástarsamband virðist glatað neyðist hún til að flytja aftur á æskuheimilið í sveitinni.

Hversu lengi er haldið í draumana þegar örlögin virðast staðráðin í að bregða fyrir þig fæti?

494 bls.

Angústúra

KIL

**Næsti!**

Raunir heimislæknis

Nina Lykke

Þýð.: Bjarni Jónsson

Heimislæknir til tuttugu ára hefur Elin fengið sig fullsadda af umkvörtunum og óhamingju fólks. Hún er líka búin að fá nóg af mannum sínum, skíðaáhugamanninum Axel. Í kjölfar endurnýjaðra kynna við gamlan kærasta tekur Elin að brjóta upp mynstrið ... til þess að standa svo í rjúkandi rústum. Meinfyndin saga sem hlaut Norsku bókmenntaverðlaunin 2019.

272 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL

**Ógnarhiti**

Jane Harper

Þýð.: Gísli Rúnar Jónsson

Ástralskur spennutryllir sem varð New York Times metsölubók. Lögreglumaðurinn Aaron Falk hefur ekki komið á heimaslóðir árum saman. Það er ekki fyrr en hann fær fréttir af því að æskuvinur hans hafi myrt fjölskyldu sína og síðan svipt sig lífi að Falk snýr aftur til að vera viðstaddur útförina. Í ógandi hitabylgju ákveður Falk að rannsaka málið.

350 bls.

Sögur útgáfa

KIL

Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdenta

Nýsmurð vefverslun



Óskabarn ógæfunnar

Peter Handke

Þýð.: Árni Óskarsson

Nú eru liðnar næstum sjö vikur frá því að móðir mín dó og mig langar til að hefjast handa áður en þörfin fyrir að skrifa um hana, sem var svo sterk við jarðarförina, breytist aftur í sljólegt málleysi eins og þegar ég las fréttina um sjálfsmorðið ... Á þessum orðum hefst frásögn Nóbelskaldsins Peters Handke af örlögum móður sinnar. Átakanleg saga sem lætur engan lesanda ósnortinn.

106 bls.

Ugla

KIL



Ótti markmannsins við vítaspyrnu

Peter Handke

Þýð.: Franz Gíslason

Fyrirverandi markmaður telur sig hafa verið rekinn úr vinnunni. Hann fremur morð og ráfar síðan eirðarlaus um. Höfundur nýtir sér form glæpasögunnar en þó með öfugum formerkjum. Örvænting söguhetjunnar endurspeglast í frásagnarmátanum sem er í senn ljóðrænn og harmrænn og ristur rúnum sundrandi heims. Klassískt verk í evrópskum nútímabókmenntum eftir Nóbelsverðlaunahafann 2019.

152 bls.

Ugla

KIL



Papa

Jesper Steen

Þýð.: Ólafur Arnarson

Axel Steen starfar nú í leyniþjónustunni. Í Amsterdam kemst hann í innsta hring Papa, harðsvíraðs rússnesks glæpaforingja. Vicki Thomsen, fyrrum félagi Axels í lögreglunni, fæst við bíræfið bankarán á Nørreport. Í ljós kemur að rússnesk öfl tengjast málinu. Málin fléttast saman. *PAPA* fjallar um flotta, blekkingar, forboðna ást og svik sem hafa banvænar afleiðingar.

450 bls.

Kver bókaútgáfa

KIL



Raddir frá Spáni

Sögur eftir spænskar konur.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Þýð.: Erla Erlendsdóttir

Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir

Í þessu smásagnasafni eru sögur eftir tuttugu og sex spænskar konur. Rithöfundarnir koma frá héruðum á meginlandi Spánar og frá Kanarí- og Baleareyjum. Smásögurnar – langar sögur og stuttar, örstuttar sögur og örsögur – spanna rúma öld og eru fjölbreyttar að efni og stíl. Þær fjalla um ástir og hatur, gleði og sorg, misrétti og ójöfnuð, vináttu og fjandskap, konur og karla, stöðu kvenna í samfélaginu og margt fleira.

288 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Saga býflugnanna

Maja Lunde

Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir

Í þessari grípandi skáldsögu fléttast þrjár þræðir í þetta frásögn sem hverfist í senn um margslungin sambönd fólks og samspil manns og náttúru. *Saga býflugnanna* eftir metsöluhöfundinn Maja Lunde sló í gegn um allan heim og hefur hlotið fjölda viðurkenninga. „Snjöll og sláandi fögur skáldsaga.“ *Stavanger Aftenblad*.

422 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF



Sarah Morgan

Brúðkaup í desember

Sumar í París

Sarah Morgan

Þýð.: Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir

Rosie er að giftast manni sem hún hefur aðeins þekkt í nokkrar vikur. Foreldrarnir eru staðráðnir að fagna án þess að ljóstra upp um leyndarmál sitt. Katie kvíðir brúðkaupinu því hún óttast að litla systir sé að gera gríðarleg mistök. Rosie er gríðarlega ástfangin en samt nagar efinn hana ... Þetta verða jól sem White fjölskyldan mun aldrei gleyma.

416/430 bls.

Björt bókaútgáfa – Bókabeitan

KIL RAF HLB



Sendiboðinn

Yoko Tawada

Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir

Japan hefur um langa hríð verið lokað vegna ónefndra náttúruhamfara af mannavöldum. Eldra fólkíð lifir lengi við hestaheilsu og annast um börnin sem eru viðkvæm og gömul fyrir aldur fram. Mumei býr með Yoshiro, fjörgömlum langafa sínum. Drengurinn er veikburða en laus við sjálfsvorkunn og bölsýni. Yoshiro einbeitir sér að því að annast Mumei, útvalinn sendiboða, þjakaður af samviskubiti vegna gjörða sinnar kynslóðar og afleiðinga þeirra. Áður hefur komið út á íslensku bókinn *Etýður í snjó* eftir sama höfund.

200 bls.

Angústúra

KIL



Silfurvængir

Camilla Läckberg


Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Áhrifamikil saga um svik, upprisu og hefnd frá drottningu glæpasagnanna. Spennuflokkurinn um Faye hófst með metsöluþókinni Gullbúrinu árið 2019 og nú er komið æsispennandi sjálfstætt framhald. Allt leikur í lyndi hjá Faye, sem hefur hafið nýtt líf erlendis. En á augabragði hrannast óveðursskýin upp yfir tilveru hennar.

316 bls.

Sögur útgáfa

KIL



Silkiormurinn

Robert Galbraith

Þýð.: Uggi Jónsson

Rithöfundurinn Owen Quine hverfur eftir að hafa nýlengið við afar eldfima sögu sem mun leggja líf margra í rúst. Þegar afskræmt lík Quines finnst við ógnvekjandi aðstæður fer allt á fleygiferð. Cormoran Strike, einkaspjariinn mikilúðlegi, verður að hafa sig allan við að leysa úr öllum flækjunum.

619 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Sjónarvottur

Anna Bågstam

Lesari: Lára Jóhanna Jónsdóttir

Helena Vesterberg, skarpgreind og ófullkominn rannsóknarfulltrúi sem reykir í laumi, ákveður eftir misheppnað ástarsamband að byrja upp á nýtt í friðsælu fiskiþorpi, þar sem hún varði sumrum bernsku sinnar, en þetta nýja upphaf fer ekki alveg eins og hún hugði.

Njóttu þess að hlusta og lesa á Storytel Reader lesbrettinu.

🔊 11:30 klst.

Storytel

RAF HLB



Sjö lygar

Elisabeth Kay


Þýð.: Ingunn Snædal

Þetta byrjaði allt með einni, saklausri lygi. Jane kunnir aldrei við manninn hennar Mariu. Hann var svo hávæð og plássfrekur, svo fullur af lífi. Sem virðist auðvitað frekar kaldhæðnislegt núna. Ef Jane hefði ekki logið væri eiginmaður bestu vinkonu hennar kannski enn á lífi. Þetta er tækifæri Jane til að segja sannleikann. Spurningin er bara hvort við trúum henni.

384 bls.

Drápa

KIL



Skepnur

Joyce Carol Oates

Þýð.: Ari Blöndal Eggertsson

Ef kona elskar kvæntan mann þá á hún um leið í sérstöku, leyfilegu og óútskýranlegu sambandi við konuna hans. Á vímuárum áttunda áratugarins verður háskólastúlkan Gillian Brauer ástfangin af ljóðum, af prófessornum Andre Harrow og eiginkonu hans, listakonunni Dorcas. Gillian heillast af bóhemsku lífni þeirra, af afvikna húsinu þeirra og dímum leyndardómum þess. Gillian Brauer er á þröskuldi helvítis.

114 bls.

Hringaná ehf.

KIL



Smásögur heimsins V

Evrópa


Ritstj.: Jón Karl Helgason, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Rúnar Helgi Vignisson

Fimmta og síðasta bindið í ritröðinni Smásögur heimsins. Meðal evrópskra höfundna hér má nefna Virginu Woolf, Frans Kafka, James Joyce, Vladimír Nabokov, Italo Calvino, Karen Blixen, Heinrich Böll, Tove Jansson, Lailu Stien, Michel Tournier og Kerstin Thorvall.

310 bls.

Bjartur

SVK



Snerting hins illa

Max Seeck

Þýð.: Sigurður Karlsson

Fyrir *Engla Hammúrabis* hlaut Seeck Finnsku glæpasagnaverðlaunin. Hér vinna Annika Lehto og Daniel Kuisma aftur saman og nú við að rekja slóð finniska diplómatans Westerlunds. Brátt uppgötva þau að sannleikurinn er enn hræðilegri en nokkurn hefði grunað.

416 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Stormboði

María Adólfsson

Þýð.: Isak Harðarson

Karen Eiken Hornby er kölluð til Noorö, nyrstu eyjar Doggerlands, til að stýra rannsókn á voveiflegum dauða aldraðs manns. Þegar annað morð er framið fer hana að gruna að málið tengist ekki bara gömlum ættarærum, heldur einnig ættingjum hennar sjálfra María Adólfsson hefur slegið í gegn með glæpasögum sínum sem gerast á ímynduðum eyjaklasa í Norðursjónum.

430 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Stúlka

Edna O'Brien

Þýð.: Ari Blöndal Eggertsson

Maryam er rænt af Boko-Haram skæruliðum og neydd í hjónaband. Hún upplifir þjáningar og hrylling samfélags karla sem stjórna af trúarlegu ofbeldi. Hún er bara barn sem þarf að komast af með eigið barn. Þegar heimur hennar virðist stefna beint til heljar opnast henni hlið inn í annan heim sem ekki er mikið skárrí, erfiði og hryllingur í óbliðum óbyggðum Norðaustur Nígíeríu, í gegnum skóga og auðnir og heim til sín þar sem hennar sködduðu sál er mætt af blindri dómhörku samfélags í afneitun.

172 bls.

Hringaná ehf.

KIL



Stúlkun undir trénu

Sara Blædel

Þýð.: Ingunn Snædal

Í klettasprungu á Borgundarhólmi finnst lík unglingsstúlkunnar Susan Dahlgaard, sem hvarf sporlaust úr skólabúðum á eyjunni fyrir aldarfjórðungi.

Sara Blædel er einn vinsælasti glæpasagnahöfundur samtímans. Bækur hennar um Louise Rick hafa notið gríðarlegra vinsælda um allan heim.

324 bls.

Bjartur

KIL RAF



Sumarbókin

Tove Jansson

Þýð.: Isak Harðarson

Sígild bókmenntaperla sem segir frá Soffíu litlu og ömmu hennar og sumardvöl þeirra á smáeyju undan strönd Finnlands. Þessi tæra og látlaus en djúpvitra frásögn af örheimi eyjunnar, af náttúrunni og veðrinu og af heimspekilegum samræðum ömmu og Soffíu hefur heillað lesendur í næstum hálfa öld en fæst nú í fyrsta skipti á íslensku.

160 bls.

Forlagið – Mál og menning

KIL RAF

Æðisleg bókabúð,
geggjað verð

bóksala stúdenta

www.boksala.is

Komdu til okkar
á Háskólatorg
eða pantaðu á
www.boksala.is





Sunnudagsmatur og fleiri sögur Rómafólks

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
Ritstj.: Sofiya Zahova, Ásdís R. Magnúsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir

Bókmenntir Rómafólks og Sígauna eru nátengdar munnmælahefð og endurminningum og eru nánast óþekktar hérlendis. Þessi bók hefur að geyma sögur af ýmsu tagi eftir sex rithöfunda frá 20. og 21. öld: Ilonu Ferková, Jovan Nikolic, Jess Smith, Jorge Emilio Nedich, Jorge Nedich og Matéo Maximoff. Fróðlegur inngangur um bókmenntahefð Rómafólks fylgir þýðingunum.

290 bls.
Háskólaútgáfan

SVK



Sögur Belkíns

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
Aleksander Púshkín


Þýð.: Rebekka Þráinsdóttir

Ritstj.: Kristín Guðrún Jónsdóttir

Sögur Belkíns er fyrsta prósavverið sem Aleksander Púshkín lauk við. Brugðið er á leik með þekkt stef, s.s. rómantíska hetju, draugasöguna, hugljúfar ástir og óvænt endalok. Sögurnar eru fullar lífsgleði, glettni og umhyggju fyrir sögupersónum og höfðu sumar ófyrirséð áhrif á rússneskar bókmenntir. Inngangur um verkið og þýðingasögu sagnanna fylgir þýðingunni.

160 bls.
Háskólaútgáfan

SVK



Sögur frá Sovétríkjunum

Þýð.: Áslaug Agnarsdóttir

Tuttugasta öldin var ekki síður merkilegt tímabil í sögu rússneskra bókmennta en sú nítjándi. Í þessa bók hefur Áslaug Agnarsdóttir þýtt nítján ólíkar sögur sem gefa fjölbreytta mynd af sovéska bókmenntum allt frá byrjun aldarinnar og fram til fyrstu árána eftir að Sovétríkin liðu undir lok.

Höfundarnir eru allir í fremstu röð rússneskra rithöfunda og lýsa með ágætum daglegu lífi sovéska borgara, sorgum þeirra og gleði og draumum um betra líf.

240 bls.

Ugla

IB



Tíkin

Pilar Quintana

Þýð.: Jón Hallur Stefánsson

Damaris þráir það heitast að verða móðir en þrátt fyrir töfradrykki, smyrsl og helgiathafnir geta þau Rogelio ekki eignast barn. Þegar henni býðst að taka að sér tíkarholp grípur hún tækifærið feginshendi en tíkin lætur ekki temja sig frekar en náttúran.

Áhrifamikil skáldsaga sem gerist í litlu þorpi við kólumbísku Kyrrahafsströndina.

134 bls.

Angústúra

KIL



Erum með úrvalið...
sérvalið

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Tvö líf Lydiu Bird

Josie Silver

Þýð.: Herdís Hübner

Lydia og Freddie hafa verið óaðskiljanleg og ástfangin frá unglingsárum en á 28 ára afmælisdegi Lydiu lendir Freddie í slysi og deyr. Áfallið er ólýsanlegt og eina huggun Lydiu er að í svefni hittir hún Freddie og allt er sem fyrr – en í vöku þarf hún að takast á við sorgina og nýjar aðstæður. Heillandi og rómantísk saga um krossgötur lífsins, erfiðleika, ást og hamingjuleit.

480 bls.
Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Ugla dreypur bara á nóttunni

Samuel Björk

Lesari: Íris Tanja Flygenring

Unglingsstúlka sem hefur strokið frá upptökuheimili finnst látin úti í skógi; nakin, umkringd fjöðrum og með hvíta lilju í munni. Engu er líkara en hún hafi verið myrt í trúarlegri athöfn. Holger Munch, lögregluforingi er kallaður út úr barnaafmæli á staðinn og sér strax að til að leysa þessa gátu þarf hann að kalla saman sitt gamla rannsóknateymi.

12:00 klst.

Storytel

HLB



Uppljómun í eðalplómutrénu

Shokoofeh Azar

Þýð.: Elís Björg Þorsteinsdóttir

Persneskt töfraraunsæi. Fjölskylda Bahar flýr Teheran í kjölfar ofsókna í byltingunni árið 1979 og sest að fyrir utan afskekkt þorp í von um að geta lifað í friði. Enginn fær þó komist undan brjálæðinu sem ríður yfir landið og snertir bæði lifandi og látna, aldna og unga. Mögnuð írönsk saga um mátt ímyndunaraflsins gagnvart grimmd og miskunnarleysi.

336 bls.

Angústúra

KIL



Uppskriftabók föður míns

Jacky Durand

Þýð.: Ólöf Pétursdóttir

Julien elst upp á litlu veitingahúsi í franskri sveit. Töfraheimur eldhússins heillar hann og hann þráir ekkert heitar en að feta í fótspor listakokksins pabba síns. En faðirinn, sem burðast með sára reynslu úr fortíðinni, hefur aðrar og háleitari hugmyndir um framtíð sonarins. Ljúfsár og hjartnæm þroskasaga full af unaðslegri matargerð.

203 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF



Úlfakreppa

B.A. Paris


Þýð.: Ingunn Snædal

Livia er að verða fertug og fyrir dyrum stendur veislan sem hana hefur alltaf dreymt, til að bæta upp fyrir brúðkaupsveisluna sem aldrei varð. Hún er þó með leyndarmál sem hún þarf að segja Adam, en vill biðja fram yfir veisluna. Adam er líka með leyndarmál sem getur varla beðið. Segja frá / ekki segja frá?

336 bls.

Drápa

KIL



Valdið

Naomi Alderman

Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir

Um allan heim eru konur að uppgötva mátt sinn og megin. Með einfaldri handarhreyfingu geta þær valdið gríðarlegum sársauka – jafnvel drepnið. Smám saman átta karlmenn sig á því að þeir eru að missa tókin. Dagur stúlkanna er runninn upp – en hvernig endar hann?

„Mögnuð!“ – Margaret Atwood

428 bls.

Bjartur

KIL RAF



Valdimarsdagur

Kim Leine

Þýð.: Jón Hallur Stefánsson

Það er 15. júní árið 1938, dagur Valdimars sigursæla og danska fánans. Í leiguherbergi í miðborg Kaupmannahafnar vaknar ungur maður, kófsveittur eftir órólega nótt. Þetta er Erik. Hann hefur ákveðið að drepa mann. Við fylgjumst með ferðum unga mannsins þennan dag, aðdraganda þessarar orlagaríku ákvörðunar og loks afleiðingunum sem glæpurinn og refsingin hafa á líf hans. Í *Valdimarsdegi* segir verðlaunahöfundurinn Kim Leine sögu föðuraða síns. Jón Hallur Stefánsson þýddi.

240 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Victor Hugo var að deyja

Judith Perrignon

Þýð.: Rut Ingólfssdóttir

Skáldið var að gefa upp andann. Fréttin flýgur um göturnar – inn í búðirnar, verkstæðin, skrifstofurnar. París er gripin hitasótt. Allir vilja votta virðingu og taka þátt í opinberu útförinni. Tvær milljónir manna þjappa sér meðfram leið líkvagnsins þennan ógleymanlega dag. Mögnuð heimildaskáldsaga eftir höfund bókarinnar Þetta var bróðir minn ...

212 bls.

Ugla

KIL



við kvikuna

örsögur frá Rómönsku-Ameríku.

Stofnum Vigðisar Finnbogadóttur

Þýð.: Kristín Guðrún Jónsdóttir

Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir

Inng.: Kristín Guðrún Jónsdóttir

Rithöfundar Rómönsku-Ameríku hafa staðið framarlega í örsagnaskrifum allt frá upphafi 20. aldar. *við kvikuna* – örsögur frá Rómönsku-Ameríku sýnir gróskuna og fjölbreytileikann sem örsagan hefur öðlast í álfunni. Bókin er sýnisbók og inniheldur 156 sögur eftir 49 höfunda, frá árunum 1897–2014. Kristín Guðrún Jónsdóttir valdi sögurnar, þýddi og skrifaði inngang.

223 bls.

Háskólaútgáfan



Það sem fönnin felur

Carin Carin Gerhardsen

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson

Sálfræðitryllir sem kemur sífellt á óvart. Sagan er ólík öllu öðru sem við höfum áður lesið. Hvað er það sem við sjáum ekki? Hver segir söguna og hvers vegna? Miskunnarlaust er villt um fyrir lesandanum, allt þar til síðasti bitinn í þúsluspilinu fellur á sinn stað og allt blasir við.

368 bls.

Sögur útgáfa

KIL



Peir sem græta góðu stúlkurnar

Mary Higgins Clark

Þýð.: Snjólaug Bragadóttir

Blaðakonan Gina fær tölvupóst frá konu sem lýsir „hræðilegri reynslu“ af því að vinna á stórri sjónvarpsstöð. Stuttu síðar deyr konan í slysi. Fleiri konur gefa sig fram. Þegar ein þeirra deyr óvænt verður Ginu ljóst að ósvifin öfl ætla að koma í veg fyrir að saga kvennanna komist upp á yfirborðið. Æsispennandi metsölubók eftir drottningu spennusagnanna.

392 bls.

Ugla

IB



Perapistinn

Helene Flood

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Sara býr sig undir notalega helgi á meðan eiginmaðurinn skreppur í fjallakofa með vinum. En hann mætir aldrei í fjallakofann. Er hann lífs eða liðinn? Þessi fyrsta bók höfundar var meiriháttar metsölubók í heimalandinu og er væntanleg á yfir 30 tungumálum. „Ráðgátan er dularfull og lausnin blasir engan veginn við.“ – Kolbrún Bergþórsdóttir.

368 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL



Þögla stúlkán

Hjorth & Rosenfeldt

Þýð.: Snæbjörn Arngrímsson

Heil fjölskylda er myrt á fólkskulegan hátt á heimili sínu. Eina vitnið er hin tíu ára gamla Nicole.

Bækur Hjorths & Rosenfeldts um sálfræðinginn Sebastian Bergman hafa farið sannkallaða sigurför um heiminn.

571 bls.

Bjartur

KIL RAF



Ættarfylgjan

Nina Wähä

Fjölskrúðug ættarsaga um Toimi-fjölskylduna, skrifuð af sprúðlandi frásagnargleði en tekst um leið á við dýpri spurningar um innra líf, svo að sorg og gleði vega salt í áhrifamikilli sögu.

Ættarfylgjan sló rækilega í gegn árið 2019, og var tilnefnd til allra helstu bókmenntaverðlauna Svía.

478 bls.

Bjartur

KIL RAF



Farðu ekki
bóklaus í rúmið

bóksala stúdenta

www.boksala.is

Ljóð og leikrit



140 vísna gátur

Páll Jónsson

Hér eru á ferðinni 140 vísna gátur, sumar auðveldar, en aðrar strembnari. Dæmi um eina:

Ekki lengra augað sér,
er á mörgum disk.
Brún á jökli einnig er
endilöng á fiski.

Já, við hvað er átt? Þessi bók er bráðskemmtileg dægrastytting og auðvitað hin besta heilaleikfimi. Höfundurinn hefur áður sent frá sér tvær bækur af sama meiði og hafa þær notið mikilla vinsælda. 70 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



1900 og eitthvað

Ragnheiður Lárusdóttir

Fyrsta ljóðabók Ragnheiðar Lárusdóttur hlaut Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar árið 2020.


„1900 og eitthvað er heillandi uppvaxtarsaga prestsdóttur að vestan ... hófstíllt verk um störfengleika hins smáa og áhrifamátt hversdagsleikans.“

Úr umsögn dómmefndar

52 bls.

Bjartur

SVK



Allt uns festing brestur

Davíð Þór Jónsson

Séra Davíð Þór Jónsson hefur ort 21 trúarljóð undir dróttkvæðum hætti sem hér koma fyrir almenningssjónir. Ljóðin eru ort við 13 liði hinnar klassísku messu og í raun mætti því messa með þeim í stað hinna hefðbundnu litúrgísku texta. En fyrst og fremst eru þau samín til trúarsvölnunar heima í stofu, enda fæddust þau í fæðingarorlofi. 36 bls.

Skálholtsútgáfan – Kirkjuhúsið

SVK




Augu stara á hjarta

Stefán Snævarr

Hnitmiðuð ljóð Stefáns Snævarr eru í senn ljóðræn og tilvistarleg, huglæg og hlutlæg. Skáldið horfir á þjáninguna og lífsnautnina, hlutgerir tilfinningar á orðum sínum, en hver eru áhrif áhorfsins? Ljóðin eru sjálfsskoðun og sjálfstjáning. Þó eru augun sem horfa á hug og hjarta „önnur augu“. Slík klofning sjálfsins er kjarni og vandi ljóðlistarinnar: hvernig getur sá sem er hluti af heiminum ort um heiminn, sjálfur um sjálfan sig? 105 bls.

Skrudda

KIL



Árhringur

Ljóðræna dagsins

Björg Björnsdóttir

Heilluð, steinrúnnin,
held ég á djúpið.
Klyfjuð ósýnilegri
byrði dagsins.

Björg Björnsdóttir yrkir hér um hina eilífu hringrás árstíðanna, hversdaginn og náttúruna þannig að hinn ytri heimur og innri kallast á í fallegri ljóðrænu. Árhringur er fyrsta ljóðabók Bjargar

40 bls.
Bjartur

SVK



Berhöfða líf

Ljóðáúrvall

Emily Dickinson

Þýð.: Magnús Sigurðsson

Bandaríska skáldkonan *Emily Dickinson* (1830–1886) er eitt merkasta ljóðskáld síðari alda. Hér birtist heilsteyp úrval af ljóðum hennar ásamt ítarlegum inngangi þýðanda sem hefur rannsakað ljóðlist Dickinson um árabíl. Dregin er upp mynd af róttæku skáldi sem gekk gegn viðteknum samfélagsvenjum; af konu sem hlýddi kröfum eigin tilfinningalífs í trássi við ýmsa ríkjandi siði og þjónaði köllun sinni af dirfsku. 335 bls.

Dimma

SVK



Blýhjarta

Stefanía dóttir Páls

Blýhjarta er fyrsta ljóðverk Stefáníu dóttur Páls (f. 1990) og fjallar um konubarnið, tilraunir þess til að frelsast undan sjálfu sér og útsýnið á leiðinni. Áður hafa ritverk og þýðingar eftir hana birst í tímaritum, safnbókum og leikhúsi. Hún vinnur gjarnan þvert á miðla og stundar nú nám í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. 64 bls.

Blekkfélagið, félag meistaranema í ritlist

KIL



Brjásemisssteinninn brottuminn

Ljóðáúrvall


Alejandra Pizarnik

Þýð.: Hermann Stefánsson

Alejandra Pizarnik er hálfgerð goðsögn í bókmenntum Rómönsku Ameríku. Lengi vel var hún nær óþekkt nema hjá bókmenntafólki en á síðustu árum hafa ljóð hennar ratað um allan heim og er hún í dag talinn með mikilmættustu skáldum Argentínu. Þýðingin er mikill fengur fyrir íslenska lesendur. 109 bls.

Una útgáfuhús

SVK



Brot úr spegilflísu

Þórhildur Ólafsdóttir

Brot úr spegilflísu er fyrsta ljóðabók Þórhildar Ólafsdóttur en hún hefur áður þýtt úr tyrknesku bókina *Memed mjói* eftir Yashar Kemal og birt ljóð og smásögu í TMM.

Þórhildur dregur hér upp myndir af núinu, sorgum, augnablikum og heiman af æskulóðum. 107 bls.

Skriða bókaútgáfa

KIL



Draumstol

Gyrðir Elíasson

Draumstol er 16. ljóðabók Gyrðis, en sú fyrsta kom út 1983. Hér er hann sjálfum sér trúur og er að vanda fundvís á yrkisefni sem oftast en ekki brúa bil á milli fortíðar, nútíðar og framtíðar. Verk Gyrðis njóta sívaxandi hylli erlendis og nú í haust koma ljóð hans m.a. út á norsku og dönsku.

125 bls.

Dimma

IB



Er ekki á leið

Strætóljóð

Elín Gunnlaugsdóttir

Er ekki á leið, strætóljóð er fyrsta ljóðabók Elínar Gunnlaugsdóttur sem er tónskáld á Selfossi. Bókin lýsir strætóferðum þar sem skilin milli draums og veruleika liggja ekki alltaf í augum uppi. Bókin er prýdd ljósmyndum höfundar sem líkt og textinn draga fram smáleg einkenni hvunn dagsins.

72 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Er nokkur í Kórónafötum hér inni?

/ Sendisveinninn er einmana /

Róbinson Krúsó snýr aftur

Einar Már Guðmundsson

Fyrstu þrjár ljóðabækur Einars Márs Guðmundssonar komu út 1980 og 1981 og vöktu geysimikla athygli. Tónninn var nýstárlegur, yrkisefni óvenjuleg, skáldinu mikið niðri fyrir. Hér eru þessar sögufrægu bækur þrjár saman í einni, í tilefni þess að liðin eru fjórir áratugir síðan skáldið Einar þusti fram á sjónarsviðið – og ljóðin eru enn fersk, myndin og forvitnileg.

142 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK EÚT



Ég skal segja ykkur það

Sólveig Björnsdóttir

Flest ljóð Sólveigar hafa orðið til við dagleg störf. Ljóðin, sem birtast hér í fyrstu bók hennar, eru hugljú og oft á tíðum ljúfsár þar sem helstu hugðarefni skáldkonunnar eru samspil náttúrunnar, búskapar og fólks sem hefur snert hjarta hennar. Hugurinn leitar einnig til bernskuslóðanna á Borgarfirði eystra þar sem fegurðin og kyrrðin heilla. Bókin er sú tuttugasta sem félagið gefur út í flokknum Austfirsk ljóðskáld.

120 bls.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

IB



Fjölskyldulíf á jörðinni

Dagur Hjartarson

Ljóðabókin *Fjölskyldulíf á jörðinni* er áttunda bók Dags Hjartarsonar. Hér er ort af listfengi um hið hversdagslega í lífinu, allt það sem færir hamingjuna. Ljóðin eru persónuleg, tær og sterk í einfaldleika sínum, en skilja eftir ljúfsára kennd um fallvaltleika alls sem er.

56 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Gervilimurur Gísla Rúnars

Sem þú verður að kynna þér áður en þú drepst

Gísli Rúnar Jónsson

Myndskr.: Viktoría Buzukina

Leikarinn ástsæli, Gísli Rúnar Jónsson, var snjall og hugmyndaþríkur limrusmiður. Í þessari ótrúlegu bók eru limrur fyrir hvern dag ársins og hver þeirra snilldarlega myndskreytt af Viktoríu Buzukina. – Svona bók hefur aldrei áður komið út á Íslandi!

448 bls.

Ugla

IB



Guðrúnarkviða

Eyrún Ósk Jónsdóttir

Þú ert stödd í jarðarför. Þinni eigin jarðarför og ritningarlestur er að hefjast.

Ljóðsaga um konu sem rankar við sér í kistu í eigin jarðarför. Í huga hennar koma svipleiftur úr liðinni ævi, en kirkjugestir fá líka orðið í þessari frumlegu kviðu eftir verðlaunaskáldið Eyrúnu Ósk Jónsdóttur.

104 bls.

Bjartur

SVK



Hamlet

William Shakespeare

Þýð.: Þórarinn Eldjárn

Hamlet er stórbrotinn og sigildur harmleikur, í senn heimspekilegur og blóði drifinn, eitt allra frægasta leikrit meistara Williams Shakespeares. „Að vera eða ekki vera“ – nístandi efi, svik og bágt siðferði er meðal þess sem brotið er til gervjar í þessu áhrifaríka stórvirki sem hér birtist í nýrri og einkar athyglisverðri þýðingu Þórarins Eldjárns.

205 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

KIL RAF



Handbók um ómerktar undankomuleiðir

Anton Helgi Jónsson

Þessi níunda ljóðabók Antons Helga er ljóðsaga þar sem undirliggjandi atburðarás minnir á dramatíska óperu sem þó er ekki laus við að vera myndin. Sagan lýsir annasömum degi hjá ónefndri persónu sem bregst við margvíslegu áreiti umhverfisins með því að ferðast til annarra staða og stunda. Snjöll, kímín og harmræn ljóð um ævintýri hversdagsins.

68 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Rosa klár
en samt svo hress

bókala.studenta

www.boksala.is



Havana

María Ramos

Ljóðmælanda dreymir um að losna undan þyngdaraflí fjölskyldunnar og feta sinn eigin veg. En leyndarmál erfast mann fram af manni líkt og búslóðir. Það ósagða bergmálar innan veggja bókarinnar á meðan ljóðmælandi leitar svara og mögulegri leið út og burt – ef slíkur staður er yfir höfuð til.

72 bls.

Partus forlag

SVK



Heimaslátrun

Davíð Hörgdal Stefánsson

Heimaslátrun er fjórða ljóðabók Davíðs og sú fyrsta í 17 ár. Bókin hefst á samnefndum ljóðabálki um samfélag og slátrunaraðferðir, en í síðari hlutanum eru gömul ljóð og ný undir heitinu *Vögguvísur* og *kreptir hnefar*.

*ég hugsa og það er hættulegt
ég borða og hlæ til að þurfa ekki að hugsa
til að geta borðað holdið
kálfshöfuð er ansi þungt
í maga*

98 bls.

Nykur

KIL



helgustur

Garibaldi

helgustur fjallar um ævi manns sem lendir á glapstigum sem barn og er sendur í sveit á nokkra bæi þar sem margvíslegt ofbeldi er allsráðandi. Kynferðisofbeldið brenglar hugmyndir hans um tengsl kynjanna og lífið almennt eru allbrennlaðar.

104 bls.

LEÓ Bókaútgáfa

KIL



Hermdu mér – naflaskoðunarkveðskapur

Ragnar H. Blöndal

Hér segir af barni sem notaði ímyndunaraflíð til að komast annað slagð inn í heim sem því þótti betri en sá sem boðið var upp á. Hér segir enn fremur af upplifunum manns í tveimur heimum: Öðrum sem á sér rætur í kvikmyndum og skáldsögum en hinum af holdi og blóði. Brennt barn verður áfram brennt barn þótt það eldist.

74 bls.

Hringaná ehf.

KIL



Hetjusögur

Kristín Svava Tómasdóttir

Ljóðin í bókinni eru ort upp úr ritinu *Íslenskar ljósmæður I-III* sem séra Sveinn Víkingur bjó til prentunar og kom út hjá Kvöldvökuútgáfunni á Akureyri 1962–1964. Þar eru prentaðir æviþættir og endurminningar 100 ljósmæðra.

Hetjusögur er fjórða ljóðabók Kristínar Svövu sem er sagnfræðingur, fædd í Reykjavík árið 1985.

114 bls.

Benedikt bókaútgáfa

SVK



Hugurinn einatt hleypur minn

Kveðskapur og æviferill Guðnýjar Árnadóttur – Skáld-Guðnýjar -


Guðný Árnadóttir

Bókin geymir kvæði eftir austfirsku skáldkonu sem fædd var fyrir 200 árum. Hún hafði það álit meðal samferðamanna sinna að hún hlaut heitið Skáld-Guðný. Lítið hefur áður birst af skáldskap hennar en hann varðveittist í handriti úr Hornafirði og hjá afkomendum hennar í Lóni en þar bjó hún síðustu ár sín. Ítarleg ritgerð um kveðskap hennar og æviferil eftir Helga Hallgrímsson og Rósu Þorsteinsdóttur fylgir kvæðunum.

180 bls.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

SVK



Innfirðir

Tapio Koivukari

Finnski verðlaunahöfundurinn Tapio Koivukari er löngu orðinn landsþekktur fyrir skáldsögur sínar. Hann bjó á Ísafirði í mörg ár og hefur þýtt fjölda íslenskra skáldverka yfir á finnsku. Ljóðabókin *Innfirðir* er fyrsta bókinn sem Tapio skrifar á íslensku. Hér fjallar hann um kynni sín af Vestfjörðum og Íslandi ásamt ferðum um aðra heimshluta uns hann staðnæmist í heimahögum á vesturströnd Finnlands. Í bókarlök ferðumst við síðan með skáldinu um innfirði hugans.

128 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Innræti


Arndís Þórarinsdóttir

Margræð og ísmeygileg ljóð um þau ólíku hlutverk sem kona gegnir í lífinu og bregða í senn ljósi á hversdaginn og snúa upp á hann. Arndís Þórarinsdóttir, sem kunn er fyrir barnabækur sínar, hlaut sérstaka viðurkenningu í samkeppninni um Ljóðstaf Jóns úr Vör 2019. „Innræti er dásamleg ljóðabók – uppfyll af ást, húmor, ótta og smá kvíða. Ég get ómögulega mælt nógsamlega með henni.“ Katrín Lilja/Lestrarklefinn.

58 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Jarðvegur

Rebekka Sif Stefánsdóttir

Jarðvegur er fyrsta ljóðabók Rebekku Sifjar (f. 1992).

Verkið er samfelld frásögn þar sem tekst er á við erfið málefni, sorg, missi og sársauka. Áður hafa sögur eftir hana birst í smásagnasafninu *Möndulhalla* og öðrum safnritum Blekfelagsins en Rebekka starfar einnig sem söngkona og lagahöfundur.

70 bls.

Blekfélagið, félag meistaraneima í ritlist

KIL



Kyrralífsmyndir

Linda Vilhjálmssdóttir

Kyrralífsmyndir Lindu Vilhjálmssdóttur eru ljóð ort í kófinu sem lagðist yfir samfélagið á útmánuðum 2020, þegar allt breyttist skyndilega: Kunnuglegir hlutir urðu framandi, eðlileg samskipti lögðust nánast af og óttinn náði undirtökum. Ljóð Lindu eru meitlaðar svipmyndir úr þessu sérkennilega andrúmslofti og ljósmyndir hennar magna áhrifin enn frekar.

60 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Látra-Björg

Helgi Jónsson

Látra-Björg var kraftaskáld, sjómaður, fökkukona – goðsögn í lifanda líf og ráðgáta eftir að hún lést á vergangi í Móðuharðindunum. Samtíðarmenn hennar óttuðust hana. Með kvæðum sínum var hún sögð geta futt til fjöll, laðað að sér fsk og deytt menn eða fært þeim gæfu.

Í þessari bók eru saman komin öll helstu kvæði Látra-Bjargar og um leið skýringar Helga Jónssonar frá Þverá í Dalsmynni og samantekt hans á æviferli hennar. Í sérstökum viðauka er svo að fnna Látrabréfð, eina varðveitta prósatextinn eftir Látra-Björgu, sagður hafa fundist á skemmuvegg á Látrum árið 1740.

128 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



Les birki

Kari Ósk Grétudóttir

Les birki er fyrsta ljóðabók Kari sem áður hefur sent frá sér leikritið *Karma fyrir fugla* ásamt Kristínu Eiríksdóttur.

Þegar gagnkrafturinn togar í þig / þá er röddin reipi / og í byrjun sumars / lesum við birki / fylfum koddaverin / safaríkum laufum

48 bls.

Partus forlag

SVK



Ljóð 2010–2015

Þórdís Gísladóttir

Formáli: Úlfhildur Dagsdóttir

Ljóð 2010–2015 hefur að geyma þrjár fyrstu ljóðabækur Þórdísar Gísladóttur, sem hafa lengi verið ófáanlegar. Þetta eru bækurnar *Leyndarmál annarra* (2010) sem hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar, *Velúr* (2014) sem var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og *Tilfinningarök* (2015).

Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur ritar formála.

176 bls.

Benedikt bókaútgáfa

IB



Ljóð og Ljóð


Sigurður Guðmundsson

Ljóð og Ljóð er heildarsafn ljóða Sigurðar Guðmundssonar. Ljóðin birtust upphaflega í ýmsum ritum og spanna um hálfra aldar tímabil, þau nýjustu nú frumbirt. Ljóð Sigurðar bera höfundu sínum skýrt vitni. Lesandinn er leiddur að hugmyndum og kenndum sem hann man ekki eftir að hafa kynnst fyrr. Ljóðin kveikja á perum og lokka lesandann með sér í andlegt fútt.

152 bls.

Crymgea

IB



Ljóðasafn

Kristín Ómarsdóttir

Þetta safn geymir fyrstu átta ljóðabækur Kristínar Ómarsdóttur sem flestar hafa verið ófáanlegar um margra ára skeið. Bækurnar í safninu komu fyrst út á árunum 1987–2017 og hafa tryggt Kristínu stöðu meðal virtustu skálda þjóðarinnar. Höfundur ritar eftirmála.

464 bls.

Partus forlag

IB



Loftskeyti

Sigrún Björnsdóttir

Loftskeyti er fjórða ljóðabók Sigrúnar Björnsdóttur (f. 1956) en áður hafa komið út eftir hana bækurnar *Næturfæðing* (2002), *Blóðeyjar* (2007) og *Höfuðbending* (2014). Í *Loftskeytum* skoðar hún mörk merkingar, dulmálslykla og áhrif skeytasendinga í fortíð og nútíð, áhrif sem verða kannski aldrei skilin til fulls.

55 bls.

Blekkfélagið, félag meistaranema í ritlist

KIL



Óstöðvandi skilaboð

Ásdís Óladóttir

Rödd Ásdísar er einstök í ljóðaheiminum. Ljóðin eru í senn frumleg, heit og litrík.

39 bls.

Veröld

SVK



Ráf í Reykjavík


Krístrún Guðmundsdóttir

Ljóðin eru tilbrigði við smásögu Ástu Sigurðardóttur Gatan í rigningu. Í aðalhlutverki er ráfandi götustelpa og í sólskini er hún glöð og þakklát fyrir lífið. Ljóðin eru óræð og lúmsk og reyna að koma á reglu í óreglu. „The femme fatale“ lifir góðu lífi í Reykjavík dagsins í dag og ráfar um götur í leit að festu.

52 bls.

Espólín forlag

KIL



Rímarole and Flies

Theodóra Thoroddsen og Jón Thoroddsen

Þýð.: Christopher Crocker

Rímarole and Flies er fyrsta enska þýðingin á Þulum Theodóru Thoroddsen og Flugum Jóns Thoroddsen. Ármann Jakobsson ritar formála og Christopher Crocker, þýðandi bókarinnar, inngang. Þulum (1916) Theodóru hafa fyrir löngu fest sig í sessi í íslenskum bókmenntum og menningu. Flugur Jóns komu út árið 1922, ekki löngu fyrir ótímabært andlát hans í Kaupmannahöfn, og er fyrsta útgefna ljóðabókin á íslensku í óbundnu máli.

59 bls.

Hin kindin

KIL



Rætur og þang

Karlína Friðbjörg Hólm

Hér birtist lesendum fyrsta bók Köllu sem hefur fengist við ljóðagerð og myndlist frá unga aldri. Bókinni er skipt í sjö kafla og ljóðin eru fjölbreytt að formi og efnistöfum, fjalla meðal annars um árstíðirnar, trú, ást og kærleika, sorg og söknuð og mörg ljóðanna eru með heimspekilegu ívafi. Þá eru í sérstökum kafla ljóð sem helguð eru æskubyggðinni, Seyðisfirði. Myndir af nokkrum málverkum höfundar fylgja ljóðunum.

98 bls.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

SVK



Röntgensól

Kristian Guttusen

Röntgensól er tólfta ljóðabók Kristians Guttusen.

Hún fjallar um ást, tengsl og rafeindaheila.

Áður hefur Kristian gefið út ljóðaúrval og skáldsögubýðingu en fyrir hana var hann tilnefndur til Íslensku þýðingaverðlaunanna 2007.

Verk Kristians hafa m.a. verið þýdd á ensku og úkraínsku.

83 bls.

Bókaútgáfan Deus

KIL



Segðu það steininum

Jóhanna Steingrimsdóttir

Úrval ljóða Jóhannu Álfheiðar Steingrimsdóttur (1920–2002), gefið út á aldarafmæli skáldsins. Jóhanna sem var húsfreyja í Aðaldal sendi frá sér 14 bækur, stjórnaði útvarpsþáttum og stóð framarlega í baráttunni gegn virkjunaráformum í Laxá. Ljóðin sem hér birtast eru bundin og óbundin, og efnið af ýmsum toga.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson segir um kveðskap Jóhannu: „Bragurinn leikur í höndum hennar, orðgnótt og nákvæmni í orðavali einkenna kvæðin, orðaröðin, sem er oft grundvallaratriði í hefðbundnum ljóðum, vitnar um smekkvísi og virðingu fyrir ljóðahefðinni.“

88 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Skáldaleyfi

Sigmundur Ernir Rúnarsson

Um þessar mundir eru fjörutíu ár síðan Sigmundur Ernir sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók en þær eru nú orðnar þrettán. Í Skáldaleyfi sýnir hann og sannar að þrátt fyrir að ljóð hans séu nú þroskaðri, dýpri og meitlaðri er alltaf stutt í lífsþyrsta unga ljóðskáldið.

124 bls.

Veröld

SVK



Skáldaskil

Þorvaldur Gylfason

Þríleikur í sex þáttum sem fjallar einkum um samskipti skáldvinanna Einars Benediktssonar og Þorsteins Gíslasonar. Verkið gerist á árunum 1896–1932 og við sögu koma ýmsir þekktir menn frá þessum árum auk þeirra Einars og Þorsteins: Valtýr Guðmundsson, Halldór Laxness, Þorvaldur Pálsson o.fl. Stórskemmtilegt verk sem varpar áhugaverðu ljós á íslenskt samfélag þessara ára.

256 bls.

Skrúdda

IB



Sonur grafarans

Brynjólfur Þorsteinsson

Sonur grafarans á margt óuppert þegar afturgöngurnar í kirkjugarðinum taka til máls. Í myrku andrúmi ljóðanna leynast óvæntar myndir, leikandi húmor og snjallari persónugervingar. Brynjólfur Þorsteinsson vakti verðskuldaða athygli og fékk góða dóma fyrir fyrstu ljóðabókina sína. Hann fylgir henni eftir með ljóðabálk um eftirlífið og drauga.

74 bls.

Una útgáfuhús

SVK



Spegilsjónir

Guðrún Hannedóttir

Spegilsjónir er ofin af látlauðu og meitluðu máli og myndum – vefur þungrar alvöru og sárs gamans.

Ljóðheimur Guðrúnar er ósvikinn og knýjandi, en á sama tíma uppfullur af húmor og lífsgleði, og minnr okkur á að staldra við það smáa á meðan við getum.

64 bls.

Partus forlag

SVK



Staldraðu við

Ólafur F. Magnússon

Ljóðabókin og geisladiskurinn „Staldraðu við“ eftir Ólaf F. Magnússon, lækni og fv. borgarstjóra er önnur ljóðabók hans.

Í bókinni eru 156 ljóð ort á tímabilinu 2014–2020 og með bókinni fylgir 12 laga geisladiskur, þar af 9 lög sem ekki hafa verið útgefin áður.

Ljóðin fjalla um „fegurð og fljóðin,“ „fjallkonu Íslands og tilveruna alla,“ „mannanna lesti,“ „vináttu, kærleik og dyggð,“ „ljúfmennsku, hamingju og bjartsýni,“ eins og segir í titilljóðinu „Staldraðu við.“

130 bls.

Skrúdda

IB



Stund um stund

Jóhann Kristjánsson

Stund um stund er þriðja ljóðabók höfundar og samanstendur af tveimur prósum og fimmtíu og tveimur ljóðum.

Í bókinni veltir Jóhann fyrir sér tilbrigðum hversdagsins á sinn persónulega hátt.

Ljóðin eru skrifuð í hefðbundnu og frjálsu ljóðaformi, ætlað að rjúfa eril hversdagsins og fá lesendur til að staldra við, stund um stund.

79 bls.

Xirena ehf

IB



Takk

Gunnar Þorsteinn Halldórsson

Þetta er fyrsta ljóðabók höfundar, afar sérstæð að uppbyggingu og efnistöku. Ljóðin eru af öllu tagi; ort í gamni og alvöru um ýmsar hliðar mannlífs og jarðar; ást og trega, umhverfi og trú. Með hliðsjón af mikilli fjölbreytni í háttum og formi auk ótal vísana til þekkra ljóða og skálda, má segja að bókinn sé einskona óður til íslenskrar ljóðlistar.

79 bls.

Kolfreyja ehf.

SVK



Taugaboð á háspennulínu

Arndís Lóa Magnúsdóttir

Fyrir verkið fékk skáldið Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta. Ljóðabókin er tvískipt. Fyrri hlutinn segir frá sambandi ómálga barns og eldri manneskju sem er að tapa málinu. Í seinni hlutanum skoðar ljóðmælandi umhverfi sitt og þrjár í gegnum vísindalegar skýringar á náttúrinni.

Ljóð um tjáningu og einangrun með lifandi myndum og marglaga tengingum sem koma á óvart.

54 bls.

Una útgáfuhús

SVK



Tunglið er diskókúla

Loki

„Hér er bók um það hvernig heimurinn springur stundum út í villtu streymi og rambar á mörkum draums og veruleika, eróttkur og klósettferða, ástar og losta, regnboga og ælu. Þetta er skáldið sem þú átt eftir að taka eftir næstu árin, flæðið er farið í gang,“ segir Elísabet Jökulsdóttir. „Loksins, Loksins!“ segir Mikael Torfason.

Tunglið er diskókúla er fyrsta bók Loka sem er fæddur árið 1993.

120 bls.

Benedikt bókaútgáfa

SVK



Two Lands, One Poet

The Reflections of Stephan G. Stephansson Through Poetry

Stephan G. Stephansson

Ritstj.: Birna Bjarnadóttir og Mooréa Gray

Tvímála útgáfa (íslenska og enska) á safni ljóða eftir Stephan G. Stephansson, eitt af lykilskáldum íslenskra og íslensk-kanadískra bókmennta. Enski hluti bókarinnar geymir sögulegt yfirlit yfir glímu þýðenda beggja vegna hafs við ljóð Klettaskáldsins, meðal annars þeirra Bernards Scudders og Jakóbínu Johnson. Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, ritar formála.

296 bls.

Hin kindin

IB



Undir mánans fölu sigð

Pjetur Hafstein Lárusson

Þessi sextánda ljóðabók Pjeturs Hafsteins Lárussonar veitir innsýn í hugarheim skáldsins og sýnir enn einu sinni sterk tók hans á fallegum, ljóðrænum stíl, hnitmiðuðu myndmáli sem oft opnast fyrir lesandanum sem litríkt málverk.

110 bls.

Skrudda

KIL



Veirufangar og veraldarharmur

Valdimar Tómasson

Á tímum heimsfaraldurs gekk Valdimar Tómasson um mannaúð stræti borgarinnar og orti háttbundinn kvæðabálk um ástandið. Hér birtist afraksturinn ásamt hárbeitum heimsósóma. Valdimar er helsta götuskáld Reykjavíkur. Hann er þekktur fyrir vandaðan skáldskap og frjóa glímu við íslenska tungu.

54 bls.

Una útgáfuhúð

SVK



Vél

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Vél heitir ný ljóðabók Steinunnar Arnbjargar Stefánsdóttur tónlistarkonu á Akureyri. Höfundur er ötull ljóðasmiður orða og tóna. Ljóð hennar má heyrja í lögum og tónsmíðum, hennar eigin og annarra, en þau birtust fyrst á prenti í tímaritinu Stínu. *Vél* er þriðja bók Steinunnar, en áður hafa komið út hjá Sæmundi bækurnar *Uss* og *Fugl/bluþl*.

70 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Við skjótum tíuprjónum


Hallgrímur Helgason

Hallgrímur Helgason kann þá list að hræra upp í fólki, brýna það, um leið og hann bendir á mótsagnirnar, tvöfeldnina og tilgangseysið allt í kringum okkur. Ljóðabálkurinn er ortur á árunum 2016–2020 og talar beint inn í samtímann. Púlsinn er tekinn á líðan þjóðar sem hrósar sínu lífshappi en útvistar erfiðum málum með lættaknanum.

63 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Yeats

William Butler Yeats

Þýð.: Sölvi Björn Sigurðsson

Írski ljóðskáldið William Butler Yeats hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1923, þá 58 ára að aldri. Enn þann dag í dag er hann talinn einn þeirra fremstu í ljóðlistinni. Hér birtast á einni bók nokkur af frægustu ljóðum hans í nýjum íslenskum þýðingum Sölva Björns Sigurðssonar, sem hlaut Hin íslensku bókmenntaverðlaun fyrir skáldsöguna *Seltu* árið 2020. Sölvi Björn ritar jafnframt eftirmála.

66 bls.

Sögur útgáfa

IB



Pagnarbindindi

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

Ljóðsagan *Pagnarbindindi* miðlar hugarheimi konu sem reynir að ná tókum á minningum um missi og ótta, um samskipti við konurnar sem hafa verið henni nánastar og henda reiður á svo mörgu sem hún hefur aldrei sagt.

Þetta er fyrsta bók Höllu Þórlaugar, sem er fædd 1988. Hún hlaut Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta fyrir þetta verk.

96 bls.

Benedikt bókaútgáfa

SVK



Petta voru bestu ár ævi minnar, enda man ég ekkert eftir þeim

Jón Kalman Stefánsson

„Afhverju þessi sóun á pappír?“

Þannig hljómaði niðurlagið á fyrstu gagnrýninni sem ég fékk á ljóðabókina mína, skrifar höfundur í eftirmála þessa ljóðasafns sem hefur að geyma ljóðabækur hans þrjár; *Með byssuleyfi á eilífðina* (1988), *Úr þotuhreyflum guða* (1989) og *Hún spurði hvað ég tæki með mér á eyðieyju* (1993) auk nokkurra áður óbirtra ljóða.

208 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL



Öldufax

Sjónarrönd af landi

Valgerður Kristín Brynjólfssdóttir

Maðurinn í náttúrunni og náttúran í manninum. Kynslóðirnar, fortíð, nútíð og framtíð. Allt eru þetta stef á ljóðbárum Valgerðar Kr. Brynjólfssdóttur. Í þessari fyrstu ljóðabók hennar mætast haf og land, enda er hún alin upp við sjóinn en býr nú við Hekluætur. Valgerður er íslenskfræðingur og hefur meðal annars starfað á Árnastofnun. Ljóð hennar hafa birst í ýmsum tímaritum og hér gefur að líta verk sem orðið hafa til á löngum tíma. *Öldufax* einkennist af sterku skáldmáli og áhrifaríkum myndum.

64 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB

Listir og ljósmyndir



Andspænis

Hugleikur Dagsson, Práundur Þórarinnsson og Fríðrik Sólmes Verkefnið *Andspænis* hófst á myndlistarsýningu sem frændurnir Hugleikur og Práundur héldu í Gallery Port haustið 2019. Fríðrik Sólmes samdi texta við myndirnar, þar sem vættir og þjóðsagnapersónur standa andspænis hver annarri – og listamennirnir og ólík túlkun þeirra sömuleiðis.

36 bls.

Forlagið – Ókeibæ

IB



Flogið aftur í tímann

Suðvestur- og Suðurland þá og nú

Björn Rúriksson

Flogið aftur í tímann sýnir borgina, bæi og þorp frá áttunda áratugnum og fram á daginn í dag. Flogið var um alla byggðakjarna á Suður- og Suðvesturlandi í sumar er leið. Staðir eru einnig sýndir frá líku sjónarhorni í fortíð og nútíð. Reynt er að sýna hverfi og byggðir í þéttbýli, þannig að sem flestir geti séð húsinn sín og bústaði. Stærri breytingar í nátturuni, m.a. í jöklum, eru einnig sýndar í glæsilegum myndum. Texti í bókinni er einnig á ensku.

228 bls.

Jarðsýn ehf

SVK



Gljúfrabúar og giljadísir

Eyfirskir fossar

Svavar Alfreð Jónsson

Um árabíl hefur áhugaljósmyndarinn Svavar Alfreð Jónsson heimsótt fossa í heimahéraði sínu, Eyjafirði, og tekið myndir af mörgum þeirra. Útkoman er glæsileg og minnir okkur á þau ómetanlegu lífsgæði sem felast í því að eiga stutt að fara út í óspjallaða og ægífagra náttúruna. Fegurðin er aðgengilegri en okkur grunar eins og myndefnið hér vitnar um.

104 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB



Hamir / Sheaths


Anna Jóa

Í þessari vönduðu listaverkabók eru litprentanir af 32 teikningum og vatnslitamyndum ásamt ljóðrænum textum. Í samleik mynda og texta verður til frásögn og íhugun um hami sem virðast sífellt renna manni úr greipum, rétt eins og tíminn. Ljóðatextar Önnu Jóa birtast einnig í enskri þýðingu Söruh Brownsberger og eftirmáli Jóhannesar Dagsssonar er á báðum málum. Bókin er gefin út í takmörkuðu upplagi og hægt að fá hana áritaða af listamanninum.

70 bls.

Anna Jóa / Gallerí Skuggi

SVK



Hetjur norðurslóða

Óður til Grænlenka sleðahundsins

Ragnar Axelsson

Sannkallað stórvirki þar sem Ragnar Axelsson leiðir okkur um hafísinn með magnaðri skrásetningu á sögu og lífsbaráttu Grænlandinga. Hetjur norðurslóða er ómótstæðileg ljósmyndaveisla, krydduð sögum grænlenkra veiðimanna. Gullfalleg bók sem jafnframt er óður til grænlenka sleðahundsins.

388 bls.

Qerndu

IB



Ísland

Náttúra og undur

Ellert Grétarsson

Í þessari fallegu bók eru ljósmyndir frá um 80 stöðum á Íslandi. Myndirnar sýna ýmsar fáfarnar og áhugaverðar náttúruperlur, tignarleg eldfjöll, hrikslegt landslag jöklanna og undraheim hraunhellanna, svo eitthvað sé nefnt. Stórkostlega náttúru Íslands dregur Ellert fram í mögnuðum ljósmyndum í bland við fróðleik um jarðfræði og náttúru landsins.

Ljósmyndir Ellerts Grétarssonar af íslensku landslagi og náttúru hafa vakið mikla athygli og unnið til alþjóðlegra verðlauna.

176 bls.

Nýhöfn

IB



Tíminn minn 2021

Björg Þórhallsdóttir

Hlý og fallega myndskreytt dagbók eftir íslensku listakonuna Björgu Þórhallsdóttur, sem nú er einn vinsælasti listamaður Noregs. Þessi dagbók er sniðin fyrir konur, full af jákvæðni og góðum ráðum. Tíminn minn er uppáhalds dagbók fjölda íslenskra kvenna.

Bókafélagið

IB

Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is



Erum með úrvalið
...sérvalið

bóksala stúdenta

www.boksala.is

Saga, ættfræði og héraðslýsingar



Björgunarsveitin mín

Arngrímur Hermannsson

Björgunarsveitin mín er gefin út í tilefni af 70 ára afmæli Flugbjörgunarsveitarinnar. Arngrímur Hermannsson safnaði saman áhugaverðum frásögnum frá fjölmörgum félögum svo að úr verður einkar áhugaverð, fróðleg, spennandi og skemmtileg bók. Hér eru hvoru tveggja leitar- og björgunarsögur og ferðasögur félaga sveitarinnar á þessu 70 ára tímabili. 308 bls.

Almenna bókafélagið

IB



Gleymid ekki að endurnýja

Saga Hapdrættis Háskóla Íslands

Stefán Pálsson

Hapdrætti Háskólans hóf göngu sína árið 1934 til að fjármagna Aðalbyggingu skólans og hefur upp frá því staðið undir nær öllum nýframkvæmdum hans. Hvers kyns hapdrætti eru stór hluti af menningu okkar og oft hefur verið hart deilt um slíka starfsemi, jafnt hér og erlendis. Bókin varpar einnig ljósi á byggingarsögu Háskólans. 416 bls.

Háskólaútgáfan

IB



Jón Vídalín ævisaga og ritsafn

Torfi Stefánsson Hjaltaín

Í tilefni af 300 ára ártíð Jóns Þorkelssonar Vídalíns árið 2020 stendur Þjóðkirkjan að útgáfu tveggja binda verks um ævi og ritstörf biskupsins.

Útgáfa á verkum Jóns Vídalíns er löngu tímabær, en meðal verka hans hér birtast í fyrsta sinn á prenti predikanir hans yfir Faðir vor, þýðing hans á Hebraebréfinu ásamt skýringum hans og fjöldi bréfa.

Tveggja binda útgáfa.

1440 bls.

Skálholtsútgáfan – Kirkjuhúsið

IB



Samvinna á Suðurlandi I-IV

Guðjón Friðriksson

Saga samvinnufélaga á Suðurlandi er í raun atvinnu-, samgöngu- og félagsmálasaga landsfjórðungsins í rúm hundrað ár. Rakin er saga kaupfélaga og annarra samvinnufyrirtækja í Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Vestmannaeyjum. Þetta er saga samstöðu og sigra, litríkra leiðtoga og stórhuga framkvæmda en einnig saga togstreitu, hatrammrar stjórnmalabaráttu, mistaka og beiskra ósigra. Verkið allt er í fjórum bindum í meðalstóru broti sem seld eru saman í fallegru öskju.

1448 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Spænska veikin

Gunnar Þór Bjarnason

Spænska veikin var mannskæðasta farsótt sögunnar. Meðan á stóð féllu hundruð Íslendinga í valinn, mest ungt fólk í blóma lífsins. Hér er þessi átakanlega saga rakin ítarlega í fyrsta sinn og m.a. velt vöngum um það að hvaða leyti spænska veikin hafi verið sambærileg við veirufaraldurinn sem gengur nú yfir heimsbyggðina. 316 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB RAF



Suðureyri athafnasaga

Pétur Bjarnason

Á Suðureyri í Tálknafirði ráku Norðmenn hvalveiðistöð á árunum 1893-1911 með tilheyrandi framkvæmdu Pétur A. Ólafsson konsull á Patreksfirði gerði út selveiðiskipið Kóp frá Suðureyri 1916-17. Aftur var starfrækt hvalveiðistöð á Suðureyri árin 1935-1939, og hún var þá var sú eina á landinu. Nú er Suðureyri í eyði, en starfsemin þar lagði grunninn að kauptúninu sem nú heitir Tálknafjörður. 196 bls.

Flóki forlag

SVK



Sunnuhlíð. Ævintýri fólks og félaga í Kópavogi 1979-1999

Ásgeir Jóhannesson

Árið 1979 tóku níu félög í Kópavogi sig saman um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða. Safnað var fé með þátttöku flestra bæjarbúa í Kópavogi. Sunnuhlíð hóf rekstur 1982. Sunnuhlíðarsamtökin reistu svo þjónustuíbúðir fyrir aldraða og markaði það tímamót í slíkum rekstri. Ásgeir Jóhannesson, formaður þeirra til 20 ára, rifjar upp söguna. 200 bls.

Sögufélag Kópavogs

IB



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

Gunnarsteinn Ólafsson
Páll Stefánsson

bóksala stúdenta

Er um með úrvalið... sérvalið

Ævisögur og endurminningar



Af moldargólfi í ólgusjó verkalýðsmála

Magnús L. Sveinsson

Í þessar bók fjallar Magnús L. Sveinsson fyrrum formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur og forseti borgarstjórnar um feril sinn, allt frá æskuárum austur á Rangárvöllum. Við kynnumst mannlífi á Suðurlandi á fjórða og fimmta áratugi síðustu aldar. Fjallað er um stjórnmalabáttöku hans á Suðurlandi og síðar í Reykjavík. Ferill hans í hringiðu verkalýðsmála um áratugaskeið er þó fyrirferðarmestur í þessari læsilegu bók.

380 bls.

Skrudda

IB



Á sviðsbrúninni

Sveinn Einarsson

Eftir að bók Sveins Einarssonar leikstjóra og fyrrverandi Þjóðleikhússtjóra, *Mitt litla leiksvið*, kom út 2017 tóku að hrannast upp önnur minningabrot ásamt heimspökilegum vangaveltum sem rötuðu á þessa bók. Hér eru í bland fjórlegar frásagnir, minningaleiftur og forvitnilegar huganir sem gaman er að lesa.

238 bls.

Ormstunga

SVK RAF



Ástin lifir

Mynda og sögubók um ævi Margrétar Kristjánsdóttur frá Villingaholti


Margrét Kristjánsdóttir

Margrét skrifar styttri og lengri endurminningar í lifandi og persónulegum stíl. Sögur frá barnæskunni í Flóanum og hjartnæmar frásagnir af ástinni sem spíraði í Flóamoldinni og átti eftir að fylgja henni yfir fjöll, haf og mörk þessa heims og hins. Bókina skreyta myndir frá æskuslóðunum í Villingaholtshreppnum, vertíðarárunum í Ólafsvík og Grindavík, Álafossi, Skagafirði, ástarævintýrum og fjölskyldu Margrétar frá Villingaholti.

264 bls.

Margrét Kristjánsdóttir

IB



Beckmann


Ritstj.: Atli Rúnar Halldórsson

Dramatísk saga tréskurðarmeistarans Wilhelms Beckmanns sem flýði til Íslands undan Hitler 1935, settist hér að og vann að listsköpun sinni til dauðadags. Eftir hann eru listmunir í mörgum íslenskum kirkjum og allt lék í höndum hans. Of fáir kannast samt við nafn mannsins sem t.d. hannaði merki Hótel Borgar 1946 og notað er enn þann dag í dag.

132 bls.

Svarfælasýsl forlag

IB



Berskjaldadur

Barátta Einars Þórs fyrir lífi og ást
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Einar Þór Jónsson vakti þjóðarathygli fyrir skýra en hógværa framgöngu sem talsmaður Geðhjálpar. Fáa grunaði þó að þessi látlaus og geðþekki maður ætti sér magnaða lífssögu að baki.

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir skrifar þessa áhrifamiklu baráttusögu Einars Þórs Jónssonar af innsæi og næmi.

381 bls.

Bjartur

IB RAF



Bertel Thorvaldsen

Helgi Konráðsson

Samant.: Stefano Grandesso

Formáli: Guðni Th. Jóhannesson

Bertel Thorvaldsen var á 19. öld viðurkenndur og dáður sem einn fremsti myndhöggvari Evrópu. Hér er rakin ævintýraleg saga listamannsins sem var af fátæku fólki en komst vegna hæfileika sinna til listnáms aðeins ellefu ára gamall. Móðir Bertels var jósk en faðir hans skagfirskur myndskeri. Að loknum glæstum námsferli í Kaupmannahöfn bjó Bertel í fjóra áratugi í Róm og tók þar þátt í litskrúðugu lista- og menningarlífi þeirra sem lengst náðu í vestrænum heimi þess tíma.

400 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Brosað gegnum tárin


Bryndís Schram

Brosað gegnum tárin er bók um ástina og hamingjuna, um sorgina og harmleikinn. Ævisaga heitra tilfinninga og dramatískra viðburða. Bók sem enginn leggur frá sér – ósnortinn. Hún heldur áfram þar sem metsölubók Bryndísar Schram *Í sól og skugga* endaði. Hún segir söguna alla, þar sem höfundur horfist í augu jafnt við hamingjuna sem harmleikinn.

230 bls.

HB útgáfan

KIL



Dóttir – leið mín til tveggja heimsmeistaratitla

Katrín Tanja Davíðsdóttir og Rory McKiernan

Þýð.: Helgi Ágústsson

Katrín Tanja, tvöfaldur heimsmeistari í CrossFit, rekur hér leið sína til hæstu tinda. Í CrossFit fékk hún útrás fyrir óstöðvandi orku og baráttulöngun, tókst á við sigra og ósigra og náði á toppinn með því að þjálfa líkamann að þölmörkum. Bók sem veitir sýn á eina fremstu íþróttakonu heims og það sem hún hefur gert til að ná árangri og verða fyrirmynd.

287 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK RAF



Ein á forsetavakt

Dagur í lífi Vigdísar Finnbogadóttur


Steinunn Sigurðardóttir

Árið 1980 varð Vigdís Finnbogadóttir fyrst kvenna í heiminum lýðræðislega kjörin þjóðhöfðingi. Átta árum síðar skrifaði Steinunn Sigurðardóttir metsölubókina *Ein á forsetavakt*, þar sem annasömum dögum í lífi forseta og einstæðrar móður er lýst af innsæi og gletni. Bókin kemur nú út á ný í tilefni þess að 90 ár eru frá fæðingu Vigdísar og 40 ár síðan hún var kjörin forseti.

188 bls.

Forlagið – Iðunn

SVK RAF EÚT

**Ellert**

Endurminningar Ellerts B. Schram


Ellert B. Schram og Björn Jón Bragason

Óþarft er að kynna landsliðsfyrirliðann, KR-inginn, alþingismaðmanninn og ritstjórn Ellert B. Schram. Hann hefur komið víða við á langri ævi og hvarvetna verið í forystuhlutverki. Ellert rekur hér lífshlaup sitt í hispurlausri og líflegri frásögn, allt frá uppvaxtarárum á stóru heimili í Vesturbænum fram til dagsins í dag. Bókina prýðir fjöldi mynda.

271 bls.

Skrudda

IB

**Fjallakunstner segir frá**

Pjetur Hafstein Lárússon

Fjallakunstnerinn Stefán frá Möðrudal – rótlaut lífstré kynborins sonar íslenskra öræfa hefur víða farið og fæstir hafa gert sér grein fyrir kjörviði undir hrjúfum berkinum. Listsköpun Stefáns ber svip hrikalegrar náttúru Möðrudalsöræfa, oft í tröllslíki.

Hér birtist á nýjan leik samtalsbók Pjeturs Hafstein Lárússonar við Stefán frá Möðrudal, einn merkasta fulltrúa íslenskrar alþýðumenningar á síðustu öld.

143 bls.

Skrudda

KIL

**Frjáls eins og fuglinn**

Ný útgáfa


Mats Wibe Lund

Í þessari bók rekur Mats Wibe Lund ljósmyndari minningar sínar en jafnframt er bókinn yfirlit um ljósmyndaferil hans sem spannar meira en 60 ár.

215 bls.

Skrudda

IB

**Fyrir augliti**

Dagatal

Úlfar Þormóðsson

Úlfar Þormóðsson hélt dagbók á árunum 2018 og 2019, alls 730 færslur. Sviðið er miðbær Reykjavíkur og samfélag Íslendinga suður í höfum – en kannski mest andi Úlfars sem fer með lesendur í óvænt ferðalög um hugmyndir og atburði líðandi stunda. Úlfar er er á margan hátt elsta ungskáld Íslands.

340 bls.

Veröld

IB RAF

**Fæddur til að fækka tárur. KÁINN.**

Ævi og ljóð

Jón Hjaltason

Kristján Niels Jónsson, Káinn; eina íslenska kímnskáldið, orðsnjall og orðleikinn – gæddur náðargáfu – glímdi þó alla ævi við sálar-skugga. Fæddur 1859 á Akureyri. Fluttist 19 ára til Ameríku. Saga Káins er um leið saga Vestur-Íslendinga sögð af glettnislegum sjónarhóli skáldsins sem orti:

En undarlegast atvik samt ég tel að Íslendingur skyldi frjósá í hel.

372 bls.

Völuspá útgáfa

IB

**Hallgr. Hallgrímsson**

Hallgr. Hallgrímsson I

Hallgr. Hallgrímsson II

Ólafur Grímur Björnsson

Einn af stofnendum KFÍ, nam við skóla Kominterns í Moskvu; barðist á Spáni, – og með íslenskum verkalýð á 4ða áratugi aldarinnar, unz stærstu sigrunum var náð. Ritstýrði málgögnum æskulýðshreyfingarinnar, *Rauða fánanum*, *Landnemanum*.

Átökin kostuðu langa fangelsisvist. Hallgrímur var dæmdur fyrir landráð og sagður útlagi í Þjóðfélaginu, þegar hann fór úti fyrir Austurlandi 1942.

182/280 bls.

Ólafur Grímur Björnsson

KIL

**Heiman heim**

Finnur Torfi Hjörleifsson

Uppistaðan í þessari litlu bók eru bréf, flest adventu- eða jólabréf til barna og vandamanna höfundar, en nokkur þó til vinar um staði og stundir höfundar heima í Borgarfirði. Tvær frásagnir eru frá sögufrægum borgum í Þýskalandi. Efnid er margvíslegt, um ljósið og vatnið og unaðs stundir.

84 bls.

Skrudda

IB

**Herra Hnetusmjör**

- hingað til -

Sóli Hólm

Herra Hnetusmjör, Árni Páll Árnason, hefur verið hvírfilbylur í íslensku tónlistarlífi. En lífsganga hans hefur verið sannkölluð rússíbanareid.

Sóli Hólm skrifar af blússandi krafti en sýnir líka strákinn á bak við ímyndina í einlægri og stórskemmtilegri bók.

238 bls.

Bjartur

IB RAF

Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

Heimsendingartilboð

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Hundalíf með Theobald

Þráinn Bertelsson

Í daglegum gönguferðum ræða ungur hundur og gamall maður um lífið og tilveruna. Gamli maðurinn heitir Þráinn og sambylishundur hans er fransk bolabíturinn Theobald. Þetta eru örsögur og örstutt samtöl þar sem blandast saman gaman og alvara – vangaveltur um það sem skiptir máli í lífinu eða glás af dýrmætum augnablikum, eins og Theobald segir.

184 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK RAF



Jóhannes Einarsson

Míningabrot

Jakob F. Ásgeirsson

Jóhannes Einarsson verkfræðingur hefur átt fjölbreytta starfsævi, þótt hann sé fyrst og fremst kunnur fyrir að hafa haslað sér völl í alþjóðlegum flugheimi sem einn af framkvæmdastjórum Cargolux.

Í þessari bók rekur Jóhannes viðburðaríka starfsævi og segir hispurslaust frá því sem á daga hans hefur drifið – ekki síst hörðum átökum í viðskiptalífinu.

224 bls.

Ugla

IB



Kalak

Kim Leine

Lesari: Sveinn Ólafur Gunnarsson

Sagan segir frá ungum manni sem alinn er upp í samfélagi Votta Jehóva í Noregi þar sem hinn drottandi og refsandi Guð er alltumlykjandi. Tákn frelsisins er samkynhneigður faðir drengsins. Tákn yfirgefð fjölskylduna og haldið til Kaupmannahafnar. Sextán ára hefur Kim fengið nóg og strýkur til föður síns, en fer þar úr óskunni í eldinn.

10:30 klst.

Storytel

HLB



Lífshlaup athafnamanns

Magnús Pétursson

Saga Péturs Péturssonar, alþingismanns Alþýðuflokksins, eftir son hans, Magnús Pétursson, fyrrverandi forstjóra Landspítala og ríkissáttasemjara.

Áhugaverð frásögn um mann sem kom víða við sögu í stjórnmálum og atvinnulífi. Hann var líka liðtækur við að endurskipuleggja rekstur sem illa gekk og var því stundum nefndur „afréttari fyrirtækja“

418 bls.

Svarfælasýsl forlag

IB



Best í bókum

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Málsvörn Jóns Ásgeirs Jóhannessonar

Einar Kárason

Lesari: Einar Kárason

Jón Ásgeir Jóhannesson vakti ungur athygli er hann stofnaði ásamt föður sínum lágvöruverðsverslunina Bónus. Hann varð brátt atkvæðamikill í viðskiptalífinu hér á landi sem erlendis en fyrr en varði hófust réttnefndar ofsóknir gegn honum. Einar Kárason fer í saumana á þessari makalaus sögu og varpar nýju ljósi á manninn og nýliðna atburði í þjóðarsögunni.

412 bls.

Forlagið – Mál og menning

RAF HLB



Raddir

Amír og efri ár


Ritstj.: Jón Hjartarson og Kristín Aðalsteinsdóttir

Bókinni er ætlað að miðla fróðleik um hvernig það er að eldast, hvernig lífi fólk lifir á efri árum og væntingar til lífsins. En einnig er fjallað um æsku og störf sem áhrif hafa haft á líf greinarhöfundna. Hér segja fjórtán konur og fjórtán karlar frá. Kaflarnir eru afar ólíkir enda var leitað til fólks úr ýmsum stéttum, úr ólíkum landshlutum, fólks með mismunandi bakgrunn, menntun, ævistarf, uppeldisaðstæður og annað sem hefur haft mótandi áhrif á líf þess.

362 bls.

Skrúdda

IB



Siddi gull

Æviminningar Sigmars Ó. Mariússonar gullsmiðs

Guðjón Ingi Eiríksson

Hér segir Þistilfirðingurinn Sigmar Ó. Mariússon gullsmiður – Siddi gull – frá viðburðaríki ævi sinni. Ríflega tvítugur að aldri missti hann báða fæturna í bílslysi á Heiðarfjalli á Langanesi og hafði þá ýmislegt dunið á honum áður og átti enn eftir að gera. En ... hann hefur aldrei gefist upp og ávallt horft á björtu hliðarnar, sama hversu útlitið væri í rauninni dökkt. Þessu eru öllu gerð skil í frásögn sem spannar allt frá mesta draugagangi á Íslandi, Hvammsundrunum svokölluðu, til hins ofdekraða Samma. Þessi bók lætur engann ósnortinn.

220 bls.

Bókaútgáfan Hólar

IB HLB

Hljóðbók frá Storytel



Sigríður á Tjörn

Míningar og myndbrot frá langri ævi

Sigríður Hafstað

Í bókinni bregður Sigríður Hafstað upp myndbrotum úr ævi sinni með sendibréfum, viðtölum og öðru efni sem frá henni er runnið. Hún ólst upp á stóru sveitahéimili í Vík í Skagafirði og stóð fyrir öðru slíku á Tjörn í Svarfæðardal. Þar fæddi hún og klæddi börn sín sjö og oft miklu fleiri börn, sinni gestum, vann við bústörf og starfaði að félagsmálum, kórsöng og leiklist. Gekki á fjöll, rak héraðsfréttablað, var hreppstjóri og snerist í kringum niðjana.

256 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Svo týnist hjartaslóð: Þroskasaga Betu Reynis

Valgeir Skagfjörð og Elísabet Reynisdóttir

„Ekki láta mömmu deyja“ hvislar lítill fimm ára drengur að óskafiðrildinu áður en hann sleppir því lausu.

Sagan segir frá baráttu Betu Reynis við að komast í gegnum erfið veikindi og fóta sig aftur í lífinu. Hvað tekur við hjá ungru konu sem hefur misst heilsuna og þarf að læra allt uppá nýtt? Og hvaða áhrif hefur það á líf hennar og framtíð?

396 bls.

Þjört bókaútgáfa – Bókabeitan

IB RAF HLB



Sögur handa Kára

Ólafur Ragnar Grímsson

Þegar Kári Stefánsson leitar ráða hjá Ólafi Ragnari vegna kynna hans af Kínverjum bregður sá síðarnefndi á það ráð að segja sögur. Í kjölfar farsóttarinnar gafst tóm til frekari skrifta, sögurnar urðu því ennþá fleiri og tóku til fleiri heimshorna. Ólafur segir frá kynnum sínum af áhrifafólki og aðkomu að brynum verkefnum. Úr verður sagnasveigur sem er í senn stórskemmtilegur og stórfróðlegur.

240 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK



Tók ég eftir því þá eða tók ég eftir því eftirá?

Halla Birgisdóttir

Tók ég eftir því þá eða tók ég eftir því eftirá? er persónuleg myndræn frásögn um reynslu höfundar af því að missa tókin á raunveruleikanum og fara í geðrof. Bókin styðst við samspil teikninga og texta til þess að skapa heildstætt sjálfsævisögulegt bókverk. Hún er einhvers staðar á milli þess að vera hefðbundin sjálfsævisaga og myndlist.

160 bls.

IFYAC

KIL



Úr hugarfylgsnum augnlæknis

Mimmingabrot augnlæknis


Ingimundur Gíslason

Á langri ævi ber margt til tíðinda. Hrifandi frásagnir Ingimundar Gíslasonar færa lesandanum tíðarandann á seinni helmingi tuttugustu aldar í ljóslifandi minningabrotum. Ingimundur Gíslason augnlæknir á að baki langan og farsælan starfsferil, bæði á Íslandi og í Svíþjóð. Í blöðum og tímaritum hafa birst eftir hann greinar um ýmis málefni.

168 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Vatnaleiðin

Óskar Árni Óskarsson


Myndir: Einar Falur Ingólfsson

Árið 2009 dvaldi Óskar Árni Óskarsson um sex mánaða skeið sem gestalistamaður í Vatnasafninu í Stykkishólmi. Hann hélt dagbók flesta daga sem hér birtist nú á prenti í endurskoðaðri útgáfu. Bókin hefur að geyma lýsingar á því sem fyrir augu bar þessa mánuði, hugleiðingar og ljóð og ljósmyndir sem Einar Falur Ingólfsson tók á vordögum 2018.

120 bls.

Benedikt bókaútgáfa

SVK



Vigdís Jack

Sveitastelpan sem varð prestsfrú

Gyða Skúladóttir Flinker

Eiginkona – mamma – amma – langamma – systir – vinkona – barnakerling – vinnuþjarkur – ævintýramenneskja – Dís – Munda – Mrs. Jack.

Þetta eru aðeins nokkur af þeim nöfnum sem fylgt hafa Vigdísi Jack á langri ævi – á Akranesi, í Grímsey, Vesturheimi, á Tjörn á Vatsnesi og í Kópavogi.

Einlæg og lifandi frásögn um viðburðaríka ævi á miklum breytingatímum.

240 bls.

Ugla

IB



Það er alveg satt!

Lifshlaup og starf kristniðanna Kjellrunar Langdal og Skúla Svavarssonar

Vigfús Ingvar Ingvarsson

Ótrúlegar sögur vekja spurningar, gjarnan þá hvort þær séu sannar. Þannig var oft með Skúla er hann sagði frá reynslu sinni á kristniðsákrinum. Vigfús Ingvar Ingvarsson rekur lífsferil þeirra hjóna en þau hafa víða komið við og lagt mikið af mörkum. Persónusaga þeirra hjóna er ramminn sem fyllt er inn í með fræðandi efni er gefur góða heildarmynd. Fjöldi mynda er í bókinni.

262 bls.

Salt ehf. útgáfufélag

SVK

Best í bókum

bóksala stúdenta

www.boksala.is

Matur og drykkur



Bakað

með Elenoru Rós

Elenora Rós Georgesdóttir

Eldmóður Elenoru og ást hennar á bakstri skín í gegn í þessari einstöku bók sem inniheldur aragrúa ómótstæðilegra uppskrifta; allt frá einföldum súrdeigsbakstri, frönsku fínheitabakkelsi, berlínarbollum, súkkulaðivafningum, kleinum, brauðréttum og samlokum sem slá í gegn.

Edda útgáfa

IB



Kökur


Linda Ben

Linda Ben hefur notið mikilla vinsælda fyrir ljúffengar uppskriftir sem hafa slegið í gegn á netinu og á samfélagsmiðlum. Kökur er fyrsta bók Lindu en hún hefur að geyma fjölda uppskrifta að dýrindis kökum, eftirréttum og bakkelsi fyrir öll tilefni. Þá má einnig finna vel varðveitt leyndarmál úr eldhúsi fjölskyldunnar og gagnleg ráð fyrir bakstur og veisluhöld.

184 bls.

Fullt tungl

IB



Pottur, panna og Nanna

Nanna Rögnvaldardóttir

Í steypujárnsþottum og -pönnum má elda næstum hvað sem er eins og sést á ótrúlega fjölbreyttum uppskriftum í þessari bók. Hér eru hægeldaðar steikur, pottréttir, brauð, snöggsteiktir og djúpsteiktir réttir, sætar kökur, súpur, meðlæti og margt annað. Einnig er fjallað ítarlega um val, meðferð og umhirdu á steypujárni og kosti þess við eldamennsku af öllu tagi.

239 bls.

Forlagið – Iðunn

SVK EÚT

Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is



Best í bókum

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Sumac

Þráinn Freyr Vigfússon

Myndir: Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir

Sumac hefur verið einn vinsælasti veitingastaður landsins um árabil og nú lítur matreiðslubók staðarins dagsins ljós. Áhersla er lögð á ferskt og gott hráefni sem matreitt er undir áhrifum Miðausturlanda og Norður-Afríku. Framandi krydd, eldur, fjölbreytileiki og hollar og girnilegar nýjungar eru meginstef bókarinnar sem inniheldur fleiri en hundrað uppskriftir sem prýtt hafa matseðil Sumac. Bókin er vegleg skyldueign ástríðufulla heimiliskokksins.

240 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Uppskriftabók Lillu frænku

Edda Björgvinsdóttir og Viðar Björgvins (Jónsson)

Edda Björgvins man enn matinn sem Lilla frænka í Ameríku eldaði upp úr húsmæðraskólabókinni sinni eftir áratuga búsetu vestanhafs. Þegar Viðar sonur Lillu dró fram gamla fjársjóðinn hennar mömmu og stakk upp á að þau leyfðu fleirum að njóta varð ekki aftur snúið. Hér má finna andblæ liðins tíma í uppskriftum að 70–80 ára gömlum réttum sem eitt sinn voru á allra borðum.

104 bls.

Forlagið – Iðunn

IB



Vegan – Eldhús grænkerans

Rose Glíver og Laura Nickoll

Þessi einstaka bók leggur fræðilegan grundvöll að grænkerafæði og kynnir fyrir lesandanum meira en 100 grænkeramatategundir – þar á meðal rötargrænmeti, baunir og linsur, hnetur og fræ, kryddjurtir og kryddduft – skýrir næringarinnihaldið og hvernig skuli elda þær og bera fram. Hér kynnist þið öllu því sem vita þarf um þetta mataræði. T.d.: HVÆÐA FÆÐUTEGUNDIR GETA KOMIÐ Í STAÐ KJÖTS OG MJÓLKUR, HVERNIG SKIPULEGGJA MÁ SKYNSAMLEGAR MÁLTÍÐIR, AUK GRUNNUPPSKRIFTA OG NÆRINGARTAFLNA.

176 bls.

Bókaútgáfan Hólar

SVK

Fræði og bækur almenns efnis



800-fastan

Michael Mosley

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Hér byggir metsöluhöfundurinn Michael Mosley á nýjustu vísindarannsóknum um þyngdartap og lotubundnar föstur, blóðsykur og meltingu. Í bókinni er fjöldi girnilegra uppskrifta og leiðbeiningar um hvernig má laga þær að eigin smekk og markmiðum, auk matsæðla sem auðvelda fólki að skipuleggja mataræðið. 280 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK RAF



Afmælisrit til heiðurs dr. Sigrúnu Júlíusdóttur

Af neista verður glóð

Vísindi og vettvangur í félagsráðgjöf

Ritstj.: Halldór S. Guðmundsson og Sigrún Harðardóttir

Dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emeritus við Háskóla Íslands, er frumkvöðull sem sett hefur mark sitt á þróun íslensks samfélags og velferðarmála, bæði á hinum starfstengda vettvangi og á sviði fræðaiðkunar. Rannsóknarsvið hennar er víðfeðmt og spannar m.a. fjölskyldumál og samskipti, barna- og fjölskylduvernd og rannsóknir og þróun í félagsráðgjöf ásamt faghandleiðslu. Í þessu safni greina eftir ólíka sérfræðinga og fagmenn er fjallað um mörg þessara efna. 302 bls.

Háskólaútgáfan

SVK




Afnám haftanna – Samningar aldarinnar?

Sigurður Már Jónsson

Afnám fjármagnshaftanna, sem sett voru á í kjölfar falls bankanna 2008, er stórmerkileg saga sem fjölmargir komu að. Íslendingar hafa aldrei átt jafn mikið undir samningamönnum sínum og þegar samið var við kröfuhafana. Afar fróðleg bók þar sem Sigurður Már Jónsson, fyrrum upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, fer yfir hvað gerðist á bak við tjöldin. 344 bls.

Almenna bókafélagið

IB HLB



Almanak Háskóla Íslands 2021

Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Auk dagatals inniheldur almanakið margvíslegar upplýsingar, s.s. um sjávarföll og gang himintungla, helstu fyrirbæri á himni sem frá Íslandi sjást, stjörnukort, áttavítastefnur á Íslandi og tímabelti heimsins. Einnig er hér yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja o.fl. Af nýju efni má nefna grein um gríðarlega fjölgun gervitungla sem breytt gæti ásýnd himinhvolfins. Fjallað er um dvergriktistjörnur og hvort líf sé á reikistjörnunni Mars. 96 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



Almanak HÍP ásamt Árbók

Jón Arni Friðjónsson

Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson

Auk dagatals inniheldur almanakið margvíslegar upplýsingar, s.s. um sjávarföll og gang himintungla, helstu fyrirbæri á himni sem frá Íslandi sjást, stjörnukort, áttavítastefnur á Íslandi og tímabelti heimsins. Einnig er hér yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja o.fl. Að vanda fylgir Árbók um helstu viðburði ársins 2019. 120 bls.

Háskólaútgáfan

KIL



Andvari 2020

Ritstj.: Ármann Jakobsson

145. árgangur tímaritsins *Andvara* en hinn 62. í nýjum flokki. Aðalgreinin í ár er æviágrip Brodda Jóhannessonar skólastjóra eftir Þórólf Þórlindsson. Aðrir höfundar *Andvara* eru Lára Magnúsardóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir, Auður Aðalsteinsdóttir, Arngrímur Vídalín, Páll Björnsson og Markus Meckl. Háskólaútgáfan

Háskólaútgáfan

SVK



Annáll um líf í annasömum heimi

Ólafur Páll Jónsson

Annáll um líf í annasömum heimi fjallar um líf einnar manneskju, líf sem er sérstakt og engu öðru líkt en um leið svo hversdagslegt að hér er varla nokkuð sem aðrir kannast ekki við. Í tólf köflum og jafn mörgum kvæðum fer Ólafur Páll Jónsson með lesandann í ferðalag þar sem lágstemmdur hversdagsleikinn og grimmostu áskoranir samtímans fléttast saman í heimspekilegum hugleiðingum um stöðu okkar í samtímanum. Bókin er skreytt vatnslitamyndum eftir Ásu Ólafsdóttur. 166 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Arfur Stiegs Larsson

Lykillinn að morðinu á Olof Palme

Jan Stocklassa

Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir og Páll Valsson

Stieg Larsson, þekktasti glæpasagnahöfundur heims, rannsakaði morðið á Olof Palme.

Þessi bók er einstök lýsing á raunverulegum atburðum, og geymir auk þess fjölda áður óbirtra skrifa Stiegs sem kallast á við Millennium-þrileik hans. „Heillandi úttekt og sannfærandi frásögn.“

Wall Street Journal

439 bls.

Bjartur

KIL RAF



Augljóst en hulið

Að skilja táknefni kirkjubygginga

Sigurjón Arni Eyjólfsson

Í þessari bók leiðir höfundur okkur í gegnum sögu kirkjubygginga, en í stað þess að einblína á byggingarlist opnar hann augu lesandans fyrir dýpri merkingu kirkjurýmismis á nýstárlegan hátt.

Augljóst en hulið er í senn hagnýtt uppflettirit fyrir allt áhugafólk um kirkjur og vandað fræðirit fyrir alla sem vilja rannsaka guðfræðilegan merkingarheim kirkjubygginga. 256 bls.

Skálholtsútgáfan – Kirkjuhúsið

IB



Á fjarlægum ströndum


Tengsl Spánar og Íslands í tímans rás.
Stofium Vigdísar Finnbogadóttur

Ritstj.: Erla Erlendsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir
Safn greina eftir 14 höfundum um samskipti Spánar og Íslands í tímans rás. Sagt er frá ferðum um Jakobsveginn fyrr og nú, hvalveiðum Spánverja við Íslandsstrendur, gömlum orðasöfnum, saltfisksölu, íslenskum sjálfbóðaliðum í spænsku borgarastyrjöldinni, íslenskum gítarnemum, sólarlandaferðum, spænskukennslu á Íslandi, þýðingum bókmenntaverka, lántökuorðum o.fl. Einnig eru minningabrot Spánverja og Íslendinga í bókinni.

250 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Álabókin

Sagan um heimsins furðulegasta fisk
Patrik Svensson

Þýð.: Þórdís Gísladóttir

Állinn er leyndardómsfyllsti fiskur veraldar. Aristóteles og Sigmund Freud reyndu árangurslaust að öðlast skilning á tilvist álsins, en þessi dularfulla lífvera er enn ráðgáta og nú óttumst við að hann verði útduða.

Bók um þekkingarleit, lífið sjálft, hvernig á að lifa því og áskorunina sem bíður okkar allra; að deyja.

Álabókin hlaut Sænsku bókmenntaverðlaunin 2019.

256 bls.

Benedikt bókaútgáfa

KIL



Ástarsögur íslenskra karla

Frásagnir úr rauveruleikanum


Samant.: María Lilja Þrastardóttir, Rósa Björk Bergþórsdóttir og Bjarni Þorsteinsson

Sögurnar eru af öllu tagi, úr lífi ungra manna og eldri, gagnkynhneigðra, samkynhneigðra og kynsegins. Sumar eru rómantískar, aðrar dálítið kyndalegar, sumar fyndnar, aðrar sárar og sorglegar. En í öllum sögum er ástin yfir og allt um kring í öllum sínum margbreytileika.

188 bls.

Veröld

KIL RAF



Birtingaljód og laust mál

Sigurður Ágústsson, Ásthildur Sigurðardóttir, Sigurfinnur Sigurðsson og Ragnheiður Guðný Magnúsdóttir

Bókin *Birtingaljód* og laust mál geymir kveðskap og ritgerðir eftir feðginin Sigurð Ágústsson tónskáld, Ásthildi Sigurðardóttur húsfreyju í Birtingaholti og Sigurfinn Sigurðsson skrifstofumann á Selfossi. Í upphafi bókar er ritmið Ragnheiðar Guðnýjar Magnúsdóttur um Birtingaholt. Af öðrum greinum ber hæst samantekt Sigurðar um kórarstarf í Hreppum. Eftir Ástriði eru skrif um vinnukonuna Kaju og Móeiði Skúladóttur. Þá eru í bókinni bernskuminningar Sigurfinns sem varð vegna berkla að liggja rúmfastur þrjú löng æskuár.

232 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Bókin sem þú vildir að foreldrar þínir hefðu lesið

(og börnin þín fagna að þú gerir)

Philippa Perry


Þýð.: Hafsteinn Thorarensen

Hvað stendur í vegi fyrir góðum tengslum við börn og hvað getur styrkt þau? Bókin hjálpar þér m.a. að skilja hvernig þitt eigið uppeldi hefur áhrif á þig, settast við að þú munir gera mistök og hvað þú getur gert í þeim, brjóta á bak aftur neikvæð mynstur, vinna með tilfinningar, þínar eigin og barnsins þíns og skilja hvað mismunandi hegðun gefur til kynna.

252 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

SVK



Brimaldan stríða

Örlogarík skipströnd við Ísland

Steinar J. Lúðvíksson

Í þessari mögnuðu bók segir frá nokkrum af örlogaríkustu skipströndum sem orðið hafa við Ísland. Með fyrstu togurinum fjölgaði í áhöfnum og manntjónið varð enn meira.

Steinar J. Lúðvíksson er manna fróðastur um sjóslysasögu Íslands og er höfundur stórvirkisins Þrautgóðir á raunastund.

304 bls.

Veröld

IB RAF



Bubbi Morthens – ferillinn í fjörutíu ár


Árni Matthíasson

Bubbi Morthens hefur verið þjóðargersemi frá því hann kvaddi sér hljóðs með Ísbjarnarblús árið 1980 og markaði þar með nýtt upphaf í íslenski dægurtónlist. Árni Matthíasson rekur hér ævintýrlegan tónlistarferil hans og byggir á samtímaheimildum og viðtölum við fjölda fólks – þar á meðal Bubba sjálfan. Sagan er sögð í beinskeyttum texta og aragrúa ljósmynda.

272 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Byltingin svikin

Leon Trotsky

Þýð.: Erlingur Hansson

Byltingin svikin er eitt af merkustu verkum Trotskys. Í þessari bók, sem hann ritaði árið 1936, gerir hann grein fyrir því hvernig Sovétríkin höfðu þróast á þeim 19 árum sem liðin voru frá októberbyltingunni.

280 bls.

Skrúdda

KIL



Bænabókin

Karl Sigurbjörnsson, biskup

Bænabókin – ný og ítarlegri útgáfa er í samantekt og ritstjórn Karls Sigurbjörnssonar biskups. Þessi bók er hugsuð sem fönunatur á vegi bænar og trúarlífs, leiðsögn í bænalífi, leiðbeiningar um það hvernig dýpka má og þroska trúarlíf sitt. Hún geymir mikinn fjölda bæna gamalla og nýrra og úr ýmsum áttum, allt frá fyrstu tíð kristinnar og til okkar daga.

596 bls.

Skálholtsútgáfan – Kirkjuhúsið

IB



Bærinn sem hvarf

í ösku og eldi 1362

Bjarni F. Einarsson

Í þessari bók fjallar Dr. Bjarni F. Einarsson fornleifafraeðingur á Fornleifafraeðistofunni um ýmsar hamfarir, einkum eldgos, sem mannkynið hefur mátt þola á aldanna rás og um áhrif þeirra á menningu og mannlíf. Í brennidepli er miðaldabýlið Bær í Örafum sem fór í eyði á augnabliki árið 1362 þegar Örafajökull gaus sínu stóra gosi. Gosið var af sama meiddi og gosið í Vesúvíusi árið 79 e.Kr. en það eyddi Pompei og fleiri borgum á Ítalíu.

319 bls.

Skrúdda

IB

Dagbókin mín

Lilja Gunnlaugsdóttir

Dagbókin mín er til að efa hugann í jákvæðni, þakklæti og seiglu. Dagbókin skýrir í máli og myndum hvernig heilinn virkar og hvernig er hægt að þjálfa hann í að hugsa jákvætt.

Bókin inniheldur 65 daga dagbók sem fær einstaklinga til að hugsa um hvað þeir eru þakklátir fyrir, liðan þeirra og hegðun, auk verkefna til að auka skilning þeirra á tilfinningum og hvernig hægt er að setja sér markmið.

94 bls.

Lilja Gunnlaugsdóttir

GOR

Dauði egósins

Halldóra Sigurðardóttir

Einstök bók sem skrifuð er handa öllum sem glíma við erfiðar aðstæður í lífinu. Í bókinni ber höfundur saman tvö ólík hugsanakerfi, annað sem hefur verið lengi við lýði í heiminum og hitt sem hefur dulist allt of lengi. Höfundur skoðar m.a. heim vísindanna, skammtafræðina, segulbylgjur og mikilvægi hjartans. Á athyglisverðan hátt tvinnar höfundur saman rökhyggju og huglæga upplifun. Með kærleikann að leiðarljósi er hægt að koma á nýrri heimssýn þar sem óttinn vikur fyrir friði og innra jafnvægi.

278 bls.

Scribe, þýðingar og útgáfa

KIL

Draumaland

Frá fæðingu til sex ára aldurs

Arna Skúladóttir

Stækkuð útgáfa hins geysivinsæla kjölfesturits höfundar um svefn og svefnvenjur 0-2 ára sem kom út á Íslandi 2006 og hefur verið þýdd á fjölmörg tungumál. Arna, sem er sérfræðingur á Barnaspítala Hringssins, skoðar heim barna í ljósi svefnisins og fjallar um svefnvenjur, lundarfær, þroska, liðan barna og foreldrahlutverk. Hagnýt og fræðandi bók.

320 bls.

Sögur útgáfa

SVK

Um Kommúnistaflokkinn og Sósíalistaflokkinn

Draumar og veruleiki

Stjórnmal í endursýn

Kjartan Ólafsson

Í þessu mikla riti er fjallað um lykilpersónur, átök og atburði í sögu Kommúnistaflokks Íslands og Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins. Enginn hefur þar betri innsýn en Kjartan Ólafsson, sem þekkti persónulega flesta sem koma við sögu og lýsir þeim af fágætri hreinskilni. Bókina byggir hann á margvíslegum heimildum úr íslenskum og erlendum skjalasöfnum.

568 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB

Dýralíf

John Maxwell Coetzee

Þýð.: Gunnar Sigvaldason og Katrín Jakobsdóttir

Nóbelsverðlaunahöfundurinn John Coetzee beitir hér aðferðum rithöfundarins til að nálgast eina flóknustu og erfiðustu spurningu samtímans: Hvers vegna ættum við að halda áfram að meðhöndla dýr eins og sálarlausar vélar, án tilfinninga, án hugsunar og án réttinda?

224 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB

**Dýraríkið**

Örnólfur Thorlacius

Yfirgripsmikið verk um dýrafræði í tveimur bindum, prýtt fjölda myndna. Í senn fræðslurit og uppfléttirit um undirstöður dýrafræðinnar, flokkun og einkenni dýra af öllum stærðum og gerðum. Dýraríkið, sem hér kemur út í fyrsta sinn, er metnaðarfullsta ritverk Örnólfs Thorlacius, kennara og alþýðufræðara, og ber vitni ævilangrar ástríðu höfundar fyrir viðfangsefninu.

838 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB

**Engin sóun**

Leiðarvisir að einfaldara, sorplausu heimili

Bea Johnson


Þýð.: Þóra Margrét Þorgeirsdóttir

Sorplaus líf er hugmyndafræði sem miðar að því að forðast alla sorpmyndun og sóun eins og frekast er mögulegt. Þessi bók býður upp á hagnýtar, þrautreyndar lausnir til að lifa innihaldsríkara, heilbrigðara og einfaldara lífi með sjálfbærum, sorplausum leiðum sem eru nú þegar fyrir hendi. Afþakka það sem við þurfum ekki, draga úr því sem við þurfum, endurnýta það sem við notum, endurvinnna það sem við getum ekki afþakkað, dregið úr eða endurnýtt og jarðgera afganginn.

368 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

KIL

**Faroese**

An Overview and Reference Grammar

Ritstj.: Höskuldur Þráinsson o.fl.

Bókin kemur nú út í nýrri prentun. Hún kom fyrst út árið 2004 en er löngu orðin sigild sem ýtarlegasta handbók um færeyska málfræði sem komið hefur út. Bókin fjallar um ólík svið færeyskrar málfræði en einnig um málsögu, stafsetningu og málstefnu. Þá er ýtarleg lýsing á færeyskum mállyskum í bókinni.

508 bls.

Háskólaútgáfan

SVK

**Fegurðin er ekki skraut**

Íslensk samtímaljósmyndun


Ritstj.: Sigrún Alba Sigurðardóttir og Æsa Sigurjónsdóttir

Hér fjalla átta listfræðingar, sýningastjórar og aðrir fræðimenn um íslenska samtímaljósmyndun og setja í sambengi við alþjóðlega straua. Í bókinni er jafnframt að finna fjölda ljósmynda eftir marga helstu ljósmyndara landsins.

328 bls.


Fagurskinna

SVK

Nýsmurð
vefverslun

bóksala.studenta

www.boksala.is



Fimmaurabrandararnir 2

Getur feitt fólk fylgst grannt með fréttum? Laddi er – án gríns – ekkert fyndinn. Ég keypti klósettbursta fyrir viku síðan ... en er nú búinn að skipta aftur yfir í klósettpappír. Ég var á leið í búðina, svo konan bað mig um að setja tómatsósu á innkaupalistann ... og nú get ég ekki lesið neitt á honum! Hvað kallast lúsmý sem treðst framfyrir? Skjúsmý! Í hvers konar fötum gengur starfsfólk Sorpu? Í ruslafötum! Þetta og margt fleira brjálæðislega fyndið í þessari geggjuðu bók!

80 bls.

Bókaútgáfan Hólar

SVK



Fléttur V

#MeToo

Ritstj.: Elín Björk Jóhannsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir

Þverfaglegt greinasafn um #MeToo og baráttu kvenna gegn áreitni og ofbeldi. Rýnt er í umhverfið sem #MeToo-hreyfingin sprettur upp úr, ástæður þess að hún verður jafn öflug og raun ber vitni, árangur hreyfingarinnar sem og andstreymið gegn henni.

200 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Fósturmissir

ein af hverjum þremur

Júlía Ósk Antonsdóttir, Sigfríður Inga Karlsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir

Fósturmissir er oft sorgleg reynsla og finna mörg sem í gegnum hana ganga þörf fyrir að afla sér upplýsinga um allt sem missinum tengist. Hverjar eru líkurnar á fósturmissi, hverjar eru helstu orsakir og hvað tekur svo við? Bókin inniheldur fjölmargar reynslusögur auk þess sem höfundar fjalla um allt sem varpað getur ljósi á þessa erfiðu upplifun.

224 bls.

Sögur útgáfa

SVK



Framkoma

Edda Hermannsdóttir

Langflest þurfum við á einhverjum tímamarki að koma fram og tala fyrir framan hóp fólks. Framkoma getur haft mikil áhrif á það hvernig aðrir meðtaka það sem við segjum. Við höfum öll eitthvað fram að færa en við sannfærum engan ef við getum ekki komið því frá okkur á réttan hátt. Í *Framkomu* er farið yfir grundvallaratriði þess að koma sér á framfæri á fjölbreyttum vettvangi. Í bókinni eru birt góð ráð frá reynslumiklu fólki í fjölmiðlum og atvinnulífinu.

208 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Frá degi til dags

Dagbækur, almanök og veðurbækur 1720–1920. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 27

Davíð Ólafsson

Í bókinni er rakin saga dagbókaritunar á Íslandi á tímabilinu 1720–1920. Fjallað er um rætur dagbókaritunar í tímatalsskráningum, annálaskrifum og ritun veðurbóka um leið og rakin er þróun dagbókaskrifna á tímabilinu. Í bókinni er birt efnistekin skrá yfir þessar heimildir, sem eru alls um 250 talsins.

200 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Frá sál til sálar

Ævi og verk Guðmundar Fimbogasonar sálfræðings Jørgen L. Pind

Hér segir frá ævi og verkum Guðmundar. Sérstaklega er víkið að sálfræðilegum hugmyndum hans og þá ekki síst kenningunni um samúðarskilninginn sem oft hefur verið misskilin. Bókin er sérstök að því leyti að kafað er dýpra í hugmyndaheim Guðmundar en vant er í íslenskum ævisögum. Hugað er að því hvert hann sótti innblástur í verk sín, að viðtökum sem þau fengu og gildi þeirra nú. Endurskoðuð útgáfa.

468 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Friðrik Ólafsson

Helgi Ólafsson

Í þessari bók er rakinn ævintýralegur skákferill Friðriks Ólafssonar stórmeistara. Brugðið er upp nærmynd af samferðamönnum og pólitísku andrúmslofti, frásögnum af stórvíðburðum og einstæðum menningararfi. Í bókinni eru raktar margar mikilvægar viðureignir Friðriks á löngum skákferli.

529 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Frumgerðir og eftirmyndir

Aðferðir, eiginleikar og femínísk heimspeki

Eyja Margrét Brynjarsdóttir

Fyrir hvern er heimspeki? Er hún einangruð kvenfjandsamleg grein eða getur hún verið fyrir alls konar fólk? Í bókinni er að finna tólf ritgerðir þar sem leitað er svara við spurningum á borð við þessar. Meðal annarra viðfangsefna má nefna beitingu rökhusunar, aðferðir við að skoða eðli hlutanna og virkni peninga í samfélaginu.

300 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Fræðaskjóða

Bókmenntafræði fyrir forvitna

Bergljót Soffía Kristjánsdóttir

Fræðaskjóða, bókmenntafræði fyrir forvitna snýst eins og nafnið bendir til um bókmenntafræði. Í upphafi segir af ýmsum meginatriðum sem gott er að huga að þegar bókmenntir eiga í hlut, en síðan er rætt sérstaklega um ljóð og frásagnir, þar með talin leikrit og frásagnarljóð. Margt hefur breyst í afstöðu til bókmenntafræði síðustu áratugi og leitast er við að gera ýmsu af því skil. Þá eru tekin ófá dæmi af íslenskum bókmenntum fornum og nýjum og þau höfð sem fjölbreyttust.

367 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

KIL



Fuglinn sem gat ekki flogið

Gísli Pálsson

Geirfuglinn hefur löngum verið sveipaður dulúð. Þessi ófleygi, svipmikli fugl sem lifði við Íslandsstrendur er aðeins til í frásögnum og á myndum. *Fuglinn sem gat ekki flogið* er óvenjuleg bók þar sem sagt er frá síðustu veiðiferðinni og í brennidepli eru tveir breskir ferðalangar sem skráðu af nákvæmni ferð sína til Íslands 1858. *Geirfuglabækur* þeirra eru einstök heimild um endalok tegundar.

256 bls.

Forlagið – Mál og menning

SVK

RAF



Förusögur

Sigursteinn Másson

Lesari: Sigursteinn Másson


Í Förusögum leiðir Sigursteinn Másson hlustendur um landið með sinni einstöku frásagnargáfu og óviðjafnanlegu rödd. Þættirnir byggjast á sönnun sögum frá áhugaverðum stöðum á landinu, sem þó hafa stundum kryddast svolitíð á leið sinni.

Njóttu þess að hlusta og lesa á Storytel Reader lesbrettinu.

🔊 4:00 klst.

Storytel

RAF HLB



Gripla XXX

Ritstj.: Elizabeth Walgenbach og Haukur Þorgeirsson

Gripla er alþjóðlegt, ritrynt tímarit á sviði norræna fræða fyrir alda og kemur út í desember á hverju ári. Tímaritið er alþjóðlegur vettvangur fyrir rannsóknir á sviði íslenskra og norræna fræða, einkum handrita- og textafræða, bókmennta og þjóðfræða.

286 bls.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

SVK



Guð og menn

Rögvaldur Hreiðarsson

Hér ræðir giska venjulegur maður um ferðalag sitt með Guði – og hvernig það er að breyta lífi hans.

Engin trúarganga er eins og enginn er nokkru sinni 100% trúaður eða fullkominn, gangan er stöðug.

Trúin kemur ekki í neytendaumbúðum heldur er hún heimaframleidd, persónuleg og einstök. Einlægir pistlar sem rífa í.

133 bls.

Litla útgáfufélagið

KIL



Guðjón Samúelsson húsameistari

Pétur H. Ármannsson

Guðjón Samúelsson (1887–1950) arkitekt og húsameistari ríkisins frá 1920 til dauðadags, teiknaði margar af þekktustu byggingum landsins. Í þessari bók skoðar höfundurinn, Pétur H. Ármannsson, verk og hugmyndir Guðjóns út frá sérstöðu hans sem háskólamenntaðs arkitekts sem var mótaður af straumum og stefnum í norrænni og evrópski byggingarlist. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda og teikninga.

448 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Handa á milli

Heimilisiðnaðarfélag Íslands í hundrað ár

Áslaug Sverrisdóttir

Með iðnbyltingunni varð til hreyfing um skipulagðan og vandaðan iðnað á heimilum. Markmið Heimilisiðnaðarfélags Íslands var að auka og efla þjóðlegan heimilisiðnað, vekja áhuga á framleiðslu nýtsamra hluta og varðveita um leið þjóðleg einkenni. Hér er rakið hvernig starf félagsins hefur þróast í takt við samfélagsbreytingar án þess að missa sjónar á því markmiði að auka og efla þjóðlegan heimilisiðnað á Íslandi.

303 bls.

Sögufélag

IB



Handleiðsla til eflingar í starfi


Ritstj.: Sigrún Júlíusdóttir

Í þessari bók fjalla sautján sérfræðingar úr ólíkum faghópum um handleiðslu innan velferðarþjónustu og vinnumarkaðar. Sagt er frá hugmynda- og þekkingargrunni handleiðslufræða og hlutverki handleiðara. Handleiðari hefur menntun og færni til að hjálpa fagmanni til að laða fram það besta í sjálfum sér, njóta sín í starfi og sækja sér sérhæfingu í takti við þarfir og aðstæður.

258 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Heilsubók Jóhönnu

Eiturfriin og plastið í daglegu lífi okkar. Börnin, við sjálf og ógnin við náttúruna

Jóhanna Vilhjálmsdóttir

Manngerð eiturfriin eru orðin hluti af daglegu lífi okkar. Stundum vitum við af þeim en oftar eru þau ósýnileg. Í þessari stórfróðlegu bók er farið yfir hvar þessi efni er að finna og hvaða áhrif þau hafa á okkur. Þá er einnig fjallað um þann vanda sem taumlaus framleiðsla á plasti skapar.

Veröld

SVK RAF



Hér er kominn gestur

Um gesti og gangandi í aldanna rás

Þórður Tómasson

Formáli: Margrét Hallgrímsdóttir

Þórður Tómasson, fyrrum safnstjóri Bygðasafnsins í Skógum, segir hér á sinn einstæða hátt frá ferðalögum og gestakomum í íslensku samfélagi allt fram á öndverða 20. öld. Höfundur fjallar um ferðabúnað, ferðahætti, þjóðtrú og þjóðhætti er snertu ferðir fólks. Gestrisni var mikils metin fyrrum enda oft um líf eða dauða að tefla fyrir ferðamanninn. Formálsorð ritar Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður.

190 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdenta

Farðu ekki bóklaus í rúmið



Hjarta Íslands

Frá Eldey til Eyjafjarðar

Gunnsteinn Ólafsson og Páll Stefánsson

Hér er fjallað um einstakar perlor í landinu milli fjalls og fjöru frá Suðvesturlandi til Norðvesturlands. Texti Gunnsteins er í senn aðgengilegur, lipur og fróðlegur og myndir Páls sérlega glæsilegar. Hér er á ferðinni stórvirki sem óhætt er að kalla óð til Íslands.

200 bls.

Veröld

IB



Hugleiðingar um landfræðileg upplýsingamál

Fjarkönnunargögn og skipulag landupplýsinga
Kortagögn og málefni kortasafna

Þorvaldur Bragason

Í þessum tveimur bókum eru 123 pistlar um kort, loftmyndir og gervitunglagögn, heildstæðustu heimildirnar um breytingar á yfirborði landsins. Pistlarnir hafa birst á landakort.is, en eru hér efnisflokkadir með inngangsköflum og heimildaskrá. Fjallað er m.a. um stöðu landupplýsinga, gagnaöryggi, varðveislu og aðgengi á netinu.

356 bls.

emma.is

KIL RAF



Hugmyndaheimur Páls Briem

Ritstj.: Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson

Páll Briem var einn áhrifamesti stjórnmalamaður sinnar samtíðar og vildi lyfta umræðu um framtíð Íslands úr hjólförum stjórnarskrármálsins. Umdeildasta hugmynd hans, Miðlunin, átti að vera skref í þá átt. Hér skrifa sjö virtir sagnfræðingar um Pál í ljósi sinnar sérþekkingar og ferill hans er greindur út frá ýmsum sjónarhornum. Sjónum er sérstaklega beint að vanmetnu framlagi hans til stjórnála- og hugmyndasögu Íslendinga.

224 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Hugsað upphátt

Guðrún Egilson

Hugsað upphátt geymir úrval pistla sem Guðrún Egilson skrifaði í *Morgunblaðið* á fjórtíu ára tímabili.

Pistlar hennar vöktu jafnan mikla athygli, enda er Guðrúna einstaklega lagið að segja mikla sögu í stuttu máli.

Pistlar Guðúnar eru hispurslausir og þar er brugðið upp lifandi og minnisstæðum myndum úr lífi hennar og íslenskum hversdagsveruleika.

160 bls.

Ugla

KIL



Hulduheimar

Huldufólksbyggðir á Íslandi

Simon Jón Jóhannsson

Myndir: Ívar Gissurarson

Bókin *Hulduheimar* hefur að geyma um eitt hundrað huldufólksögur úr öllum landshornum. Farinn er hringurinn kringum landið og sagðar huldufólksögur úr flestum héruðum. Sögurnar greina frá litríkum samskiptum huldufólksins við íbúa mannheima og bregða upp myndum úr veröld sem oftast var hulin augum, falin á bak við standberg og klettaþil. Ljósmyndir og annað myndefni fylgir hverjum stað auk staðbundinna korta.

240 bls.

Nýhöfn

IB



Hver ertu og hvað viltu?

Leiðarvísir fyrir þá sem vilja komast lengra

Ingvar Jónsson

Myndir: Jim Ridge

Spennandi þroskaferðalag sem dýpkar skilninginn á því hver þú ert í rauninni og hvernig þú getur breytt því sem þú vilt breyta í eigin fari. Einstæð leið til að hjálpa þér að finna hugrekki til að standa með þér sjálfum og stefna þangað sem hugur þinn stendur til. Og allt er útskýrt á mannamáli og hið flókna gert einfalt.

208 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

SVK



Hvílíkt torf – tóm steypa

Úr torfbæjum í steypuhús. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 26

Hjörleifur Stefánsson

Bókin fjallar um þá byltingu í húsagerð sem varð þegar steinsteypa tók við af torfinu. Árið 1900 var efnt til mikillar rannsóknar sem átti að leiða til niðurstöðu um hvernig byggja ætti til framtíðar. Upplýsingum var safnað en þær voru aldrei nýttar. Hér eru frumheimildirnar birtar ásamt umfjöllun höfundar um þetta stórmerkilega efni.

300 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Hæstiréttur í hundrað ár

Ritgerðir

Ritn.: Þorgeir Örlygsson o.fl.

Í ár er liðin öld frá því að Hæstiréttur Íslands tók til starfa árið 1920. Í riti þessu sem hefur að geyma 18 ritgerðir eftir 22 höfunda er fjallað um valda málaflokka og réttarsvið sem hafa verið til umfjöllunar á þeim hundrað árum sem liðin eru frá stofnun réttarins og hann hefur komið að því að móta.

556 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Í augnhæð

Hversdagshugleiðingar

Guðrún Karls Helgudóttir

52 hugleiðingar fyrir konur og karla sem tengjast hversdagsglímu nútímamannskjunnar við spurningar lífsins. Þær fjalla um vanmátt, efa og veikleika manneskjunnar, frelsi og möguleika á að taka stjórn á aðstæðum sínum. Um hugrekki, gleði og fegurð. Þeim er ætlað að hvetja og róa, gleðja og hugga. Askja með 52 örhugleiðingum kemur einnig út í þessari útgáfu.

120 bls.

Skálholtsútgáfan – Kirkjuhúsið



Í fjarska norðursins

Ísland og Grænland – viðhorfasaga í þúsund ár

Sumarliði R. Ísleifsson

Í fjarska norðursins er saga viðhorfa til Íslands og Grænlands frá miðöldum til samtímans. Báðar hafa þessar þjóðir verið framandi í augum annarra. Lengi voru ímyndir þeirra svipaðar en margt hefur líka greitt á milli. Hér er leitað svara við því hvers vegna íbúum þessara landa hefur ýmist verið lýst sem verstu villimönnum eða fyrirmyndarfólki.

381 bls.

Sögufélag

IB



Íslenskir matþörungar

Ofurfæða úr fjörumi

Eydís Mary Jónsdóttir, Hinrik Carl Ellertsson, Silja Dögg Gunnarsdóttir og Karl Petersson

Íslenskir matþörungar opnar okkur heim ofurfæðunnar úr fjörinni. Í fyrsta skipti birtist í íslenski bók alhliða fróðleikur um undraheim matþörungna. Hér lærum við allt um sjálfbæra nýtingu, verkun og geymsluaðferðir auk þess sem bókinn inniheldur fjölda gírnilegra mataruppskrifta þar sem einn fremsti matreiðslumeistari þjóðarinnar galdrar réttina fram. 262 bls.

Sögur útgáfa

SVK



Íslensku fuglarnir og þjóðtrúin

Sigurður Ægisson

Fjallað er um alla íslenska varpfugla í þjóðtrúinni. Dæmi: Á Horni í Sléttuhreppi boðaði það rigningu ef lómurinn stóð á öðrum fæti og skrækti. Í Heklu átti að vera bústaður hrafnna með glóandi klær og nef úr járn.

Vegna smæðar, litar og atferlis, eða með öðrum orðum vegna þess hversu jarðbundinn hann er og gjarn á að skjótast í felur í holum og gjótum eða þéttu kjarri, í stað þess að bjarga sér á flugi, var músarrindillinn löngum talinn skyldari mús en fugli. Jónas Jónasson frá Hrafnagili nefnir forn ráð við gulu. Eitt var það að hræra arnarheila út í þemur mörkum af víni og drekka svo. Ríflega 250 myndir prýða bókina.

Bókaútgáfan Hólar

IB



Júdítt

Ritstj.: Svanhildur Óskarsdóttir

Gyðingakonan Júdítt er falleg ekkja sem vinnur hetjudád með því að höggva höfuðið af hershöfðingjanum Hólófernesi. Dáð hennar varð fræg og margir listamenn hafa gert átökum þeirra Hólófernesar skil. Þessi fallega þýðing er frá 14. öld en á máli sem er tiltölulega auðskilið nútímalesendum. Þýðingin er prentuð með nútímafastsetningu og henni fylgir fræðandi inngangur og nafnaskrá. 49 bls.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

SVK



Ketóflex 3-3-1 mataræðið

Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Ketóflex er fullkomin og frelsandi leið til að ná kjörþyngd og yngja sig upp. Með henni nýtur þú kosta ketó-mataræðis enn betur því ketóflex byggist á sveigjanleika (3 dagar á ketó, 3 dagar í hleðslu og 1 frjáls dagur). Endurheimtu orkuna, jafnvægið og gleðina með ketóflex, lífsstílnum sem allir geta ráðið við án eftirsjár eftir gömlum síðum. 250 bls.

Sögur útgáfa

SVK

Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is



Kindasögur II

Aðalsteinn Eypórssón og Guðjón Ragnar Jónasson

Sauðkindin er fíngerð og viðkvæm sagði í einni af útvarpstilkynningum Sauðfjarverndarinnar seint á síðustu öld. Í öðru bindi *Kindasagna* eru meðal annars rífuð upp tildrög þessara tilkynninga, sagt frá afdrifum kinda í eldgosum og sauðfjárhaldi í höfuðborginni, vikið að framliðnum kindum, forystukindum, stökkrollum og karakúlfé, auk kinda í kvæðum íslenskra skálda. Kindasögur eru sérstök grein íslenskrar sagnaskemmtunar sem á sér langa sögu og lifir enn góðu lífi – rétt eins og sauðkindin sjálf. Höfundar eru áhugamenn um sögur og sauðfé. 128 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Konan sem datt upp stigann – saga af kulnun

Inga Dagný Eydal

Lesari: Inga Dagný Eydal

Inga Dagný Eydal segir hér sögu sína en hún hefur í nokkur ár glímt við afleiðingar þess að hafa veikt af of mikilli streitu. Þetta er saga konu sem tekst á við kulnun af æðruleysi en kemur líka oft auga á brotlegu hliðarnar. Hún lítur gagnrýnum augum til fortíðar um leið og hún horfir fram á veginn í leit að lausnum og bata. 144 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

KIL RAF HLB



Konur sem kjósa

Aldarsaga

Eiríkur Magnússon

Stórvirki um íslenskar konur og kosningaréttinn í eina öld. Fjallað er um kvennablöð og kvennaframboð, kvennafrí og kvennaverkföll, um baráttu kvenna fyrir hlutdeild í stjórn landsins og frelsi til að ráða menntun sinni og atvinnu, barneignum og ástarsamböndum. Bókina prýðir fjöldi mynda. Áður ósagðar sögur kvenna njóta sín í lifandi texta. 783 bls.

Sögufélag

SVK



Kúgun kvenna

John Stuart Mill

Þýð.: Guðmundur Arnlaugsson

John Stuart Mill gerði sér vel ljóst að jafnrétti fengist ekki með lagabreytingum einum heldur þyrfti að vinda ofan af aldalöngum bábiljum og kynbundnum yfirráðum sem hefðu komið í veg fyrir að konur nyttu sín til jafns við karla. *Kúgun kvenna* er mikilvægt innlegg í jafnréttisbaráttu enn þann dag í dag – rúmum 150 árum eftir að verkið kom út fyrst. 384 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB EÚT

Nýsmurð vefverslun

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Kynþáttafordómar

Í stuttu máli I. Ritröð Félagsvísindasviðs

Kristín Loftsdóttir

Ritstj.: Ólafur Rastrick

Aukinn sýnileiki haturs og ofbeldis vestanhafs ásamt endurnýjuðum krafti baráttunnar gegn kynþáttamuninum hefur enn á ný sett rasisma á dagskrá. Í fyrstu bók nýrrar ritraðar í félagsvísindum er fjallað um kynþáttafordóma í sögu og samtíð. Sjónum er beint að alþjóðlegu samhengi kynþáttahyggju og birtingarmynd kynþáttafordóma í íslensku samfélagi. 100 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Landsnefndin fyrri. Den islandske Landkommission 1770-1771, V

Ritstj.: Hrefna Röbertsdóttir og Jóhanna Þ.

Guðmundsdóttir

Skjöl Landsnefndarinnar fyrri gefa einstæða innsýn í íslenskt samfélag um 1770, en nefndin ferðaðist um Ísland og safnaði upplýsingum um land og þjóð. Í þessu fimmta bindi af sex eru birt skjöl Landsnefndarinnar sjálfar, embættisbækur, fundargerðir, greinargerðir og tillögur að tilskipunum. 780 bls.

Sögufélag, Þjóðskjalasafn Íslands og Ríkisskjalasafn Danmerkur

IB



Leggðu lífskapal

Skapgerðar- og tilfinningakort

Elin Elisabet Jóhannsdóttir

Fjölnota spilastokkur sem byggir á hugmyndafræði jákvæðrar sálfræði um tilfinningar (80 spil) og skapgerðarstyrkleika (50 spil). Spilin nýtast einstaklingum sem vilja kynna sjálfum sér betur út frá eigin tilfinningum og styrkleikum. Nýtast einnig fagaðilum, svo sem markþjálfum og öðrum sem vinna við meðferð fólks. Spilastokkunum fylgja auðveldar notkunarleiddbeiningar. 135 bls.

Skálholtsútgáfan – Kirkjuhúsið

SVK



Leiðin heim

Vegur kristinnar ihugunar

Thomas Keating

Þýð.: Karl Sigurbjörnsson

Leiðin heim sýnir hvernig reglubundin ástundun kristinnar ihugunar (kyrrðarbænar) getur hjálpað að finna innri frið og dýpka sambandið við Guð. Kyrrðarbæna er stunduð á meðal einstaklinga, í hópum á Íslandi og um heim allan! Leiðin heim er óbeint framhald „Vakandi hugur vökult hjarta“. Hvað er kyrrðarbæna, hvaða áhrif getur hún haft á líf mitt? Sjá www.kyrrdarbaen.is/ 188 bls.

Skálholtsútgáfan – Kirkjuhúsið

SVK



Lifandi mál lifandi manna

- um esperantotímabil Þórbergs Þórðarsonar

Kristján Eiríksson

Alþjóðamálið esperanto var í huga Þórbergs Þórðarsonar það tæki sem gat bjargað menningu smáþjóðanna og um leið sameinað allar þjóðir heimsins í eitt ríki. Hér er safnað saman öllu sem meistari Þórbergur ritaði um esperanto og á esperanto og birtist margt af því hér á íslensku í fyrsta sinn í þýðingu Kristjáns Eiríkssonar. 415 bls.

Forlagið – JPV útgáfa

SVK



Lífið á vellinum

Dagný Maggyjar

Hvaða áhrif hafði amerísk varnarstöð á

Keflavíkurlflugvelli í hálföld og hvernig var sá kokteill ólíkra menningarheima? Hér er sjónum beint að hinu hversdagslega og því persónulega, að fólkinu sem þar bjó og við heyrum sögur þeirra. 200 bls.

Litla útgáfufélagið

SVK



Lífsgæðadagbókin

Ragnheiður Agnarsdóttir

Grunnurinn að lífsgæðum okkar byggist á því að við hlúum vel að grunnstöðunum fjórum; næringu, hreyfingu, samskiptum og svefni. Í þessari bók má skrifa niður stöðuna á þessum þáttum en með því verðum við meðvitaðri um að næra þessar grunnstöðir dag frá degi. *Lífsgæðadagbókin* hjálpar þér að rækta samband þitt við sjálfa(n) þig og að forgangsraða í þágu lífsgæða og hamingju. 192 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

IB



Líkami okkar, þeirra vígvöllur

Þannig fer stríð með konur

Christina Lamb

Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Í þessari mögnuðu bók lætur höfundurinn raddir kvenna heyrast og afhjúpar hvernig herir, hryðjuverkamenn og vígasveitir beita nauðgunum sem stríðsvopni í nútímaátökum til þess að niðurlægja, hræða og stunda kynþáttahreinsanir.

Þessi sláandi bók, sem vakið hefur heimsathygli, er ákall til okkar um að hlusta og hafast að gegn vanræktasta glæpi heimsins.

Ugla

KIL



Loftslagsréttur

Aðalheiður Jóhannsdóttir og Hrafnhildur Bragadóttir

Í þessari bók er að finna gagnrýna fræðilega umfjöllun um alþjóðlega og innlenda stefnumörkun á sviði loftslagsmála. Fjallað er um reglur alþjóðlegs réttar, Evrópuréttar og íslensks réttar sem tilheyra réttarsviðinu. Með heildstæðri nálgun er veitt yfirsýn yfir málaflokkinn og lagaumhverfi loftslagsréttar greint í þremur réttarkerfum. Nýmæli á íslensku.

Háskólaútgáfan

SVK



Lykilorð 2021

Orð Guðs fyrir hvern dag

Í bókinni eru biblíuvers fyrir hvern dag ársins auk ljóða erindis eða fleygs orðs. Uppbygging hennar og innihald bíður upp á fjölbreytta notkun fyrir þá sem leyfa Orði Guðs að vekja sig til umhugsunar og hafa jákvæð áhrif á líf sitt. Auk þess að vera gefin út á bókarformi eru textar hvers dags lesnir í hljóðvarpi og birtast að hluta til á helstu samfélagsmiðlum. >Lykilorð 144 bls.

Lífsmótun

KIL

RAF



Makkabear

Ritstj.: Karl Óskar Ólafsson og Svanhildur Óskarsdóttir
Hér er sagt frá Júdasí Makkabeusi og bræðrum hans. Þeir stofnuðu eins konar andspyrnuhreyfingu Gyðinga á 2. öld f.Kr. og tókst að endurheimta yfirráð yfir musterinu í Jerúsalem. Þýðingin var gerð úr dönsku á 16. öld og dregur í mörgu dóm af því, orðfærið er oft framandi en um leið bragðmikið. Hún er prentuð með nútímastafsetningu og henni fylgir fræðandi inngangur og nafnaskrá.

189 bls.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

SVK



Martröð í Mykinesi

Íslenska flugslysið í Færeyjum 1970

Grækaris Djurhuus Magnussen og Magnús Þór Hafsteinsson

Laust fyrir hádegi 26. september 1970 brotenti Fokker Friendship-vél Flugfélags Íslands í roki, þoku og rigningu undir tindinum Knúki á Mykinesi í Færeyjum. Alls voru 34 um borð í fullsetinni vélinni. Flak vélarinnar fannst ekki fyrr en nokkrum klukkustundum síðar. Þá voru átta látnir en 26 á lífi. Þjörgunaraðgerðir hófust við afar erfiðar aðstæður ...

416 bls.

Ugla

IB



Minjaping

helgað Mjöll Snæsdóttir

Ritstj.: Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir og Orri Vésteinnsson


Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur varð sjötug þann 12. febrúar 2020. Af því tilefni ákváðu vinir og samferðafólk Mjallar að gefa út greinasafn henni til heiðurs.

Afmælissritið geymir úrval fræðigreina um fjölbreytt menningarsöguleg efni. Margar þeirra tengjast viðfangsefnum Mjallar í gegnum tíðina og bera því vitni hversu víða hún hefur komið við á sínum farsæla ferli.

357 bls.

Fornleifastofnun Íslands

IB



Minnisblöð Maltes Laurids Brigge

Rainer Maria Rilke

Þýð.: Benedikt Hjartarson

Eina skáldsaga Rilkes hefur að geyma ljóðrænar lýsingar á glímu

söguhetjunnar við stórborgina og glundroða nútímans, grimmilegar

æskuminningar og brot úr evrópskri menningarsögu.

Hér er á ferð tímamótaverk eftir einn af meisturum evrópskrar nútímaljóðlistar frá árinu 1910. Benedikt Hjartarson þýddi og ritaði inngang.

374 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB



Mobility and Transitional Iceland

Current Transformations and Global Entanglements

Ritstj.: Kristín Loftsdóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Í þessu riti er með þverfaglegum hætti gerð grein fyrir álitamálum er snúa að fólksflutningum samtímans, innflytjendum og flóttafólki í íslensku samhengi. Ræddar eru þær áskoranir sem blasa við ólíkum hagsmunaaðilum þegar slíkir flutningar eiga sér stað þvert á landamæri. Fjallað er um það sem er eft á baugi í kenningarlegum og aðferðafræðilegum eignum á sviðum þverþjóðleika og hreyfanleika.

Háskólaútgáfan

SVK



Mótorhausasögur

Ragnar S. Ragnarsson

Þetta rit segir sannar og sannlognar gamansögur af alls konar fólki í, undir, í kringum og ofan á bílum, hér og þar. Þar má nefna Baldur búktalara, Dóru gjafmildu, Jón góðan daginn, Benna bensínstígvél, Alexöndru Mist, Magga á 80, Dóna í Garðlist, Stefni í Óefni, Stíg í Mínna-Viti og Jesú Krist ... Ritið svarar áleitnum spurningum eins og hvort hægt sé að mæðast við akstur og festast undir mælaborði... hvernig Cadillac klúðraði hönnun öskubakka, hvers vegna Bretar framleiða ekki tölvur og hvers vegna Skilnaðar-Barbie kostar meira en Útivistar-Barbie.

296 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Náðu árangri - í námi og lífi

Guðjón Ari Logason

Náðu árangri - í námi og lífi er námsráða- og hvatningarbók með andlegu ívafi. Guðjón Ari fjallar um þá þætti sem hafa hjálpað honum að ná árangri í námi sem og á öðrum vettvangi eins og körfubolta. Markmiðasetning, sjálfstraust, hugarfar, þrautseigja, álit annarra og bein námstækni eru á meðal þessara þátta.

Guðjón útskrifaðist úr Verzlunarskóla Íslands 2019 sem dúx skólans og hefur einnig unnið til verðlauna í körfuknattleik og spilað fyrir meistaraflokk Fjölnis.

187 bls.

LEÓ Bókaútgáfa

KIL



Opna svæðið

Tímaritið Birtingur og íslenskur módernismi

Þórunn Helgason

Hér er ljósi varpað á tímaritið Birting sem kom út á árunum 1955–1968 og gegndi lykilhlutverki við að innleiða módernisma í íslenskar bókmenntir og listsköpun á tímabilinu. Ritið er fyrsta bókina sem gefin er út um þetta mikilvæga tímarit. Birtingi var ætlað að þjóna sem vettvangur fyrir kynningar á nýjum alþjóðlegum straumum. Í honum fór fram endurskoðun á viðteknum hefðum og lífandi umræður um nútímabókmenntir og listir. Bókin veitir innsýn í margbrottin átök innan íslensks menningarvettvangs á umbrotatíma.

440 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

Erum með úrvalið
...sérvalið

bóksala stúdenta

www.boksala.is



Orð og tunga 22

Ritstj.: Helga Hilmisdóttir

Tímaritið Orð og tunga birtir greinar sem lúta að máli og málfræði. Lögð er áhersla á greinar um orðfræði, þ. á m. nafnfræði og iðorðfræði, og greinar um orðabókafræði og orðabókagerð, sem og fræðilegar greinar um málrækt og málstefnu.

Greinar eru að jafnaði skrifaðar á íslensku en einnig eru birtar greinar á öðrum norrænum málum og ensku. 148 bls.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

SVK



Óhreinu börnin hennar Evu

Hold sveiki í Noregi og á Íslandi

Erla Dóris Halldórsdóttir

Saga holdsveikinnar á Íslandi er samofin sögu hennar í Noregi. Sjúkdómurinn barst þaðan til Íslands í byrjun 15. aldar og í báðum löndum var hann upprættur nær sex öldum síðar. Í þessari bók er baráttan gegn þessum ógnvekjandi sjúkdómi rakin, fjallað um lækni meðferð og holdsveikisþítalana sem settir voru á fót og lýst aðbúnaði sjúklinganna og hlutskipti þeirra.

416 bls.

Ugla

IB



Pétrísk-íslensk orðabók með alfræðiivafi

Pétur Þorsteinsson

Séra Pétur Þorsteinsson hefur í rúma þrjá áratugi fundið skráttin og skemmtileg orð til að setja í stað hinna hversdagslegu og litlausu. Hvað skyldu þessi t.d. merkja: Bjórþarn, Brottfararbox, herming, strokufangi, tófratvenna og úreltur? Svörin færðu auðvitað í þessari bók sem umfram allt er bráðskemmtileg.

108 bls.

Bókaútgáfan Hólar

KIL



Prensmiðjubókin

Prensmiðjur og prentfyrirtæki frá 1530–2020, sem prentað hafa íslensk rit á Íslandi, í Kaupmannahöfn og Hróarskeldu

Svanur Jóhannesson

Prensmiðjubókin eftir Svan Jóhannesson er stórmerkileg menningarsöguleg heimild um upphaf og rekstur prentsmiðja á Íslandi og útgáfu blaða og rita í öllum landsfjórðingum allt fram til dagsins í dag. Bókin er 464 síður að stærð og prýða hana 863 ljósmyndir, bæði mannamyndir, myndir af bókum og blöðum og myndir úr prentsmiðjum.

464 bls.

Svanur Jóhannesson

IB



Rannsóknir í heimspeki

Ludvig Wittgenstein

Þýð.: Jóhann Hauksson

Rannsóknir í heimspeki er talið eitt allra merkasta heimspekirit tuttugustu aldar. Ritið kom fyrst út árið 1953 að Ludvig Wittgenstein, höfundur þess, látnum. Wittgenstein var ástríðufullur hugsuður gæddur miklum persónutöfrum en var mörgum samtíðarmönnum hálfgerð ráðgáta. Djúpstæð greining hans á tungumálinu og tengslum þess við mannshugann og umheiminn er leiðarstefið í þessu höfuðriti hans.

260 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Rannsóknir í viðskiptafræði I

Ritstj.: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Runólfur Smári Steinþórsson og Þórhallur Örn Guðlaugsson

Rannsóknir í viðskiptafræði I veita innsýn í fjölbreyttan fræðaheim viðskiptafræðinnar. Greinasafnið byggist á rannsóknum á mörgum atvinnugreinum, s.s. sjávarútvegi, iðnaði, orku, smásölu og þjónustu, en einnig á opinberri stjórnsýslu, s.s. utanríkisþjónustu og starfsemi sveitarfélaga. Flestir höfundanna eru kennarar eða nemendur við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. 303 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Raunvitund

Hans Rosling

Þýð.: Gunnar Dofri Ólafsson

Þegar við erum spurð einfaldra spurninga; af hverju fjölgar fólk, hversu margar ungar konur fara í nám, hve mörg okkar lífa í fátækt - svörum við rangt á kerfisbundinn hátt. Hér eru ástæður þess raktar. Ástand heimsins er, þrátt fyrir alla vankanta, betra en við höldum. Raunvitund breytir sýn okkar á heiminn og gerir okkur kleift að bregðast við áskorunum og tækifærum sem framtíðin hefur í för með sér.

320 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

KIL



Reisubók Ólafs Egilssonar

Ólafur Egilsson

Ritstj.: Már Jónsson

Sumarið 1627 hlupu sjóræningjar frá Norður-Afríku á land á nokkrum stöðum á Íslandi og höfðu með sér á fjórða hundrað manns sem ætlunin var að selja í þrældóm. Meðal hertekinnna voru séra Ólafur Egilsson að Ofanleiti og kona hans Ástríður Þorsteinsdóttir, með tveimur barnungum sonum. Sá þriðji fæddist í hafi á leið til Algeirsborgar. Ráðamenn þar afreðu að senda séra Ólaf til Kaupmannahafnar í því skyni að fá konung til að leysa fanga út með fé og var hann allan veturinn á leiðinni.

382 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Rennismiði fyrir grunnnám málmíðna

Þór Pálsson

Bókin fjallar um undirstöðuatriði í rennismiði og er ætluð nemendum í grunndeild málmíðna. Sagt er frá rennibeknum og einstökum hlutum hans, grunnatríðum við rennslí, uppfestingu vinnslustykkja, formi og gerðum rennistáls o.fl. Bókin er að hluta til byggð á kennslubókum Þorsteins Guðlaugssonar.

108 bls.

IÐNÚ útgáfa

GOR



Saga

Tímarit Sögufélags LVIII:1 2020 og LVIII:2 2020


Ritstj.: Kristín Svava Tómasdóttir og Vilhelm Vilhelmsson

Tímaritið Saga kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efni þess er fjölbreytt og tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Þar birtast meðal annars greinar, álitamál, viðtöl og umfjallanir um bækur, sýningar, heimildamyndir og kvikmyndir. Ómissandi öllum þeim sem áhuga hafa á sögu Íslands.

224 bls.

Sögufélag

SVK



Saga guðanna

Þórhallur Heimisson

Saga guðanna er fróðleg og yfirgripsmikil bók þar sem lesandanum er boðið í ferðalag um heim trúarbragðanna. Fjallað er á aðgengilegan hátt um það sem helstu trúarbrögð mannkyns hafa sjálf fram að færa, saga þeirra rakin í stórum dráttum og helstu einkennum þeirra lýst. Með skrifum sínum vekur höfundur upp spurningar hjá lesendum og fær þá til að leita eigin svara andspænis því markmiði trúarbragðanna að kanna djúp mannshugans og leita uppi kjarna tilverunnar. Bókin er prýdd fjölda ljósmynda sem höfundur hefur tekið á ferðum sínum. 410 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Saga matarins

Frá steinöld til okkar tíma

Ólafur Halldórsson

Hér er saga matarins sögð í gegnum nokkrar orku- og tæknibyltingar mannfólksins.

Fyrst var það steinaldarbýltingin, með virkjun eldsins og ný veiðitæki og verkfæri. Þá komu fyrstu kokkarnir til sögunnar. Allt þetta olli þróunarlegum breytingum á mannlíkamanum.

Næst var það landbúnaðarbýltingin ... og fyrir tveimur öldum tæknibýltingin ...

Í þessari bók er sérstök áhersla lögð á matarvenjur Íslendinga.

500 bls.

Óðinsauga útgáfa

IB



Samdrykkjan

Platon

Þýð.: Eyjólfur Kjalar Emilsson

Réttlæti, fegurð og hið góða eru umræðuefni drykkjubræðranna sem Platon lýsir snilldarlega í þessu lykilverki heimspekinnar. Þeir leita svara við spurningum um hlutverk ástarinnar í lífinu og vijkja að ódauðleika sálarinnar í leiðinni. Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi og ritaði inngang.

184 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB EÚT



Samskipti

Pálmar Ragnarsson

Með góðum aðferðum í samskiptum getum við gert okkar eigið líf betra á sama tíma og við bætum líf fólksins í kringum okkur. *Samskipti* er leiðarvísir að jákvæðum samskiptum á mörgum sviðum, hvort sem er í einkalífinu, á vinnustað eða í félagslífinu. Farið er ítarlega yfir alls kyns samskipti milli einstaklinga, samskipti í hópum, hagnýtar aðferðir í samskiptum við börn, samskipti við ókunnuga og samskipti á netinu. Í bókinni má finna ótal góð ráð, æfingar, hugleiðingar og dæmisögur til að auka færni okkar á sviði samskipta. 200 bls.

Salka / Útgáfuhúsið Verðandi

SVK



Silfurberg

Íslenski kristallinn sem breytti heiminum

Kristján Leósson og Leó Kristjánsson

Allt frá 17. öld gerðu vísindamenn margvíslegar uppgötvanir þar sem íslenskt silfurberg gegndi lykilhlutverki. Hundruð tonna af kristalnum voru flutt frá Helgustaðanámunni í Reyðarfirði, silfurbergið barst víða og hafði áhrif á verk margra af nafntoguðustu vísindamönnum sögunnar – frá Isaac Newton til Alberts Einsteins. 286 bls.

Forlagið – Mál og menning

IB



Six Adventure Tales from Medieval Iceland

A Reader for First-Time Visitors

Þýð.: Theodore M. Andersson

Hér eru á ferð sex stuttar sögur frá miðöldum sem allar gerast á Austfjörðum, þýddar af Theodore M. Andersson fv. prófessor í Harvard, Stanford og Indiana og höfundur fjölmargra bóka um fornorrænar bókmenntir. Sögurnar eru gott dæmi um fornan íslenskan frásagnarstíl sem nýtur sín vel í þessari snjöllu ensku þýðingu. 96 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

KIL



Síðasta dagblaðið á vinstri vængnum

Reist á rústum Alþýðublaðsins, *Tímans* og Þjóðviljans

Elías Snæland Jónsson

Sögu Þjóðviljans, *Tímans* og Alþýðublaðsins lauk á tíunda áratug síðustu aldar. Dagur reis upp úr rústum þessara flokksblaða vinstrianna sem óháð dagblað með hjartað vinstra megin við miðju. En eftir dugmikla baráttu fram yfir aldamótin varð Dagur engu að síður fjórða íslenska dagblaðið til að falla í valinn á níu árum. Höfundur sem var ritstjóri Dags 1997 til 2001 lýsir hér baráttu og langdregnu dauðastríði þessa síðasta dagblaðs á vinstri vængnum. Fróðleg og spennandi frásögn byggð á áður óbirtum heimildum. 224 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB



Sjál í sviðsljósi


Ingibjörg Steinsdóttir leikkona (1903–1965) og sjálfsmyndasafni hennar. Sýnisbók íslenskrar alþm. 25

Ingibjörg Sigurðardóttir

Bókin fjallar um ævi og ímynd Ingibjargar Steinsdóttur, leikkonu og leikstjóra. Hún hrærðist í skáldskap og leiklist og lifði á skjön við ríkjandi viðhorf. Utan sviðs gegndi hún mörgum hlutverkum: bóndi, pólitískur aktivisti, ráðskona, spákona, eiginkona, móðir og amma. 288 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Sjóaragrín, sögur og limrur

Skrás.: Pétur Bjarnason

Hér hefur verið safnað saman bröndurum, limrum og léttum sögum, sem flestar snerta íslenska sjómenn.

Efnið kemur úr ýmsum áttum og er græskulaust grín um náungann. Guðbjartur Jónsson, frá Flateyri kemur við sögu og svo er Haflíða þáttur Magnússonar.

Þetta er fjórði Vasapésinn, frá Flóka forlagi en þeir hafa notið mikilla vinsælda.

80 bls.

Flóki forlag

KIL



Heimsendingar-
tilboð

bókala.studenta

www.boksala.is

**Skipulag**


Sólrún Diego

Sólrún Diego tekur fyrir skilvirkar aðferðir við skipulag í frábærri bók fyrir alla sem vilja ráðstafa tímanum betur og einfalda verkefni. Í bókinni kemur hún víða við og fjallar um allt sem snýr að eigin skipulagi, fjölskyldunnar og heimilisins. Þá er veglegur hluti um veislur og viðburði og hvernig má skipuleggja allt frá litlum matarboðum yfir í brúðkaup.

176 bls.

Fullt tungl

IB

**Skírnir – Tímarit HÍB**

Vor og haust 2020

Ritstj.: Ásta Kristín Benediksdóttir og Haukur Ingvarsson

Fjölbreytt og vandað efni, m.a. um íslenskt mál, bókmenntir, náttúru og sögu, heimspeki, myndlist, stjórnmál og ýmis fræði í sögu og samtíð. Skírnir er elsta menningartímarit á Norðurlöndum og kemur út tvisvar á ári. Nýir áskrifendur velkomnir: sími 588-9060.

480 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

SVK

**Smekkleysa 33 1/3**

Ritstj.: Ólafur J. Engilbertsson

Smekkleysa 33 1/3 er ríkulega myndskreytt rit gefið út í tilefni af 33 ára afmæli Smekkleysu. Margir þekktir listamenn eiga efni í ritinu sem inniheldur fjölmargar ljósmyndir, flestar eftir Björgu Sveinsdóttur. Hér er um að ræða fjölbreytt rit með spennandi efni, stuttum greinum, myndum, úrklippum og plakötum úr sögu eins litríkasta forlags landsins. Er bæði á íslensku og ensku.

176 bls.

Smekkleysa

KIL

**Sofðu**

Helena Kubicek Boye

Lesari: Þorvaldur Davíð Kristjánsson

Sofðu er röð leskafla sem byggja á vísindalega gagnreyndum aðferðum við að sleppa takinu á hugsunum og amstri dagsins, róa hugann og vinda ofan af spennunni í líkamanum, skrifuð af sálfræðingi sem unnið hefur á sviði svefnvandamála í 15 ár. Lestur Þorvaldar Davíðs veitir vellíðan og hvetur þig til að taka því sem að höndum ber af ró og æðruleysi.

🔊 5:15 klst.

Storytel

RAF HLB

**Spegill fyrir skuggabaldur**

Atvinnubann og misbeiting valds


Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Í þessari bók skyggnist Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir undir blæjunum sem umlykur spillingu og fyrirgreiðslupólitík á Íslandi. Hún greinir frá reynslu fólks sem orðið hefur fyrir atvinnubanni og misbeitingu ráðningarvalds. Samhliða bregður hún sögulegu ljósi á hvernig atvinnurekendavald og klíkustjórnmál hafa spunnið sameiginlega valdapræði í íslensku samfélagi.

252 bls.

Skrúdda

SVK

**Stjórnmál**


Birgir Hermannsson

Í þessari bók er fjallað með skýrum og greinargóðum hætti um nokkur grundvallarhugtök nútímastjórnmála. Markmiðið er að öðlast betri skilning á hinum pólitíska veruleika með hjálp hugtaka og kenninga stjórnmálafræðinnar. Bókin er skrifuð með almenna lesendur í huga, ekki síst ungt fólk og nemendur. Fyrir áhugafólk um stjórnmál og þjóðfélagsmæðu er bókin hvalreki.

216 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

SVK

**Strandir 1918: Ferðalag til fortíðar**

Ritstj.: Dagrún Ósk Jónsdóttir

Árið 1918 var merkilegt ár í sögu Þjóðarinnar. Hér er athygli beint að viðburðum og daglegu lífi á Ströndum á þessum tíma, birtar dagbækur, ferðasögur og fræðigreinar. Fjallað er um líf og störf fólks í Strandasýslu fyrir rúmri öld, á tímum sem standa okkur býsna nærri. Samt er margt við daglegt amstur fólks fyrir 100 árum framandi í samtímanum.

160 bls.

Sauðfjársetur á Ströndum

SVK

**Sturlunga geðlæknisins**

Óttar Guðmundsson

Óttar Guðmundsson geðlæknir veltir nú fyrir sér geðrænum vandamálum á þrettánda öld og skoðar róstusamt líf Sturlunga. Snorri Sturluson, Sturla Sigvatsson, Þórdís Snorradóttir og Gissur Þorvaldsson ásamt fleirum leggjast öll á bekkinn hjá geðlækninum. Hefur mannlegt eðli eitthvað breyst á þessum 800 árum sem liðin eru? Áður hefur Óttar hefur gefið út bækurnar, Frygð og fornar hetjur og Hetjur og hugarvíl um geðræn vandamál í Íslendingasögum auk fjölda annarra bóka.

240 bls.

Skrúdda

IB

**Stærðfræði 3A**

vigrar – hornaföll – þríhyrningar – hringir – ákveður – stíkur

Gisli Bachmann og Helga Björnsdóttir

Bókin er hluti af nýjum kennslubókaflokki í stærðfræði fyrir framhaldsskóla. Hún er ætluð nemendum á 3. þrepi (fyrsta áfanga). Áður hafa komið út Stærðfræði 1 (fyrir nemendur sem hafa ekki hlotið nægan undirbúning fyrir nám á 2. þrepi) og Stærðfræði 2A og 2B (fyrir nám á 2. þrepi (fyrsta áfanga).

136 bls.

ÍÐNÚ útgáfa

GOR

**Sögur handa Kára**

Ólafur Ragnar Grímsson

Lesari: Ólafur Ragnar Grímsson

Ólafur Ragnar Grímsson segir sögur af fólki og atvikum víða um veröld.

🔊 8:45 klst.

Storytel

HLB



Sögusagnir

Þrjú tínamótaverk og einu betur

Jón Karl Helgason

Eftir lok síðari heimsstyrjaldar komu út þrjú skáldverk sem mörkuðu tímamót í íslenskum bókmenntum og jafnvel upphaf samtíma okkar. Þetta voru *Vikivaki* eftir Gunnar Gunnarsson, *Eftir örtuttan leik* eftir Elías Mar og *Uppstigning* eftir Sigurð Nordal. Í *Sögusögnum* fjallar Jón Karl Helgason um einkenni þessara verka, stöðu þeirra í bókmenntasögunni og tengir þau við skrif erlendra skálda.

280 bls.

Dimma

SVK



Sönn íslensk sakamál S1-S4

Sigursteinn Másson

Lesari: Sigursteinn Másson

Sjónvarpsþættina *Sönn íslensk sakamál* þekjja flestir Íslendingar en Sigursteinn Másson gegndi hlutverki þular þessara feikivinsælu þátta, ásamt því að vera umsjónarmaður og handritshöfundur þeirra í upphafi.

Nú hafa *Sönn íslensk sakamál* öðlast nýtt líf í hljóðbókarformi Storytel Original og í þessum spennuþrungnu seríum fer Sigursteinn yfir bæði ný og gömul mál þar sem ekki eru öll kurl komin til grafar. Þrjár seríur hafa komið út á árinu og er fjórða sería væntanleg skömmu fyrir jól. Ekki missa af þessum!

▶ 18:00 klst.

Storytel



HLB



The Little Book of Days in Iceland


Alda Sigmundsdóttir

Í þessari bók, sem er hluti af hinni vinsælu og rómuðu „Little Books“ bókaröð, eru hátíðisdagar okkar Íslendinga og aðrir árstíðabundnir síðir til umfjöllunar í máli og myndum. Bókin er jafnframt dagatalsbók sem hægt er að nota sem stutta dagbók, til áminningar og fleira. Tilvalin gjöf fyrir vini eða ættingja erlendis, eða erlenda vini hérlendis.

144 bls.

Enska textasmiðjan

SVK



The Little Book of the Icelanders at Christmas

Alda Sigmundsdóttir

Í þessari myndskreyttu bók, sem er hluti af hinni vinsælu „Little Books“ bókaröð, lýsir Alda Sigmundsdóttir í léttum og skemmtilegum dúr jólavendum okkar Íslendinga frá byrjun Aðventunnar til lok Þrettándans. Smákökubakstur, jólahlaðborð, skótuveislur, jólasveinar, Gamlárskvöld, flugeldar og margt fleira. Tilvalin gjöf fyrir vini eða ættingja erlendis, eða erlenda vini hérlendis.

136 bls.

Enska textasmiðjan

IB



Til hnífs og skeiðar

Greinasafn um íslenska matarmenningu

Ritstj.: Brynhildur Ingvarsdóttir og Örn D. Jónsson

Bókin hefur víða skírskotun og höfðar til almennings, áhugasólks um mat og matarmenningu jafnt sem fræðimanna. Hún fjallar um færni, fjölbreytni og hugvit og hvernig íslensk matargerð og hérlendar aðstæður hafa skapað verðmæti sem sífellt koma á óvart, velja athygli, jafnvel undrun.

250 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Tíðni orða í tali barna

Jóhanna Thelma Einarsdóttir, Anna Lísa Pétursdóttir og Íris Dögg Rúnarsdóttir

Fyrsta bók sinnar tegundar á Íslandi um tíðni orða í talmáli barna. Hún sýnir hvaða orð börnum er tamast að nota þegar þau tjá sig á íslensku í samræðum við fullorðna. Orðtíðni bókinn er framlag til að auka þekkingu á málfærni barna sem tala íslensku. Henni er ætlað að nýtast við kennslu á grunnorðum í íslensku fyrir börn með málþroskaröskun og börn af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku.

534 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Tíu skref

í átt að innihaldsríku lífi

Bergsveinn Ólafsson

Fyrir nokkrum árum ákvað knattspyrnumaðurinn og sálfræðinemi Bergsveinn Ólafsson að setjast niður og kortleggja á tveimur vikum hvað einkenni innihaldsríkt líf. Ekki leið á löngu uns hann áttaði sig á að þetta yrði mögulega stærsta verkefni hans í lífinu. „Skyldulesning fyrir fólk á öllum þroskastigum lífsins.“ Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor.

214 bls.

Sögur útgáfa

SVK



Trú og þjóðfélag

Afmælisrit til heiðurs Pétri Péturssyni prófessors


Ritstj.: Bjarni Randver Sigurvinsson, Egill B. Hreinsson og Jónas Elíasson

Hér kennir margra grasa enda endurspeglar ritið breitt rannsóknar- og áhugasvið afmælisbarnsins sem lokið hefur háskólaþrófum í félagsfræði og guðfræði. Greinar um afbrotafræði, kristna siðfræði, stöðu, sögu og starfsemi kristinnar kirkju, bókmenntir, tónlist, listfræði og áfengisneyslu í senskum söfnuðum auk greinar í anda Þýpágorasar.

300 bls.

Háskólaútgáfan


SVK



Bækurnar heim

bóksala.stúdentu

www.boksala.is



Tröllasaga tuttugustu aldarinnar

Arthur R. Butz

Fyrir tæpri hálfri öld, 1972, tók höfundur þessarar bókar, bandarískur háskólaþáttur og rafmagnsverkfræði og mikill áhugamaður um sögu seinni heimsstyrjaldarinnar, að velta fyrir sér:

En hvað með þessa „Helför“? Heilar 6 milljónir manna myrtar á grimmilegan hátt í „gasklefum“..., er þetta nú ekki dálítið orðum aukið? Með vísindalegum vinnubrögðum hefst Arthur Butz handa við að rekja sig eftir atburðarás stríðsáranna en vísar jafnframt skjalafalsi, áróðri, ýkju- og skróksögum miskunnarlaust á bug og kemst loks að rökréttri niðurstöðu sinni í bókarlok.

556 bls.

Betaiota

SVK



Tvímælis

Heimspæki menntunar og skólakerfi nútímans

Atli Harðarson

Til hvers eru skólar? Geta yfirvöld stjórnað þeim? Bætur aukin skólaganga efnahagsleg kjör okkar? Gerir hún okkur að betri mönnum? Í þessari bók eru færð rök fyrir því að hugsunarleysi um spurningar sem þessar ali af sér afglöp í stjórn og uppbyggingu skólafarfa.

174 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Undir yfirborðinu

Norska laxeldisveintýrið – lærdómur fyrir Íslendinga?

Kjersti Sandvik

Þýð.: Magnús Þór Hafsteinnsson

Norsk stórfyrirtæki hasla sér nú völl í laxeldi á Íslandi og beita sömu eldisaðferðum hér og í Noregi. Í þessari bók segir norskri blaðamaðurinn Kjersti Sandvik sögu norska laxeldisveintýrisins og lýsir kostum þess og göllum.

Þetta er bók sem enginn áhugamaður um þjóðfélagsmál, atvinnulíf og hreina íslenska náttúru getur látið fram hjá sér fara.

398 bls. / 🎧 8:31 klst.

Ugla

KIL HLB

Hljóðbók frá Storytel



Uppreisn Jóns Arasonar


Ásgeir Jónsson

Jón Arason hóf vopnaða uppreisn gegn Dönnum 1548 með stuðningi Hamborgarmanna. Dr. Ásgeir Jónsson fer hér yfir ævintýralegt lífshlaup Jóns biskups og setur uppreisn hans í samhengi við átök Þjóðverja og Dana á þessum tíma. Hver hefðu örlög Íslands orðið hefði Jón sigrað eða samið við konung? Vildi hann koma landinu undir Þýskalandskaisara. Hvað kostuðu siðskiptin Ísland?

144 bls.

Almenna bókafélagið

IB



Úr hugarheimi séra Matthíasar

Gunnar Kristjánsson

Þjóðskáldið séra Matthías Jochumsson setti ríkan svip á samtíma sinn. Matthías fylgdist vel með hugmyndafræðilegum hræringum erlendis. Í þessari fróðlegu bók er fjallað um áhrifavalda Matthíasar og staðnæmst m.a. við hina gróskumiklu hreyfingu guðfræðinga og bókmenntamanna á austurströnd Bandaríkjanna sem þekkt er undir heitinu „transendentalismi“.

300 bls.

Ugla

IB



Útkall á ögurstundu

Óttar Sveinsson

Mánuði eftir að Gjafar VE 300 flytur 430 manns frá Heimaey við upphaf eldgossins strandar hann í foráttubrimmi við Grindavík. Áhöfnin berst upp á líf og dauða. Áratug síðar lendir eigandi bátsins og 14 manna áhöfn hans á Sæbjörgu VE 56 aftur í stórkostlegri lífshættu þegar báturinn strandar á Hornafirði. Útkallsbækurnar hafa nú í 27 ár verið eitt vinsælasta lefni Íslendinga.

240 bls.

Útkall ehf.

IB



Vá!

Ritgerðir um fagurfræði náttúrunnar

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

Hvers vegna segjum við: „Vá!“ frammi fyrir ægifygru landslagi? Hvað meinum við með því? Hvernig getum við rætt um slíka upplifun og þar með rökstutt verndun náttúruferunda? Í ritgerðunum í þessari bók er leitast við að svara þessum spurningum með greiningu á þeim upplifunum, hugtökum og orðræðu sem vekja þær.

180 bls.

Háskólaútgáfan

SVK



Vegahandbókin

Steindór Steindórsson

Vegahandbókin er lykillinn að landinu og því frábær jólagjöf. Í máli, myndum og með kortum vísar bókin til vegar. Gildir þá einu hvort staðirnir koma fyrir í fornsögum, þjóðsögum eða sögu síðustu áratuga, sagan er rakin og sérkennum lýst.

Bókin er líka í snjalltækjaútgáfu (Appi). Í henni er að finna alla þá staði sem eru í bókinni ásamt þúsundum þjónustuaðila um allt land. Ítarleg kort eru í bókinni af öllu vegkerfi landsins. Þá er í henni ítarlegur hálendiskafli og sérstök 24 síðan kortabók og fleira og fleira.

608 bls.

Útkall ehf.

IB



Verkefnastjórnun

og verkferið MS Project

Eðvald Möller

Verkefnastjórnun snýst um tíma- og kostnaðarstýringu, breytingastjórnun, fjármálastjórnun og mannaútsjórnun. Verkefnastjórnun þarf að vera gæddur ákveðnum kostum, ekki síst sterkum leiðtogaáhersluleikum, og geta náð fram því besta í fólki. Þessi bók hjálpar þér að verða betri verkefnastjóri og ná markmiðum þínum. Með því að lesa hana og leysa þau verkefni sem þar er að finna eykst skilningur þinn á faginu og færni í að nýta þér verkfæri verkefnastjórnunar.

298 bls.

Háskólaútgáfan

GOR



Vestmannaeyjar

Af fólki og fuglum og ýmsu fleiru


Sigurgeir Jónsson

Hér fjallar Sigurgeir um æskulóðir sínar í byggðinni fyrir ofan hraun í Vestmannaeyjum og fólkið sem þar bjó, s.s. kynni sín af sérstæðum persónum eins og séra Halldóri Kolbeins, Nýju í Suðurgarði og Munda í Draumbæ. Einnig fjallar hann um eftirminnilega félag á lífsleiðinni, t.d. Bjarnhédin Elíasson, Sævar í Gröf, ÁSa í Bæ og Guðmund kantor. Övenjulegt brúðkaupsferðalag þeirra hjóna, Sigurgeirs og Katrínar, ber á góma og jólahald á Kleppi, þar sem hann starfaði á námsárum sínum. Er þá fátt nefnt

250 bls.

Bókautgáfan Hólar

IB



Íslenskir ræktunarhættir

Yrkja vildi eg jörð

Bjarni Guðmundsson

Í bókinni segir frá íslenskum jarðræktarháttum. Fjallað er um vinnubrögð og verkfæri til ræktunar fóðurs fyrir búfé, sum séríslensk en önnur erlend, löguð að hérlendum aðstæðum. Bjarni Guðmundsson, fv. prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur áður skrifað um þróun landbúnaðarins, má þar nefna Íslenskir sláttuhættir og Íslenskir heyskaparhættir. 397 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB

**Það sem ég hef lært**

Anna Lóa Ólafsdóttir

Bókin *Það sem ég hef lært* er fyrsta bók Önnu Lóu Ólafsdóttur. Hún hefur s.l. ár skrifað pistla og birt á netsíðu og Facebook undir nafninu Hamingjuhornið. Bókin, sem er bæði innihaldsrík og falleg, er byggð á þessum skrifum hennar en í henni fjallar Anna Lóa fjallar um hamingjuna, sorgina, ástina, sambönd, breytingar, sjálfstraust, kvíða ofl. 178 bls.

Anna Lóa Ólafsdóttir

IB

**Þegar heimurinn lokaðist***Petsamo-ferð Íslendinga 1940*

Davíð Logi Sigurðsson

Árið er 1940 og heimurinn er vígvöllur. Víða um lönd eru Íslendingar sem þrá að sigla heim en komast hvergi. Loks samþykkja Þjóðverjar og Bretar að senda megi skip til að sækja Íslendinga í einni ferð. – Þetta er sagan af fólkinu sem lagði í sögulega hættuför og sigldi út á haf þar sem tundurdufl og kafbátar leyndust. 320 bls.

Sögur útgáfa

IB

**Þegar karlar stranda***- og leiðin í land*

Sírý Arnardóttir

Í bókinni er að finna viðtöl við karlmenn á ólíkum aldri og af ýmsu tagi sem eiga það allir sameiginlegt að hafa strandað í lífinu og upplifað verulega vanlíðan. Þeir gátu ekki unnið og voru við það að sökkva. En þeir gripu til aðgerða, fóru að vinna í sínum málum og komust í land. 215 bls.

Veröld

SVK RAF

**Þjóð gegn sjálfsvígum***Sjálfsvígsfræði*

Wilhelm Norðfjörð

Árlega eiga sér stað 30-50 sjálfsvíg á Íslandi og að aukri reyna margir að svipta sig lífi. Þetta er ástand sem ekki er hægt að una við. Fækkun sjálfsvíga krefst samstöðu þjóðar og fræðslu um málefnið. Um það fjallar þessi bók. Sjálfsvígsatferli, sjálfsvígsaðferðum og áhættuþáttum sjálfsvíga eru gerð skil og fjallað um kenningar, rannsóknir og meðferðarleiðir ásamt tölulegum upplýsingum um sjálfsvíg. Lögð er áhersla á umfjöllun um fyrirbyggjandi aðgerðir. 160 bls.

Bókaútgáfan Sæmundur

IB

**Þættir úr sögu lyfjafræðinnar á Íslandi frá 1760**

Hilma Gunnarsdóttir

Í þessu vandaða riti er rakin saga lyfjagerðar og lyfsölu hér á landi í tvær og hálfra öld. Bókin er rituð í samstarfi Lyfjafræðingafélags Íslands, Háskóla Íslands og Lyfjafræðisafnsins, og veitir einstaka og oft og tíðum skemmtilega innsýn í fortíðina. Mikill fengur fyrir íslenska lyfjafræðinga og allt áhugafólk um heilbrigðis- og samfélagssögu. 334 bls.

Forlagið – Iðunn

IB

**Þökk til þín**

Áslaug Björt Guðmundardóttir

Þakklæti hefur stundum verið kallað uppspretta lífshamingjunnar. Margar leiðir eru færar til að auka tilfinningu þakklætis í daglegu lífi og læra að tjá það í orðum og verki. Í þessari fallegu verkefnabók finnur þú fjölbreyttar þakklætisæfingar og verkefni og getur skráð þína eigin þakklætisbók. Æfingarnar er hægt að iðka einn eða með öðrum, t.d. maka, vinum eða börnum. 143 bls.

Áslaug Björt Guðmundardóttir

IB


**Öryggi þjóðar**

Sigurður E. Guðmundsson

Í þessu riti fjallar Sigurður E. Guðmundsson (1932–2019) um helstu þætti í sögu velferðarmála á Íslandi og nágrannalöndunum 1887–1947. Sigurður starfaði lengst af sem framkvæmdastjóri Húsnæðisstofnunar ríkisins. Bókin er mikilsvert og fróðlegt framlag til íslenskrar félags- og stjórnmálasögu. 496 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

IB




Komdu til okkar á Háskólatorg eða pantaðu á www.boksala.is

bóksala stúdenta

Nýsmurð vefverslun

Útivist, tómstundir og íþróttir



100 Drekkaskutlur – Brjótta blað og fljúgðu af stað

Einastaklega litrík skutlubók
Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Hér færðu tækifæri til að koma þér upp eigin flugflota og senda á loft ógnvekjandi her eldspúandi drekaflauga til árása á óvininn. Þú getur valið um 100 síður sem auðvelt er að losa úr bókinni og brjóta saman í skutlur. *Bók fyrir krakka á öllum aldri.*

108 bls.
Setberg

IB EÚT




Bandaríkin hjóluð

Jón Guðmundsson

Frá Janúar til Mars 2020 hjólaði ég þvert yfir Bandaríkin frá Flórída til Californíu. Leið sem er kölluð The Southern Tier. Ég lenti í allskonar ævintýrum á leiðinni. Bókin er með myndum af náttúrunni teknar á leiðinni.

192 bls.
Jón Eggert Guðmundsson

SVK RAF



Bókapakki – Leikum og lærum

4 afþreyingarbækur saman í pakka

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

4 frábærar bækur til að læra og ná árangri með leik og skemmtilegum verkefnum.

Bækurnar sem eru í pakkanum eru eftirfarandi: 100 Drekkaskutlur, Frádráttur, Samlagning og Litli ferðafélaginn.

Góðar afþreyingarbækur fyrir börn frá fjögurra ára aldri.

Setberg

IB



Bókapakki – Leikum og lærum

4 afþreyingarbækur saman í pakka

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

4 frábærar bækur til að læra og ná árangri með leik og skemmtilegum verkefnum.

Bækurnar sem eru í pakkanum eru eftirfarandi: Spádómsgoggar, Frádráttur, Samlagning og Litli ferðafélaginn.

Góðar afþreyingarbækur fyrir börn frá fjögurra ára aldri.

Setberg

IB



Dýrin í skóginum – Litað með vatni!

Fræðandi töfralitabók og afþreying um dýrin fyrir listræn börn

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Í þessari fræðandi töfralitabók geturðu framkallað litríkar dýramyndir, aðeins með því að strjúka vatni yfir þær. Þegar þær þorna er hægt að lita þær aftur og aftur. *Góð bók fyrir börn frá þriggja ára aldri.*

56 bls.

Setberg

IB



Fánar – Límmiðabók

Fræðandi límmiðabók með fánum

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Lærðu að þekkja alla þjóðfána heims með því að líma þá á rétta staði á kortinu. Hér er um fleiri en 190 fána að velja.

Góð og fræðandi afþreying fyrir börn á öllum aldri.

24 bls.

Setberg

IB EÚT



101 Austurland

Gönguleiðir fyrir alla

Skúli Júlíusson

Nákvæmar og myndskreyttar lýsingar á skemmtilegum gönguleiðum á Austurlandi sem henta fyrir alla fjölskylduna. Í bókinni eru kort, upplýsingar um hækkan, göngutíma, vegalengd, gps-hnit og allt sem göngufólk þarf að vita áður en lagt er af stað.

Skúli Júlíusson hefur starfað sem fjallaleiðsögumaður á Austurlandi frá árinu 2009.

221 bls.

Bókstafur

SVK



Hrein karfa

Kjartan Atli Kjartansson

Lífandi og skemmtileg bók, stútfull af myndum, fyrir allt áhugafólk um körfubolta. NBA-deildinni eru gerð góð skil sem og íslenskum körfubolta. Ungir iðkendur fá ráð frá besta körfuboltafólki þjóðarinnar fyrr og síðar. Kjartan Atli er umsjónarmaður Domino's körfuboltakvölds sem fékk Edduverðlaunin sem sjónvarpsefni ársins 2019.

160 bls.

Sögur útgáfa

IB



Hvað veistu um fótbolta?

Gauti Eiríksson

Frábær spurningabók fyrir alla þá sem hafa áhuga á fótbolta. Spurningunum er skipt í þrjá flokka: léttar, miðlungs og erfiðar spurningar. Fjölmar gar ljósmyndir prýða bókina.

84 bls.

Óðinsauga útgáfa

KIL



Íslensk knattspyrna 2020

Víðir Sigurðsson

Ómissandi bók í safn alls knattspyrnuáhugafólks. Allt frá árinu 1981 hefur Víðir Sigurðsson haldið úti gríðarlegri heimildavinnu um íslenska knattspyrnu. Sú vinna hefur nú skilað sér í 40 bókum á 40 árum og er ljóst að þetta stórkostlega afrek Víðis á sér enga hliðstæðu. Hér má finna allt um íslenska knattspyrnu árið 2020, auk fjölda glæsilegra ljósmynda.

272 bls.

Sögur útgáfa

IB



Íslenskir vettlingar

25 nýjar útfærslur á gömlum mynstrum

Guðrún Hannele Henttinen

Myndir: Gígja Einarsdóttir

Uppskriftirnar í þessari bók eru nýjar útfærslur á vettlingum frá 19. og 20. öld sem varðveittir eru á Heimilisíðnaðarsafninu á Blönduósi. Áhersla er lögð á að hafa úrvalið fjölbreytt, bæði í mynsturgerð og prjontækni, svo hér geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Bókin er einnig fánæg í enski þýðingu.

272 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Liverpool

Flottasti klúbbur í heimi

Illugi Jökulsson

Liverpool hafði ekki unnið meistaratilinn í 30 ár. Aðdáendur voru orðnir vonlitlir en þá kom Þjóðverjinn Jürgen Klopp til skjalanna og setti á nokkrum árum saman eitt öflugasta fótboltalið sögunnar. Hér segir frá öllum stjórnunum sem tóku þátt í hinni mögnuðu sigurgöngu og jafnframt gömlum hetjum. Liverpool er sannarlega „meira en bara fótboltalið“.

64 bls.

Sögur útgáfa

IB



Órigamí – Japönsk pappírlist

100 skrautblöð og 5 forngerðir

Þýð.: Baldur Snær Ólafsson

Í bókinni eru 100 blöð sem auðvelt er að losa og brjóta saman í fingerð origamí pappírslíkön. Einfaldar leiðbeiningar með skýringarmyndum sýna hvernig hægt er að breyta þessum litríku og skrautlegu blöðum í falleg listaverk.

Góð afþreying fyrir alla.

102 bls.

Setberg

IB EÚT



Prjónadagbókin mín

Bylgja Borgþórsdóttir og Esther Ósp Gunnarsdóttir

Prjónadagbókin mín er persónuleg og falleg prjónaminingabók. Í bókina getur þú skráð þín prjónaverk á skemmtilegan hátt og búið til fallega og hagnýta skráningu á þeirri miklu vinnu og ást sem lögð er í hvert verk.

124 bls.

Gjallarhorn

SVK



Prjónað á mig og mína

Lene Holme Samsøe

Þýð.: Ásdís Sigurgestsdóttir og Guðrún B. Þórsdóttir

Fjölbreyttar og fallegar prjónaflíkur fyrir konur og 1–12 ára krakka. Í bókinni eru 40 uppskriftir, m.a. af sléttprjónuðum peysum og peysum með laufamunstri og lögð er áhersla á að frágangurinn taki sem minnstug tíma. Áður hafa komið út bækurnar *Prjónað af ást* og *Prjónastund* eftir sama höfund og notið mikilla vinsælda hér á landi.

193 bls.

Forlagið – Vaka-Helgafell

IB



Sá stóri, sá missti og sá landaði

Sigurður Héðinn

Myndir: Sigurður Héðinn

Myndskr.: Sól Hilmarsdóttir

Bók fyrir allt áhugafólk um laxveiði, bæði byrjendur og lengra komna. Sigurður Héðinn, hinn landsþekkti veiðimaður, fer nákvæmlega yfir hvernig stórlaxinn tekur fluguna og skoðar líka veiðitækni og veiðigræjur. Að sjálfsögðu fylgja fjölmargar veiðisögur auk þess sem í bókinni er stórglæsilegur flugukafli, með bæði uppskriftum og myndum.

146 bls.

Drápa

IB



Strandvegagangan: Ferðabók Jóns Eggerts og Sigfúsar

Jón Guðmundsson og Sigfús Austfjörð

Sumrin 2005 og 2006 gekk Jón Eggert Guðmundsson Strandvegahringinn í kringum Ísland alls 3446 km hring sem er lengsti hringur sem hægt er að fara á þjóðvegum merktum frá vegagerð ríkissins. Þetta hefur aldrei verið gert áður. Þetta er ferðasaga skrifuð af Sigfúsi Austfjörð sem var bílstjóri Jóns.

162 bls.

Jón Eggert Guðmundsson

SVK RAF



UNA prjónabók

hlýtt og mjúkt fyrir börn, fullorðna og hunda

Sjófn Kristjánsdóttir og Salka Sól Eyfeld

Þessi undurfagra prjónabók er samstarfsverkefni vinkvænna Sjafnar og Söllu Sólar. Sjófn hefur prjónað allt sitt líf en Salka tók fyrst upp prjónana fyrir um ári. Þær ákváðu að prjóna saman eina flík, sem varð að heilli línu – sem varð svo að þessari fallegu bók. Einkar hentug fyrir algjöra byrjendur en reynsluprjónarar verða ekki sviknir, ónei!

160 bls.

Sögur útgáfa

SVK



Þjálffræði

Asbjörn Gjerset, Per Holmstad, Truls Raastad, Kjell Haugen og Rune Giske

Þýð.: Anna Dóra Antonsdóttir

Bókin fjallar um ýmsar hliðar líkamspjálfunar og er undirstöðurit í íþróttfræðum. Hún er ætluð fyrir nám á íþróttabrautum framhaldsskóla og sem kennsluefni í þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar. Hún er unnin í nánú samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands.

589 bls.

ÍÐNÚ útgáfa

SVK

Eydis Mary Jónsdóttir: <i>Íslenskir matþörungar</i>	63	Gylfi Dalmann Aðalsteinsson (Ritstj.): <i>Rannsóknir í viðskiptafræði I</i>	66	Hulda Sigrún Bjarnadóttir: <i>Blokkinn á heimsenda</i>	13
Eygló Jónsdóttir: <i>Samhengi hlutanna</i>	32	Gýrðir Eliasson: <i>Draumstol</i>	45	Höglund, Anna: <i>Umskiptin</i>	12
Eyja Margrét Brynjarsdóttir: <i>Frumgerðir og eftirmyndir</i>	60	Halla Birgisdóttir: <i>Tók ég eftir því þá eða tók ég eftir því eftirá?</i>	55	Höskuldur Þrafnsson o.fl. (Ritstj.): <i>Faroese</i>	59
Eyrún Ósk Jónsdóttir: <i>Guðrúnarkviða</i>	41	Halla Þóraug Óskarsdóttir: <i>Pagnarbindindi</i>	49	Þunn Arna (Myndlysing): <i>Brásól Brella, – Geggjað ósanngjarnt!, – Prumpusamloka</i>	13
Eyþór Jónsson: <i>Sundkyrín Sæunn</i>	11	Hallbera Friður Jóhannsdóttir: <i>Á ferð og flugi með ömmu í Akrafalli</i>	13	Þunn Steinsdóttir: <i>Snuðra og Tuðra fara í sund, – Snuðra og Tuðra í jólastapi</i>	10
Fannar Gilbertsson (Myndskr): <i>Landverðirnir</i>	17	Halldór Armand: <i>Bröðir</i>	27	Þuggi Jökullsson: <i>Liverpool</i>	73
Fanney Sizemore (Myndskr): <i>Ég er kórónuveiran!</i>	5	Halldór Baldursson (Myndskr): <i>Fíasól og furðusaga, – Þunn og afi þönk</i>	14	Inga Dagný Eydal: <i>Konan sem datt upp stigann – saga af kulnun</i>	63
Faye, Gaël: <i>Litla land</i>	39	Halldór S. Guðmundsson (Ritstj.): <i>Af neista verður glöð</i>	57	Inga Kristjáns: <i>Ílverk</i>	30
Ferrante, Elena: <i>Lygalíf fulloröðinna</i>	39	Halldór Laxness: <i>Atómstöðin</i>	26	Ingibjörg Sigurðardóttir: <i>Sjálfi í sviðsljósi</i>	67
Finnur Torfi Hjörleifsson: <i>Heiman heim</i>	53	Halldór Pétursson: <i>Íslensku dýrin, – Vísnaðabókin</i>	7	Ingileif Friðriksdóttir: <i>Vertu þú!</i>	12
Flood, Helene: <i>Þerapistinn</i>	43	Halldóra Sigurðardóttir: <i>Dauði egósins</i>	59	Ingimundur Gíslason: <i>Úr hugarýfslgnum augnlækis</i>	55
Floath, Isabelle (Myndir): <i>Ókinding og Bethany</i>	19	Halldóra Kristín Thoroddsen: <i>Tvöfalt gler</i>	34	Ingvar Jónsson: <i>Hver ertu og hvað viltu?</i>	62
Freydis Kristjánsdóttir (Myndir): <i>Hetja, – Sundkyrín Sæunn</i>	16	Hallgrímur Helgason: <i>Við skjótum tituprjónum</i>	49	Ingi Þór Kormásson: <i>Stigið á strik</i>	33
Fríðrik Halldór Brynjólfsson (Lesari): <i>Hin konan</i>	38	Hallveig Kristín Eiríksdóttir (Myndir): <i>Strá</i>	33	Íris Tanja Flygenring (Lesari): <i>Blöðhefn, – Hvítidauði, – Uglan drepur bara á nóttunni</i>	35
Fríðrik Sólmes: <i>Andspænis</i>	50	Hancock, Anne Mette: <i>Eplamaðurinn, – Ótti markmannsins við vítaspyrnu</i>	36	Íris Dögg Rúnarsdóttir: <i>Tíðni orða í tali barna</i>	42
Fritz Már Jørgensen: <i>Drottningin</i>	28	Hanna Sif Hermannsdóttir: <i>Ég elska mig</i>	40	Ívar Gissurarson (Myndir): <i>Hulduheimar Huldufólksbyggðir á Íslandi</i>	69
Galbraith, Robert: <i>Silkiormurinn</i>	40	Haraldur Ari Stefánsson (Lesari): <i>Hvítidauði</i>	5	Jacobsen, Roy: <i>Hvitt haf</i>	62
Garibaldi: <i>Helgustur</i>	46	Haridi, Alex: <i>Jól í múmindal, – Sögur úr múmindal</i>	18	Jacobsen, Anders: <i>Dagbækur Berts – sería</i>	38
Gauti Eiríksson: <i>Hvað veistu um fótbolta?</i>	46	Harper, : <i>Fuglar í búri</i>	18	Jakob F. Ásgeirsson: <i>Jóhannes Einarsson</i>	24
Gerður Kristný: <i>Þunn og afi þönk</i>	72	Harper, Jane: <i>Ógnarhiti</i>	37	Jakob F. Ásgeirsson: <i>Jóhannes Einarsson</i>	54
Giske, Rune: <i>Þjálffræði</i>	73	Haugen, Kjell: <i>Þjálffræði</i>	39	Jansson, Tove: <i>Ég njóсна með Múmínskádanum, – Jól í múmindal, – Múmínskádan og vorundrið, – Ósýnilega barnið og aðrar sögur / Eyjan hans múmínabba / Seint í nóvember, – Sumarbókin, – Sögur úr múmindal</i>	5
Gígja Einarisdóttir (Myndir): <i>Íslenskir vettlingar</i>	73	Haukur Ingvarsson (Ritstj.): <i>Skirnir – Timarit HÍB</i>	73	Johnson, Bea: <i>Engin sóun</i>	18
Gísli Bachmann: <i>Stærðfræði 3A</i>	68	Haukur Þorgeirsson (Ritstj.): <i>Gripla XXX</i>	68	Jonsson, Henrik (Myndskr): <i>PAX 4</i>	9
Gísli Rúnar Jónsson: <i>Gervilimur Gísla Rúnars</i>	45	Heiðis Guðbjörg Gunnarsdóttir (Myndir): <i>Sumac</i>	61	Jóhann Kristjánsson: <i>Stund um stund</i>	32
Gísli Pálsson: <i>Fuglinn sem gat ekki flogið</i>	60	Heikkilá, Cecilia (Myndir): <i>Jól í múmindal, – Sögur úr múmindal</i>	56	Jóhanna Thelma Einarisdóttir: <i>Tíðni orða í tali barna</i>	48
Gjerset, Asbjørn: <i>Þjálffræði</i>	73	Heinrich, Finn-Öle: <i>Ótrúleg ævintýri Brjálínu Hansen 3</i>	18	Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir (Ritstj.): <i>Landsnefndin fyrri. Den islandske Landkommission 1764–1771, V</i>	69
Gliver, Rose: <i>Vegan – Eldhús grænkerans</i>	56	Helen Cova: <i>Sjálfát</i>	19	Jóhanna Steingrimsdóttir: <i>Segðu það steininum</i>	18
Gotthart, Peter: <i>5 mínútna ævintýri</i>	3	Helga Valdis Árnadóttir (Myndir): <i>Hingað og ekki lengra!</i>	32	Jóhanna Vilhjálmssdóttir: <i>Heilsubók Jóhönnu</i>	64
Grandesso, Stefano (Samant.): <i>Bertel Thorvaldsen</i>	3	Helga Björnsdóttir: <i>Stærðfræði 3A</i>	24	Jón Þáll Björnsson: <i>Lavander í vanda</i>	61
Gray, Mooreá (Ritstj.): <i>Two Lands, One Poet</i>	52	Helga Hilmisdóttir (Ritstj.): <i>Orð og tunga 22</i>	59	Jón Árni Friðjónsson: <i>Almanak HÍP ásamt Árbók</i>	31
Gríma Kamban: <i>Aldinmakið hefur klárast</i>	49	Helga Björg Kjerúlf (Myndir): <i>Heillaspor – gildin okkar</i>	22	Jón Óskar Sólmes: <i>Kórdrængur í Kaupmannahöfn</i>	57
Guðbjörg R. Jóhannsdóttir: <i>Vá!</i>	26	Helgi Jónsson: <i>Látur-Björg</i>	22	Jón Guðmundsson: <i>Bandaríkin hjóluð, – Strandvegagangan: Ferðabók Jóns Eggerts og Sigfúsar</i>	72
Guðjón Ingi Eiríksson: <i>Fótboltaspurningar 2020 – Síðti gull, – Spurningabókin 2020</i>	70	Helgi Konráðsson: <i>Bertel Thorvaldsen</i>	36	Jón Karl Helgason (Ritstj.): <i>Smásögur heimsins V, – Sögusagnir</i>	73
Guðjón Friðriks: <i>Samvinna á Suðurlandi I–IV</i>	22	Helgi Ólafsson: <i>Fríðrik Ólafsson</i>	68	Jón Hjaltason: <i>Fæddur til að fækka tárur. KÁINN</i>	41
Guðjón Ragnar Jónsson: <i>Kindasögur II</i>	51	Hendricks, Geer: <i>Hin konan</i>	65	Jón Óskar Sólmes: <i>Kórdrængur í Kaupmannahöfn</i>	69
Guðjón Ari Logason: <i>Náðu árangri – í námi og lífi</i>	63	Hera Guðmundsdóttir (Myndir): <i>Heillaspor – gildin okkar</i>	65	Jón Kalman Stefánsson: <i>Fjarvera þín er myrkur, – Þetta voru bestu ár ævni minnar, enda man ég ekkert eftir þeim</i>	28
Guðmundur S. Brynjólfsson: <i>Stáasta barnið</i>	65	Herbert, Frank: <i>Dúna</i>	22	Jón Thoroddsen: <i>Rigmarole and Flies</i>	49
Guðni Lindal Benediktsson: <i>Bráðum áðan</i>	32	Hiekkapelto, Kati: <i>Kólibrimörðin</i>	36	Jóna Valborg Árnadóttir: <i>Systkinabókin</i>	63
Guðný Anna Annasdóttir: <i>Lindis og kúlhusið, – Lindis strýkur úr leikskólanum, – Lindis vitjar neta</i>	24	Hildur Gestsdóttir (Ritstj.): <i>Minjaping</i>	38	Jónas Eliasson (Ritstj.): <i>Trú og þjóðfélag</i>	11
Guðný Árnadóttir: <i>Hugurinn einatt hleygur minn</i>	8	Hildur Knútsdóttir: <i>Hingað og ekki lengra!</i>	18	Jónas Reynir Gunnarsson: <i>Dauði skógur</i>	69
Guðrún Brjánsdóttir: <i>Sjálfstýring</i>	9	Hildur Loftsdóttir: <i>Hellirinn</i>	47	Jónas Hallgrímsson: <i>Stúlkan í turninum</i>	28
Guðrún Egilson: <i>Hugað upphátt</i>	9	Hill, Eric: <i>Depill á bókasafninu, – Depill, hvaða hljóð er þetta?</i>	16	Jónína Leósdóttir: <i>Andlitlausla konan</i>	20
Guðrún frá Lundi: <i>Á krossgötum, – Hrunrar vörður</i>	46	Hilma Gunnarsdóttir: <i>Þættir úr sögu lyfjafræðinnar á Íslandi frá 1760</i>	25	Júlí Ósk Antonsdóttir: <i>Fósturmissir</i>	26
Guðrún Alda Gísladóttir (Ritstj.): <i>Minjaping</i>	32	Hinrik Carl Ellertsson: <i>Íslenskir matþörungar</i>	15	Jörgen L. Pind: <i>Frá sál til sálar</i>	60
Guðrún Guðlaugsdóttir: <i>Hús harmleikja</i>	33	Hjalte Halldórssen: <i>Ofurhetjan</i>	15	Lene Kaaberbø: <i>Villinorm 4. Blóðkinding, – Villinorm 5. Fjandablið</i>	21
Guðrún Hannedóttir: <i>Spegilsjónir</i>	33	Hjálmar Árnason: <i>Ég er kórónuveiran!</i>	4	Kari Ósk Grétudóttir: <i>Les birki</i>	21
Guðrún Helgadóttir: <i>Gunnhildur og Glói</i>	33	Hjörleifur Hjartarson: <i>Hestar</i>	4	Karitas Hrunrar Pálsdóttir: <i>Árstíðir</i>	47
Guðrún Karls Helgadóttir: <i>Í augnhæð</i>	33	Hjörleifur Stefánsson: <i>Hvillit torf – tóm steypa</i>	4	Karl Petersson: <i>Íslenskir matþörungar</i>	26
Guðrún Hannele Henttinen: <i>Íslenskir vettlingar</i>	33	Hlín Agnarsdóttir: <i>Hilduleikur</i>	4	Karl Óskar Ólafsson (Ritstj.): <i>Makkabear</i>	63
Guðrún Eva Minervudóttir: <i>Eldri bækur Guðrúnar Evu Minervudóttur</i>	33	Holme Samsøe, Lene: <i>Prjónað á mig og mína</i>	4	Karl Sigurbjörnsson, biskup: <i>Bænabókin</i>	65
Guðrún Inga Ragnarsdóttir: <i>Plan B</i>	33	Holmstad, Per: <i>Þjálffræði</i>	4	Karlína Friðbjörg Hólm: <i>Rætur og þang</i>	58
Gunnar Þór Bjarnason: <i>Spænska veikin</i>	32	Horne, Sarah (Myndir): <i>Kalli breytist í grameðlu</i>	4	Katrín Tanja Davíðsdóttir: <i>Dóttir – leið mín til tveggja heimsmeistarattla</i>	47
Gunnar Theodor Eggertsson: <i>Drauma-Dísa</i>	51	Hrafnhildur Bragadóttir: <i>Loftslagsréttur</i>	4		
Gunnar Þorsteinn Halldórssen: <i>Takk</i>	24	Hrefna Róbertsdóttir (Ritstj.): <i>Landsnefndin fyrri. Den islandske Landkommission 1770–1771, V</i>	4		
Gunnar Helgason: <i>Barnaræninginn</i>	48	Hughes: <i>Fuglar í búri</i>	4		
Gunnar Hersveinn: <i>Heillaspor – gildin okkar</i>	13	Huginn Þór Grétarsson: <i>Brandarar og gátur 5, – Hrekkjusvín, – Ísbjörninn sem vildi gerast grænmetisæta</i>	4		
Gunnar Kristjánsson: <i>Úr hugarheimi séra Matthíasar</i>	22	Hugleikur Dagsson: <i>Andspænis</i>	4		
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir: <i>Berskjaldaður</i>	70				
Gunnlaugur Björnsson: <i>Almanak Háskóla Íslands 2021, – Almanak HÍP ásamt Árbók</i>	52				
Gunnsteinn Ólafsson: <i>Hjarta Íslands</i>	57				
Gústaf Þór Stolzenwald: <i>Vonarskarð</i>	62				
Gyða Skúladóttir Flinker: <i>Vigdís Jack</i>	34				

Katrín Júlíusdóttir: <i>Sykur</i>	33	Lykke, Nina: <i>Næsti!</i>	39	Óliver Þorsteinsson: <i>Í Hjarta Mín</i>	30
Kay, Elisabeth: <i>Sjú lygar</i>	41	Läckberg, Camilla: <i>Ofur-kalli og bakteríuskrimslíð, - Silfurvangir</i>	10	- <i>Jólasveinar nútímans,</i>	8
Keating, Thomas: <i>Leiðin heim</i>	64	Mackintosh, Claire: <i>Eftir endalokin</i>	40	- <i>Langafi minn Supermann</i>	17
Kerr, Philip: <i>Marsfjólurnar</i>	39	Madsen, Peter: <i>Gjafir guðanna</i>	36	Ólöf Vala Ingvarsdóttir: <i>Appelsínugili drekin</i>	3
Kharms, Daníel: <i>Gamlar konur detta út um glugga</i>	37	Magnussen, Grækaris Djurhuus: <i>Martröð í Mykinesi</i>	15	Óskar Árni Óskarsson: <i>Vatnaleiðin</i>	55
